

Í BLÍÐU OG STRÍÐU

Gunnar Helgason og Felix Bergsson
ræða 15 ára vináttu, æsku og útlönd



ALLA SUNNUDAGA

12
SÍÐUR

RE/MAX
Fasteignablað

www.remax.is - öflugur fasteignavefur

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

4. maí 2008 – 121. tölublað – 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

SUNNUDAGUR




STJARNAN SIGRADI

Stelpurnar í
Stjórnunni vorðu
Íslandsmeistarar til-
inn í Mýrinni í gær.

ÍPRÓTTIR 24

VEÐRIÐ Í DAG



VÆTUSAMT Í dag verður yfirleitt
austlæg átt, víðast 8-13 m/s en þó
hvasari með suðurströndinni og
sumstaðar norðvestan til. Rigning
eða skúrir um mestallt land þegar
líður á daginn. Hiti 6-14 stig.

VEÐUR 4

Tvær stofnanir gátu rökstutt innheimtu

Aðeins tvær stofnanir, af 44 opinberum stofnunum og fyrirtækjum, gátu rökstutt innheimtu seðilgjalda á fullnægjandi hátt. Neytendastofu er heimilt að beita stjórnvaldssektum að upphæð tíu milljónum króna vegna innheimtunnar.

NEYTENDAMÁL Íbúðalánasjóður og Lánastofnun íslenskra námsmanna voru einu stofnanirnar sem gátu vísað til fullnægjandi lagaheimilda fyrir innheimtu seðilgjalds í könnun Neytendastofu. Fjórutíu og tvær opinberar stofnanir og fyrirtæki sem innheimt hafa slíkt gjald gátu það ekki. Nítján þeirra hugðust ekki hætta henni og sex höfðu ekki tekið ákvörðun þegar fyrirspurn frá Neytendastofu var svarað.

Dórunn Anna Árnadóttir, sviðsstjóri neytendaréttarsviðs Neytendastofu, segir að þrátt fyrir að heimild til að leggja á stjórnvaldssektir gagnvart lögaðilum sé skýr, þá efist hún um að stofnunin muni þurfa að grípa til slíkrar heimildar. „Ég sé ekki að til þess komi að opinberar stofnanir og fyrirtæki haldi

áfram innheimtu seðilgjalds án lagaheimildar.“ Þórunn segir að ekki hafi verið tekin ákvörðun um hvað stjórnvaldssektirnar yrðu háar ef til kæmi. „Sektarhámarkið samkvæmt lögum er tíu milljónir króna en við höfum aldrei nýtt þá heimild. Ég get því ekki sagt til um hversu háar sektir yrðu í þessu tilviki.“

Þórunn segir að Neytendastofu hafi borist mikill fjöldi kvartana vegna innheimtu seðilgjalda en þær séu ekki síður vegna einkafyrirtækja en opinberra stofnana. „Opinberu fyrirtækin þurfa lagaheimild en aðrir geta lagt á slíkt gjald samkvæmt samningi.“ Viðskiptaráðuneytið hefur falið Neytendastofu að gera úttekt á innheimtuseðilgjaldaogsambærilegra

fylgikrafna á einkamarkaði, en viðskiptaráðherra hefur mælt til þess að af slíkrri innheimtu einkafyrirtækja verði látið.

Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra segir ljóst að óheimilt sé að bæta aukakröfu við aðalkröfu án sérstakrar heimildar. „Ef ekki verður látið af þessari gjaldheimtu mun Neytendastofa stíga næsta skref sem er að beita sektum. Þetta er óheimilt og við ætlum að stoppa þetta.“ Björgvin segir ekki viðunandi að nokkur fjöldi stofnana og fyrirtækja ætli ekki að láta af gjaldheimtunni. „Það verður ekki liðið. En kjarni málsins er sá að það sé skýrt gagnvart neytendum og fyrirtækjum hvaða gjaldtökuheimildir eru til staðar.“

- sh / sjá síðu 11



HAUKUR OG WENGER Hrúturinn Wenger fær stundum að fara í göngutúr með Hauki Guðjónssyni, eiganda sínum, um Vestmannaeyjabæ.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

Heitir eftir þjálfara Arsenal: Wenger í Vestmannaeyjum

VESTMANNAEYJAR „Ég held með Arsenal og er heiðursfélagi í Arsenal-klúbbnum,“ segir Haukur Guðjónsson, eigandi hrútsins Wengers, sem heitir eftir Arséne Wenger, þjálfara Arsenal.

Hrúturinn kom í heiminn í ágúst í fyrra, einmitt þegar Haukur var á leið út til Englands á fótbolta-leik. „Ég hef átt hrúta með skemmtilegum nöfnum eins og Clinton sem var sonur Móniku,“ segir Haukur. Á föstudag þurfti Wenger í rúningu og þá fengu þeir Haukur sér göngutúr um bæinn. „Hann hefur komið með mér í sjoppu og fengið ís, þetta er eins og hundur og er mikið gæfur.“ - ovd

Óvenjulegir tónleikar í Riyadh: Kynin hlusta á Mozart saman

SÁDI-ARABÍA, AP Þýskur kvartett flutti tónlist eftir Mozart á tónleikum í Riyadh, höfuðborg Sádi-Arabíu, á föstudagskvöld. Þetta var í fyrsta skipti sem vestræn klassísk tónlist er flutt þar opinberlega. Tónleikarnir voru ekki síður merkilegir fyrir þær sakir að kynin voru ekki aðskilin á áhorfendasvæðinu eins og tíðkast í Sádi-Arabíu, heldur fengu áhorfendur að sitja þar sem þeim sýndist.

- vp



PREFALT HÚRRA Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, tók í gær á móti Packard-forsetabíreið Sveins Björnssonar sem nýlega var endurgerð. Bíf reiðin er í eigu Þjóðminjasafnsins en verður geymd á Bessastöðum og notuð við sérstök tækifæri. Landsmenn mega búast við að sjá bíf reiðina á Þjóðhátíðardaginn 17. júní í sumar þegar forsetinn hyggst ferðast á hinni nýuppperðu glæsibíf reið. Sjá síðu 4.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Tvær unglingsstúlkur hafa kært séra Gunnar Björnsson, sóknarprest á Selfossi: Prestur grunaður um kynferðisbrot

LÖGREGLUMÁL Séra Gunnar Björnsson, sóknarprestur á Selfossi, óskaði í síðustu viku eftir tímabundinni lausn frá störfum eftir að hafa verið kærður fyrir kynferðisbrot gegn tveimur unglingsstúlkum. Stúlkurnar sem um ræðir eru sextán og sautján ára. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins ná meint brot Gunnars nokkur ár aftur í tímann og sömu heimildir herma að fleiri stúlkur íhugi nú að kæra.

Málið kom upp í byrjun síðustu viku. Þá barst lögreglunni á Selfossi erindi frá barnaverndaryfirvöldum og kærurnar



GUNNAR BJÖRNSSON

tvær bárust næstu daga þar á eftir. Lögreglan staðfestir að kærurnar hafi borist en vill lítið tjá sig um málið að öðru leyti. Rannsókn málsins er á frumstigi. Búið er að frumfyrirheyrja séra Gunnar og teknar verða ítarlegri skýrslur af stúlkunum tveimur eftir helgi.

Gunnar óskaði eftir hálfis árs leyfi frá störfum í fyrradag. Honum var veitt það og lét hann samstundis af störfum. Sóknarpresturinn á Eyrarbakka mun taka við verkefnum hans fyrst um sinn.

- sh

OPIÐ

til **20**
alla daga

HAGKAUP
Ein færð betra verð



Á SUNNUDÖGUM

Kringlan



Stefán, er búið að skjóta mikið á þig eftir að þú sóttir um?

„Nei, enda verð ég skotheldur embættismaður.“

Fríðarsinninn Stefán Pálsson hefur sótt um starf forstjóra nýrrar Varnarmálastofnunar.

Þyrla með tvo menn innanborðs nauðlenti skammt norður af Kleifarvatni:

Engan sakaði í nauðlendingu

SLYS Engan sakaði þegar lítil þyrla af gerðinni Schweizer-Hughes 300C nauðlenti skammt norðan við Kleifarvatn í hádeginu í gær. Tveir menn voru í þyrlunni. Ekki liggur fyrir hvað olli slysinu en menn frá Rannsóknarnefnd flugslysa könnuðu slystað í gær.

Þyrlan var í hefðbundnu útsýnisflugi þegar hún nauðlenti, að sögn Sindra Steingrímssonar, flugrekstrarstjóra hjá Þyrluþjónustunni sem á þyrluna. Sindri segir þyrluna líklega ónýta.

Lögregla sendi bíl af stað eftir að tilkynning barst um slysið en hann þurfti frá að hverfa þar sem

ekki var ökuþætt á staðinn, og því þurfti að senda þyrlu Landhelgisgæslunnar eftir mönnunum. Þeir voru báðir fluttir á slysaðeild til skoðunar en reyndust ómeiddir.

„Það er ekki skráma á mönnunum þannig að þetta gat ekki farið betur,“ segir Sindri. „Kúpan verndaði þá einmitt eins hún átti að gera.“

Sindri segir manninn sem flaug þyrlunni vera tiltölulega vanan. „Hann hefur verið hjá okkur í um ár og verður vonandi áfram þrátt fyrir þetta.“ Tækjastur fyrir tækisins mun vera vel tryggður en þó hefur líklega orðið eitthvert tjón, að sögn Sindra.



Á VETTvangi Ekki liggur fyrir hvað olli slysinu en Rannsóknarnefnd flugslysa kannaði slystað í gær.

Condoleezza Rice í Ísrael: Vill aðskilnað-armúrinn burt

Jerúsalem, AP Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, sagðist í gær ætla að reyna að fá Ísraela til að rífa niður aðskilnaðarmúrinn umdeilda sem þeir reistu til þess að verja sig árásum palestínskra hryðjuverkamanna.

Rice er í opinberri heimsókn í Ísrael og snæddi kvöldverð í gær með forsætisráðherranum Ehud Olmert. Heimsóknin er liður í áætlan ríkisstjórnar George W. Bush um að knýja fram árangur í friðarumleitunum á milli Ísraela og Palestínúanna áður en að ný ríkisstjórn tekur völdin í Bandaríkjunum á næsta ári.



MADELEINE MCCANN í gær var ár liðið frá því henni var rænt af hótélherbergi í Portúgal.

Ár liðið frá mannráni:

Málið er enn í rannsókn

PORTÚGAL, AP Minningarathafnir fóru fram í kirkjum í Portúgal og á Englandi í gær í tilefni af því að eitt ár var þá liðið frá því að Madeleine McCann, fjögurra ára breskri stúlku, var rænt af hótélherbergi í strandbænum Praia de Luz í Portúgal þar sem hún var í frí með fjölskyldu sinni. Alipio Ribeiro, lögreglu- maður sem fer fyrir rannsókn málsins, sagði að enn væri verið að afla sönnunargagna og fylgja eftir vísbendingum og því stæði ekki til að leggja rannsóknina niður að svo stöddu máli. Hann tók þó einnig fram að handtaka væri ekki enn í sjónmáli.

LÖGREGLUFRÉTTIR

Ekið á stúlku á Selfossi

Ekið var á unga stúlku við Lágengi á Selfossi um klukkan 19 í gær. Fylgdi ökumaðurinn stúlkunni heim og talaði við foreldrana. Stúlkun var flutt á slysaðeild Landspítalans. Lögreglan óskar eftir að ökumaðurinn og vitni gefi sig fram eða hringi í: 480 1010.

Hraðakstur við Borgarnes

Lögreglan í Borgarnesi tók níu öku- menn fyrir of hraðan akstur í gær. Sá sem hraðast ók var á 134 kílómetra hraða þar sem hámarkshraði er 90.

Kæra leiðsögumenn sem óku á fjallakofa

Ferðafélag Íslands kærir starfsmenn ferðaskrifstofu sem veltu jeppa á salernis- byggingu í Landmannalaugum og stungu af. Framkvæmdastjóri félagsins vill að tekið sé hart á vaxandi ölvunarakstri á hálendinu. Lögregla boðar aðgerðir.

LÖGREGLUMÁL Nýtt hús Ferðafélags Íslands skemmdist þegar jeppa var velt á það fyrir þremur vikum. Ökumaðurinn flúði en á nú von á kærui. Hann mun vera starfsmaður ferðaskrifstofu og er sagður hafa verið drukinn.

„Það sem er sérlega alvarlegt í þessu máli er að þetta eru starfsmenn ferðaskrifstofu sem voru búnir að skila farþegum í skálann og voru svo að keyra fullir,“ segir Páll Guðmundsson, framkvæmdastjóri Ferðafélags Íslands.

Að sögn Páls var ökumaðurinn og félagar hans á stórum fjallajappa. „Þeir veltu jeppanum ofan í snjóskál sem var umhverfis salernis- hús Ferðafélagsins, skemmdu jeppann og brutu gáfl og veggi hússins þannig að það var stórlaskað.“

Jeppamennirnir fengu aðstoð við að draga jeppann upp. „Síðan höfðu þeir sig á brott og við höfum ekkert meira heyrt frá þeim. Þarna voru hins vegar vitni og við ætlum að kæra til lögreglunnar til að sækja bætur,“ segir Páll sem kveður þenn-



HUGAÐ AÐ SKEMMDUM Ferðafélagsmenn skoða ummerkin eftir jeppann.

MYND/FERÐAFÉLAG ÍSLANDS

an atburð vera lið í öfugþróun sem orðið hafi að undanförunu.

„Fyrir nokkrum árum var öllum skálum á hálendinu lokað vegna drykkju en síðan tóku menn sig saman og sneru þessari þróun við. En nú er að koma inn hópur manna sem hagar sér illa og við höfum orðið varir við aukna drykkju jeppamanna. Það er ekkert að því að ætlum að taka mjög hart á því og gera lögreglu viðvart í hvert skipti sem við verðum varir við það.“

Páll segist ekki vilja gefa upp frá hvaða ferðaskrifstofu ökumaður jeppans var. „Ég vil ekki segja það

að svo stöddu en vísa í því sambandi á lögregluna sem nú þarf að rannsaka málið,“ segir hann.

Sveinn K. Rúnarsson, yfirlögregluþjónn á Hvolsvelli, tekur undir að drykkja ökumanna á hálendinu hafi aukist. Embættið sé einmitt að ganga frá nýrri áætlun um eftirlit á þeim slóðum sem sinnt verði bæði á landi og úr lofti í samstarfi við Landhelgisgæslu Íslands. Hann fagnar því að Ferðafélagsmenn tilkynni um ferðir drukkinna. Oftast heyrir lögregla ekki af þeim málum fyrir en eftir á. „Það er skylda hvers borgara að tilkynna um ölvunarakstur. Við erum að fá fleiri menn og höfum ýmis úrræði til að bregðast við þótt það sé til fjalla.“

gar@frettabladid.is



SKEMMDIR Í LANDMANNALAUGUM Ferðafélag Íslands vill bætur vegna tjóns á salernisbyggingu í Landmannalaugum sem starfsmaður ferðaskrifstofu skemmdi með því að velja fjallajappa á hana.

MYND/FERÐAFÉLAG ÍSLANDS



FORD GT Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri FIB, ræsir Ford GT sem fór 143 kílómetra hringleið á 8,37 lítrum á hundraði.

Sparaksturskeppni: Rétt aksturslag sparar eldsneyti

UMHVERFISMÁL Unnt er að draga verulega úr eldsneytisnotkun með réttu aksturslagi ef marka má niðurstöður mælinga í árlegri sparaksturskeppni Félags íslenskra bifreiðaeigenda og Atlantsólú sem fram fór í gær.

Ekin var 143 kílómetra hringleið frá Reykjavík, um Mosfellsheiði, Selfoss og Þrengli. Alls tóku 65 bílar þátt í fimm flokkum og ók sigurvegarnir, Sigfús Harðarson frá Heklu á VW Polo TDI, hringinn á 3,19 lítrum á hundraði. Í sleggju- flokki keppinnar fóru ofur- sportbíllarnir Mustang GT og Ford GT hringinn á annars vegar 7,41 og hins vegar 8,37 lítrum á hundraði sem er svipuð eldsneytisnotkun og hjá mörgum algengum fólksbílum.

- ovd

LÖGREGLUFRÉTTIR

Þefaði uppi innvortis efni

Karlmaður um þrjúttug var handtekinn á Akureyrarflugvelli um miðjan dag á föstudag eftir að fíkniefnahundur lögreglunnar sýndi honum óeðlilega mikinn áhuga. Í ljós kom að hann var með tuttugu grömm af hvítum efnun innvortis. Honum var sleppt síðar um kvöldið.

Útsendingu hljóðverks listnema hætt eftir kvartanir frá nágroñnum:

Vöknuðu við bænar múslima

LÖGREGLUMÁL Lögregla lét í fyrri- nótt slökkva á hljóðskúlptúr list- nemans Þórarins Inga Jónssonar, sem vakið hafði íbúa í nágrenni



Listaháskóla Íslands (LHÍ) af værum svefni um fimmleytið. Leikin var upptaka af bænakalli múslima og barst lögreglu fjöldi kvartana vegna þess. Þórarinn segir upptökuna hafa verið spilaða fyrir mistök vegna bilunar í hugbúnaðinum sem stjórnar henni. Hún hafi ekki átt að fara í gang fyrir en klukkan átta um morguninn. Hann hugðist lagfæra verkið og halda því lifandi út vikuna en stjórn LHÍ ákvað hins vegar í gær að útsendingunni skyldi hætt.



ÞETTA ER EKKI SPRENGJA Þórarinn með gervisprengjuna sem hann skildi eftir á listasafni í Toronto.

Þórarinn er gestanemandi við LHÍ á þessari önn, en honum var gert að segja sig frá námi við lista- háskóla í Toronto eftir að hafa valdið miklu fjáðrafoki þegar hann kom fyrir gervisprengju á listasafni í borginni í nóvember síðastliðnum.

Hjálmar H. Ragnarsson, rektor LHÍ, staðfestir að útsendingu hljóð-

EKKI NÝ HUGMYND

Verk Þórarins á sér afar nákvæma samsvörun í verki sem sett var upp í Listasafni Akureyrar árið 2002. Þá var bænakall múslima spilað af þaki safnsins fimm sinnum á dag í nær tvo mánuði svo ómaði um allan bæ. Verkið var síðan flutt til Reykjavíkur og vakti mikla athygli.

Þórarinn segist ekki hafa verið kunnugt um það verk þegar hann vann sitt eigið. Hjálmar H. Ragnarsson rektor segist ekki líta svo á að um stuld af nokkru tagi hafi verið að ræða. Sams konar eða sama hugmyndin kvikni oft hjá fleirum en einum og að namar verði að fá að prófa sig áfram.

verksins hafi verið hætt, enda kappkost skólinn að halda friðinn við íbúa hverfisins.

- sh



Ertu Flensborgari?

Flensborgarhátið verður laugardaginn 24. maí í Hamarssal. Allir útskrifaðir Flensborgarar, stúdentar, gagnfræðingar og aðrir bæjarbúar sem tengjast skólanum eru hvattir til að mæta og skemmta sér saman.

Húsið opnað kl. 19:00 þar sem boðið er upp á fordrykk. Matur, skemmtiatriði og ball með Gömlu brynunum. Miðaverð er kr. 5.000. Miðaverð á ball eftir kl. 22:00 er kr. 2.000.

Miðapantanir eru í síma 5650400 eða á netfangið flensborg@flensborg.is fram til 15. maí.


Útskriftarargangar, takið ykkur saman og fjölmennið á hátíðina. Sérstakt Eurovision herbergi verður á staðnum.

Skemmtinefndin.

Við tryggjum þér bestu vextina!

TVENNA

Nýjung sem sameinar kosti verðtryggðra og óverðtryggðra reikninga



- Tvenna er verðtryggður reikningur bundinn í þrjú ár
- Lágmarksinnborgun er 5.000.000 kr.
- Í lok hvers árs er ávöxtun borin saman við óverðtryggða ávöxtun á Markaðsreikningi Netbankans
- Ef Markaðsreikningur hefur borið hærri ávöxtun er lögð inn vaxtabót á Tvennu, sem nemur mismuninum
- Tvenna ber 7,70% verðtryggða vexti sem er það hæsta sem gerist á 36 mánaða bundnum verðtryggðum reikningum í bankakerfinu

Kynntu þér Tvennu á www.nb.is

eða hafðu samband í síma 550 1800

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	74,79	75,15
Sterlingspund	148,8	149,52
Evra	115,6	116,24
Dönsk króna	15,488	15,578
Norsk króna	14,565	14,651
Sænsk króna	12,355	12,427
Japanskt jen	0,7139	0,7181

SDR 121,19 121,91

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
149,7958
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Forseti Íslands tók í gær á móti endurgerðri fyrstu forsetabifreið lýðveldisins:

Aðeins notaður við sérstök tækifæri

FORSETINN Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, tók í gær á móti fyrstu forsetabifreiðinni sem notuð var á upphafsárum Sveins Björnssonar í embætti forseta Íslands.

Bifreiðin er af gerðinni Packard, árgerð 1942. Var hún keypt á sínum tíma notuð frá Bandaríkjunum eftir að bifreið sömu gerðar, sem Roosevelt Bandaríkjaforseti gaf forsetaembættinu, glataðist þegar Goðafossi var sökk í nóvember 1944.

Í tilkynningu frá forsetaembættinu segir að bifreiðin sé eign Þjóðminjasafns Íslands en verði geymd á Bessastöðum og notuð og sýnd við sérstök tækifæri.

Bifreiðin var endurgerð á árunum 1998 til 2004 en nokkrar deilur voru um greiðslur kostnaðar við endurgerð bílsins. Tíu milljóna króna fjárveiting til verksins kláraðist fjórum

árum áður en endurgerð lauk en heildarkostnaður er áætlaður tólf til fimmtán milljónir króna.

Í ræðu sinni í gær þakkaði Ólafur Ragnar þeim sem lagt hafa hönd að verki, bæði bílasmiðnum, þeim sem varðveittu bílinn, Þjóðminjasafninu og áhugamönnum um endurgerð bílsins. Þá þakkaði hann jafnframt þeim aðilum sem lagt hafa fé til verksins, ríkissjóði, aðilum innan BÍlgreinasambandsins og síðast en ekki síst fjármálastofnunum fjórum, Kaupþingi, Landsbankanum, Glitni og SPRON sem forsetinn sagði hafa gert það kleift að hægt var að ljúka verkinu.

- ovd

RÚMGÖÐUR OG FLOTTUR FORSETABÍLL Eins og sjá má fór afar vel um Ólaf Ragnar Grímsson forseta í nýuppgerðum forsetabíl Sveins Björnssonar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



NÝR FORMADUR Björn Þorfinnsson ásamt Guðfríði Lilju Grétarsdóttur, fráfarandi formanni.

Nýr forseti Skáksambandsins:

Búast má við breytingum

SKÁK Björn Þorfinnsson var kjörinn nýr forseti Skáksambands Íslands á aðalfundi sambandsins í gær. Auk Björns var Óttar Felix Hauksson í framboði en báðir hafa þeir setið í stjórn sambandsins.

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir sem gegnt hefur embættinu undanfarin fjögur ár gaf ekki kost á sér. „Þetta er súrsæt tilfinning því við erum að kveðja einn öflugasta forseta sem við höfum átt,“ segir Björn. Hann segist ætla sér að reyna að fylgja góðu starfi Guðfríðar Lilju eftir þótt búast megi við einhverjum áherslu-breytingum.

- ovd

Tvöfalt morð í Svíþjóð:

Fórnarlömbin enn óþekkt

SVÍÞJÓÐ Lík tveggja manna fundust í iðnaðarhúsnæði í sænska bænum Vallentuna, skammt frá Stokk-hólmi, í gærmorgun. Samkvæmt dagblaðinu Dagens Nyheter hefur lögreglan handtekið 35 ára mann vegna gruns um aðild að dauða manna, en sá grunaði var staddur í iðnaðarhúsnæðinu þegar líkin fundust og gat enga skýringu gefið á viðveru sinni. Annar maður var einnig handtekinn en honum var sleppt eftir yfirheyrslu. Enn hefur ekki tekist að bera kennsl á hina látnu.

- vþ

Staða Gordons Brown veikist

Íhaldsmenn unnu stórsigur í bresku sveitarstjórnarkosningunum. Ólafur Þ. Harðarson segir stöðu Gordons Brown forsætisráðherra vera veika. Íhaldsmaðurinn Boris Johnson verður næsti borgarstjóri Lundúna.

LONDON Íhaldsmenn fögnuðu ákaft þegar Boris Johnson flutti fyrsta ávarp sitt sem nýkjörinn borgarstjóri í ráðhúsi Lundúnaborgar í gær. Samkvæmt fréttavef breska ríkisútvarpsins, BBC, sagðist Johnson ætla að leggja sérstaka áherslu á að auka lífsgæði borgarbúa með því að draga úr ofbeldi á götum úti og bæta almenningsangöngur. Einnig sagðist hann ætla að bæta fyrirkomulagið á umdeildu gjaldtökukerfi sem forveri hans, Livingstone, kom á í borginni til þess að draga úr umferðarþunga og mengun miðsvæðis.

Íhaldsflokkurinn sigraði ekki aðeins í höfuðborginni heldur komst til valda í tólf nýjum sveitarfélögum víðsvegar um England og Wales í sveitarstjórnarkosningunum sem fóru fram á fimmtudag.

Ólafur Þ. Harðarson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands, segir niðurstöðurnar benda til þess að staða Verkamannaflokksins, sem hefur verið við völd í landinu síðan árið 1997, sé að veikjast.

„Það mætti líta svo á að breskur almenningur hafi ekki aðeins verið að kjósa um sveitarstjórnarmálefni heldur hafi einnig verið að staðsetja sig með eða á móti ríkisstjórninni. Verkamannaflokkurinn hefur átt í vissum innanflokksdeilum undanfarið og hefur því fallið í vinsældum. Á sama tíma hefur Íhaldsflokknum tekist að færa sig nær miðjunni og auka við vinsældir sínar undir stjórn Davids Cameron. Það er því óhætt að segja að staða forsætisráðherrans, Gordons Brown, sé ekki sterk í augnablikinu þó svo að ómögulegt sé að segja til um á þessari stundu hvort niðurstöður þessara sveitarstjórnarkosninga gefi nokkuð til kynna um hugsanlegar niðurstöður þingkosninga sem fara fram árið 2010.“

Boris Johnson og Ken Livingstone hafa báðir vakið mikla athygli fyrir litrika hegðun og skoðanir. Ólafur telur þó að kjósendur hafi kosið eftir stefnu flokkanna fremur en einstökum frambjóðendum. „Þeir Johnson og Livingstone eru báðir skrautlegir og umdeildir menn, en ég tel þó ekki að framkoma þeirra hafi haft úrslitaáhrif í þessum kosningum. Aðgerðir flokkanna í aðdraganda kosninganna höfðu líklega meira að segja um niðurstöðurnar en persónur frambjóðendanna.“

vigdis@frettabladid.is



SÁ NÝI OG SÁ GAMLI Ken Livingstone er að vonum óánægður með niðurstöðu sveitarstjórnarkosninganna. Á bak við hann sést óljóst í nýja borgarstjórnari Lundúnum, Boris Johnson.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Vinsæll en klaufalegur yfirstéttarmaður

LONDON, BBC Nýkjörinn borgarstjóri Lundúna heitir fullu nafni Alexander Boris de Pfeffel Johnson og er fæddur árið 1964 í New York. Foreldrar hans eru báðir Englendingar, en Johnson var bandarískur ríkisborgari þar til fyrir skömmu. Áhugi á stjórnmálum er ekkert nýjabrum í fjölskyldu Johnsons; faðir hans starfaði lengi fyrir Íhaldsflokkinn og langafi hans, Ali Kemal, var ráðherra í Ottómanveldinu.



BORIS JOHNSON

Johnson lagði stund á klassísk fræði við Oxford-háskóla, og var

við nám á sama tíma og David Cameron, núverandi leiðtogi Íhaldsflokksins. Að námi loknu reyndi Johnson fyrir sér sem blaðamaður og starfaði hjá dagblöðunum The Times og The Daily Telegraph og árið 1999 tók hann við

sem ritstjóri tímaritsins The Spectator. Hann hefur verið órágur við að koma sér á framfæri í öðrum miðlum og er tíður gestur í ýmsum spjallþáttum. Hann hefur vakið mikla athygli fyrir óvarleg ummæli um hin ýmsu málefni og hefur oft þurft að biðjast afsökunar opinberlega á orðum sínum.

Johnson var kjörinn á þing fyrir Íhaldsflokkinn árið 2001 og hefur ekki dregið dul á metnað sinn um að ná enn lengra í stjórnmálum.

- vþ

Nú fer hver að verða síðastur að ná sér í Blaðbera

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.

Blaðberinn... ...óðar fréttir fyrir umhverfið

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson
Veðurfræðingur

NORÐUR- OG AUSTURLAND
Þótt víða muni rigna eitthvað í dag eru horfur á finu veðri á Norður- og Austurlandi á morgun og Mið-Norðurlandi hinn. Má búast við björtu veðri með köflum þar um slóðir með hægum vindi og hita hátt í 16 til 17 stig.

HEIMURINN

Kaupmannahöfn	17°
Billund	19°
Ósló	20°
Stokkholmur	20°
Gautaborg	18°
London	20°
París	22°
Frankfurt	22°
Friedrichshafen	22°
Berlín	18°
Alicante	24°
Mallorca	22°
Basel	23°
Eindhoven	21°
Las Palmas	24°
New York	19°
Orlando	30°
San Francisco	19°

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

Á MORGUN 3-10 m/s, stífast syðst

ÞRIÐJUDAGUR 3-8 m/s

**Það er óþarfi að varast eftirlíkingar.
Þær hafa ekki verið framleiddar ennþá.**



Nýr sjálfskiptur Audi A4 – 1,8 TFSI, 160 hestöfl.
Verð áður: 5.390.000,- Verð nú: 4.560.000,-



KJÖRKASSINN



Telur þú að misskipting á Íslandi sé að aukast?

Já 90%
Nei 10%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ert þú fylgjandi framboði Íslands til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna?

Segðu skoðun þína á vísir.is



Hjartalækna hafa verið utan samninga í tvö ár og hefur það bitnað á sjúklingum: Samningar takast við hjartalækna

HEILBRIGÐISMÁL „Þetta hefur fyrst og fremst verið erfitt fyrir sjúklingana,“ segir Þórarinn Guðnason, formaður Félags sjálfstætt starfandi hjartalækna, en samningar tókust milli hjartalækna og samninganeftdar heilbrigðisráðherra í gær. Hjartalækna höfðu verið utan samninga í ríflega tvö ár.

Eftir samningsplitin var tekið upp tilvísanakerfi sem Þórarinn segir hafa haft í för með sér töluverð vandkvæði fyrir sjúklinga. Því sé fagnaðarefni að loks hafi tekist að ganga frá þessum málu. „Vinnubrögðin sem samninganeftdar hefur sýnt í þessu máli hafa verið fagleg og vönduð og útgangspunkt-



ÞÓRARINN GUÐNASON Formaður Félags sjálfstætt starfandi hjartalækna segir samningsleysið fyrst og fremst hafa bitnað á sjúklingum. FRÉTTABLAÐIÐ/AUDUNN

urinn hefur verið að taka tillit til þjónustuparfar hjartasjúklinga. Sú var ekki raunin fyrir tveimur árum og því sáum við þá engan annan

kost í stöðunni en að segja okkur frá samningum,“ segir Þórarinn.

Meðal þess sem nýr samningur felur í sér er að nú gilda á ný sömu reglur um greiðslur fyrir komur til hjartalækna og fyrir komur til annarra sérfræðilækna og því þurfa hjartasjúklingar ekki lengur að hafa tilvísanir frá heimilislæknum til að geta sótt endurgreiðslur frá Tryggingastofnun. Samningurinn gildir til ársins 2010 og er markmið hans að tryggja bættu þjónustu við hjartasjúklinga. Jafnframt er miðað að því að draga úr álagi og kostnaði heilsugæslustöðva og sjúklinga vegna afnáms tilvísunar-skyldunnar. - kdk



ÍSLENSK LIST ERLENDIS Verk eftir Ólaf Eliasson á sýningunni í Scandinavia House.

Íslensk menning í útrás:

Nútímalist í New York

MENNING Halldór Björn Runólfsson, forstöðumaður Listasafns Íslands, opnaði þann 1. maí yfirlitssýningu á íslenskri nútímalist í Scandinavia House í New York. Aðalstyrktaraðilar sýningarinnar eru Samfélagssjóður Alcoa og utanríkisráðuneytið, en sýningin er liður í röð viðburða sem stjórnvöld standa fyrir í New York í tengslum við kosningabaráttu Íslands fyrir sæti í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Á sýningunni má sjá fjölbreytt verk eftir íslenska nútímalistamenn. - vþ

SJÁVARÚTVEGUR

5.000 tonn á land

Fyrsta sumardag hafði grásleppuvertíðin skilað 5.000 sóltuðum tunnum. Veiði síðustu daga hefur verið góð samfara því að veður hefur verið gott.

Fagfjárfestastjóðurinn KB 1M, kt. 430408-9840, hefur birt grunnlýsingu vegna töku víxla til viðskipta í OMX Nordic Exchange Iceland hf. Hver víxlaflökkur getur verið að hámarki EUR 15.000.000 að nafnverði. Nafnverðseiningar víxlanna eru EUR 100.000. Víxlarnir eru vaxtalausir og óverðtryggðir. ISIN-númer, útgáfudagur og gjalddagi hvers víxlaflökks kemur fram í neðangreindri töflu:

ISIN númer	Útgáfudagur	Gjalddagi
IS0000017739	22.04.2008	22.05.2008
IS0000017747	30.04.2008	30.05.2008
IS0000017770	07.05.2008	09.06.2008
IS0000017804	14.05.2008	16.06.2008
IS0000017754	22.05.2008	23.06.2008
IS0000017788	30.05.2008	30.06.2008
IS0000017812	09.06.2008	09.07.2008
IS0000017762	16.06.2008	16.07.2008
IS0000017796	23.06.2008	23.07.2008

Grunnlýsingu og þau gögn sem vitnað er til í henni er hægt að nálgast hjá útgefanda, KB 1M, að Borgartúni 19, 105 Reykjavík, í eitt ár frá birtingu grunnlýsingar. Grunnlýsingu er einnig hægt að nálgast á heimasíðu útgefanda, www.kaupthing.is/?PageID=4205. Umsjónaraðili töku víxlanna til viðskipta í OMX Nordic Exchange Iceland er Kaupþing banki hf.

Þann 22. apríl sl. voru útgefnir víxlar að fjárhæð EUR 8.600.000 í einum flokki (KB1M 08 0522) og verða sá víxlaflökkur tekinn til viðskipta í OMX Nordic Exchange Iceland hf. þann 5. maí 2008. Gjalddagi víxlanna er 22. maí nk.

Reykjavík, 4. maí 2008



Breytingar á stjórnarskrá aðkallandi

Guðni Ágústsson, formaður Framsóknarflokksins, telur að ráðast verði nú þegar í breytingar á stjórnarskránni til að mæta kröfum alþjóðasamstarfs. Setja þurfi lög og ákvæði í stjórnarskrá sem lúta að þjóðaratkvæðagreiðslu.

STJÓRNMÁL „Ef til aðildar að Evrópusambandinu kemur er fullkomlega ljóst að mæta þarf því framsali valds sem í slíkri aðild felst með breytingu á stjórnarskránni. Hvort sem menn meta hagsmunum okkar betur borgið utan eða innan Evrópusambandsins tel ég því mikilvægt að ráðist verði í nauðsynlegar breytingar á stjórnarskrá okkar til að mæta þeim kröfum sem alþjóðlegt samstarf kallar á,“ sagði Guðni Ágústsson, formaður Framsóknarflokksins, í ræðu sinni á miðstjórnarfundi flokksins í gær.

Þungamiðjan í ræðu Guðna voru Evrópumálin. Telur hann aðkallandi að efnislegar breytingar verði gerðar á stjórnarskránni er varða tryggingu þess að auðlindir þjóðarinnar verði áfram í þjóðareigu. Þær breytingar á stjórnarskránni verði að gera áður en hugsanlegar aðildarviðræður við Evrópusambandið koma til, svo treysta megi samningsstöðu og hagsmunum þjóðarinnar nægjanlega vel. Ekki er eftir



FRÁ MIÐSTJÓRNARFUNDI Evrópumálin voru þungamiðja í ræðu Guðna Ágústssonar við upphaf miðstjórnarfundar Framsóknarflokksins í gær. Hér er Guðni með Valgerði Sveinisdóttur, varaformanni flokksins. FRÉTTABLAÐIÐ/DANNI

neinu að bíða að hans mati og telur hann að nauðsynlegum breytingum væri hægt að ljúka í lok yfirstandandi kjörtímabils og upphafi þess næsta, eða árið 2011 í síðasta lagi.

Annað stórt atriði sem taka þarf ákvörðun um er að mati Guðna hvernig staðið skuli að þjóðaratkvæðagreiðslum sem snerta Evrópumál. „Í mínum huga er nefnilega kristaltært að það er íslenska þjóðin sem þarf að úrskurða um svo stórt atriði; bæði hvort yfirhöfuð skuli ráðist í aðildarviðræður og eins varðandi samþykkt eða synjun aðildar að loknum samningaviðræðum, ef til aðildarviðræðna kemur. Ég hugsa að enginn stjórnmálaflokkur vilji samninga-

viðræður um aðild að ESB nema hafa að baki sér staðfestan þjóðarvilja og þingvilja.“ Af þeim sökum þarf að setja lög á Alþingi og ákvæði í stjórnarskrá um atriði sem lúta til að mynda að þátttöku í þjóðaratkvæðagreiðslu, að mati Guðna.

Guðni vandaði ekki ríkisstjórninni kveðjurnar í ræðu sinni. „Ríkisstjórn Geirs H. Haarde er ekki vandanum vaxin. Hún er aumasta ríkisstjórn sem setið hefur frá því að þjóðarsáttin náðist fram árið 1990. Það var vitað fyrir ári að það átti að vera fyrsta verkefni ríkisstjórnarinnar að takast á við vaxandi verðbólgu hér sem þá þegar ógnaði öllum stöðugleika.“

svavar@frettabladid.is

Skráðum félögum fækkar: Flaga afskráð

VIÐSKIPTI Hluthafar FL Group hafa ákveðið að afskrá félagið 9. maí næstkomandi. Þegar hafa eigendur 83 prósentu hlutfjár ákveðið að vera áfram hluthafar í félaginu í stað þess að fá hlut sinn greiddan með bréfum í Glitni.

Þá hefur stjórn Flögu Group ákveðið að óska eftir að félagið verði tekið úr Kauphöllinni. Verði af sameiningu SPRON og Kaupþings, sem nú er í undirbúningi, verður SPRON afskráð eftir aðeins sex mánuði í Kauphöllinni. Þá er verið að afskrá TM eftir að félagið var tekið yfir af FL Group.

Það er því útlit fyrir að skráðum félögum fækki um fjögur á næstunni. Þar af eru tvö í úrvalsvísitölunni. - bg



MATTHÍAS IMSLAND Egilsstaðir eru eini áfangastaður Iceland Express þar sem bókunum fækkar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fljúga ekki með tómar vélar:

Hætt við ferðir frá Egilsstöðum

SAMGÖNGUR Iceland Express hefur fellt niður þrjár áætlanarferðir sínar milli Egilsstaða og Kaupmannahafnar í maí.

Matthías Imsland, framkvæmdastjóri Iceland Express, segir lítinn áhuga ástæðu fyrir þessu en nýtingin hafi verið í kringum þrjátíu prósent. Þetta er annað sumarið sem félagið heldur uppi áætlanarferðum á þessari leið. Matthías segir fyrstu ferðir í fyrra hafa verið mun betur nýttar enda séu Egilsstaðir eini áfangastaður félagsins þar sem bókunum fækkar á milli ára. „Það er töluverð aukning á bókunum annars staðar,“ segir hann. - ovd

Ólæti á fótboltaeik:

Danskar bullur handteknar

DANMÖRK Lögreglan í Árósum handtók í gær 43 ólátabelgi sem voru með læti bæði fyrir og eftir fótboltaeik á milli liðanna OB og AGF. Áður en leikurinn hófst brutust út hópslagsmál í miðbæ Árósa á milli áhangenda liðanna og voru níu handteknir. Að leiknum loknum fögnuðu áhangendur OB sigri liðs síns með innbyrðis slagsmálum og því að kasta flöskum í lögregluna. Til að stilla til friðar neyddust laganna verðir til þess að nota piparúða á mannskapinn og að handtaka 34 til viðbótar. - vþ

Segir andóf Framsóknar hafa komið í veg fyrir einkavæðingu Íbúðalánasjóðs:

Þeir virtu sjónarmið okkar

STJÓRNMÁL Guðni Ágústsson, formaður Framsóknarflokksins, sagði í ræðu sinni á miðstjórnarfundi flokksins í gær að ef ekki hefði verið fyrir andóf framsóknarmanna væri Sjálfstæðisflokkurinn búinn að ná því fram að einkavæða Íbúðalánasjóð eða selja hann bankakerfinu.

Spurður hvort sjálfstæðismenn hafi sótt það fast að gera grundvallarbreytingar á eignarhaldi sjóðsins í ríkisstjórnarsamstarfi við Framsóknarflokkinn segir Guðni að Sjálfstæðisflokkurinn hafi verið og sé enn þeirrar skoðunar að starfsemi Íbúðalánasjóðs eigi að hverfa inn í bankakerfið. „Þó hygg ég að þeir hafi viljað halda einhverjum félagslegum sjóði til haga. Það reyndi þó aldrei á þetta en við fundum þennan anda. Við fórum með málið og þeir virtu okkar sjónarmið varðandi sjóðinn.“

Guðni segist þó lengi hafa haft þá tilfinningu að Sjálfstæðisflokkurinn hafi horn í síðu sjóðsins eins og komið hafi fram í máli Geirs H. Haarde forsætisráðherra í umræðu um orsakir alvarlegrar stöðu sem komin er upp á fasteignamarkaði.

„Í ljósi reynslunnar nú er það fagnaðarefni fyrir



ÍBÚÐALÁNASJÓÐUR Guðni segist lengi hafa haft þá tilfinningu að Sjálfstæðisflokkurinn hafi horn í síðu Íbúðalánasjóðs.

þjóðina í heild að starfsemi sjóðsins er óbreytt. Við stóðum nýja ríkisstjórn að því að ætla að færa sjóðinn inn í fjármálaráðuneytið. Við bentum Samfylkingunni á að slíkt væri söluutrix og Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra hefur sagt að hún fallist aldrei á sölu sjóðsins.“ - shá

Sumarleg veisluföng og skemmtun fyrir þá yngstu

Pylsur, gos og ís verða á boðstólnum í dag sunnudag. Einnig verður andlitsmálun, litríkar blöðrur og skemmtilegur hoppkastali fyrir yngstu gestina.

Tiguan torfærubraut

Prófaðu hinn magnaða Tiguan í sérstakri torfærubraut. VW Tiguan – hann breytir öllu.

Vorglaðningur á verkstæðinu

Við förum yfir alla Heklubíla sem mæta um helgina. 25% afsláttur af varahlutum sem notaðir eru.

Jeppadagar hjá Bílaþingi Heklu

20% afsláttur af völdum notuðum jeppum.

Myntkörfulán í erlendri mynt

Við bjóðum 80% fjármögnun sem er að fullu í erlendri mynt með aðeins 8% vöxtum!

lægra verð!

lægra verð!

Fögnum lægra verði

Við höfum náð nýjum og hagstæðari samningum og getum því boðið lægra verð á nýjum bílum. Varanleg verðlækkun um allt að 17% er okkar framlag til þess að ná verðbólgunni niður. Það verður sannkölluð hátíðarstemning hjá okkur um helgina því nýja verðið hefur þegar tekið gildi. **Komdu og taktu þátt í því að keyra niður verðbólguna.**

Laugavegi 172-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is

Opið sunnudag 13-16.



KÓPAVOGSDAGAR

Dagskráin í dag 4. maí

11:00	Listasafn Kópavogs - Gerðarsafn 20 ára afmæli Myndlistarskóla Kópavogs Sýning á myndverkum nemenda. Leiðsögn kl. 14:00.
11:00	Salur Kvenfélags Kópavogs Málverkasýning Opið hús að Hamraborg 10 – kaffi og vöfflusala, kökubasar og fleira.
13:00-17:00	Gjábakki og Gullsmári Vorsýning Handunnir nytja- og skrautmunir frá smiðjum vetrarins. Vöflukaffi og smiðjur.
13:00	Bókasafn Kópavogs Óskin Barnaleikrit fyrir yngstu áhorfendurna. Skemmtilegt ævintýri með söngvum í flutningi Einleikhússins.
13:00	Kvöldskóli Kópavogs Vorsýning og opið hús Sýndur afrakstur nemenda á námskeiðum vetrarins.
13:00	Salurinn Lúðrahjómur Skólahljómsveit Kópavogs og Blásarasveit Tónlistarskóla Árnesinga.
14:00-17:00	Vinnustofur listamanna í Kópavogi Opið hús Skrá um listamenn og vinnustofur á www.kopavogur.is .
14:00	Náttúrufræðistofa Kópavogs Prihnúkaígur – Náttúrugersemi í Kópavogi Gönguferð á Prihnúkaíg í Bláfjöllum. Lagt af stað í samfloti einkabíla frá Náttúrufræðistofunni kl. 13:30 og hist kl. 14:00 við gönguslóðann upp í Grindaskörð.
16:00	Salurinn Píanótónleikar Helene Inga Stankiewicz. Diplómapróf frá Listaháskóla Íslands.
20:00	Hjallakirkja Vortónleikar með Karlakór Kópavogs Sjá nánar á http://karlakorkopavogs.googlepages.com
20:00	Salurinn Tíbrá: Söngtónleikar Hrafnhildur Björnsdóttir og Martyn Parkes. Þýsk, frönsk og íslensk sönglög og áriur. Miðaverð 2000/1600 kr.

Á alla viðburði Kópavogsdaga er ókeypis nema annað sé tekið fram.

Nánari dagskrá á www.kopavogur.is eða í síma 570 1500.

Allir Kópavogsbúar og aðrir gestir hjartanlega velkomnir!



39,3%

Atvinnublað Fréttablaðsins

24,5%

Atvinnublað Morgunblaðsins

Við stöndum upp úr

Atvinnublað Fréttablaðsins er með 60% meiri lestur en atvinnublað Morgunblaðsins miðað við 20-40 ára

Atvinna í boði...



...alla daga

Björgvin G. Sigurðsson svarar stórkaupmönnum:

Áskorun til fleiri en kaupmanna

VIÐSKIPTI „Ég er alls ekki að ætlast til þess að kaupmenn taki á sig hækkanir á hrávöruverði og tap vegna gengislækkana,“ segir Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra spurður um viðbrögð Félags íslenskra stórkaupmanna (FÍS).

Í tilkynningu frá félaginu var lýst yfir furðu á því að viðskiptaráðherra skyldi mælast til þess að verslunarmenn lækkuðu vörur og að ASÍ skyldi vera látið sjá um verðlagseftirlit á vegum ráðuneytisins þar sem yfirlýsingar forsvarsmanna bentu til þess að ASÍ gæti ekki rannsakað verð með hlutlausum hætti.



VIÐSKIPTARÁÐHERRA MEÐ HEKLU-MÖNNUM Hér er Björgvin milli þeirra Sverris Haukssonar, framkvæmdastjóra bílasviðs Heklu og Knúts Haukssonar forstjóra.

„Ég var að hvetja til samstillts átaks í því að halda aftur af hækkuunum eins og kostur væri en ég var

ekki síður að beina orðum mínum til hins opinbera,“ segir Björgvin. „Ég veit ekki af hverju félagið tekur þetta til sín. Kannski hafa þeir misskiði þetta.“

Um efasemdir félagsins varðandi ASÍ segir hann: „Alþýðusambandið og verslunarmenn lentu í ákveðinni deilu hér um árið varðandi verðkannanir og túlkun út frá þeim. Það er liðin tíð og menn eiga að slá striki yfir það. Við funduðum með ASÍ, Neytendasamtökunum og fleirum og sannfærumst um það að þeir myndu gera sínar kannanir af heilindum og fyrsta könnunin sem kom fram sýnir að sú er raunin.“

- jse

Salan samþykkt í óþökk rektors og ÍE

Borgarráð hefur samþykkt sölu á Vatnsmýrarlóð í óþökk deCODE og Háskóla Íslands. Borgarfulltrúi Samfylkingar segir fulltrúa meirihlutans hafa kýlt málið í gegn í fjarveru samherja sinna sem jafnvel hafi efasemdir um sölu.

BORGARMÁL Borgarráð samþykkti á fundi sínum á miðvikudag að selja fyrirtækinu S10 lóð við hlið höfuðstöðva Íslenskrar erfðagreiningar (ÍE) þrátt fyrir alvarlegar athugasemdir við sölu bæði frá Kristínu Ingólfssdóttur háskólarektor og forsvarsmönnum ÍE.

Björk Vilhelmsdóttir, borgarfulltrúi Samfylkingar, greiddi atkvæði gegn samþykktinni.



BJÖRK VILHELMSDÓTTIR



VILHJÁLmur Þ. VILHJÁLMSsON

„Í fyrsta lagi tel ég að ekki hafi verið reynt til hlítar að ná samkomulagi við háskólann,“ segir hún í samtali við Fréttablaðið. „Svo er það óljóst hvort byggingar á þessu svæði samrýmist framtíðaruppbyggingu í Vatnsmýrinni. Ég veit að það hafa verið skiptar skoðanir um þetta í meirihlutunum og það var engu líkara en að þeir sem þarna voru að verki hefðu viljað kýla þetta í gegn á meðan fulltrúar í stýrihópi um framtíðarskipulagningu Vatnsmýrarinnar eru erlendis. Svo hef ég spurnir af því að forsvarsmenn ÍE hafi gert athugasemdir við kaupin og mér þykir það ótækt að



VATNSMÝRI Það hefur ekki verið einfalt mál að selja lóðina við höfuðstöðvar Íslenskrar erfðagreiningar en tveir hafa gert alvarlegar athugasemdir við sölu og borgarfulltrúi Samfylkingar segir jafnvel skiptar skoðanir um hana í meirihlutunum þótt borgarráð hafi samþykkt hana.

afgreiða þetta án þess að taka tillit til þeirra.“

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, formaður borgarráðs, segir að borgarlögmaður sé nú að fara yfir athugasemdirnar og að málið verði tekið fyrir á fundi borgarstjórnar á þriðjudag. „Það er ekki verið að kýla þetta mál í gegn meðan fulltrúar stýrihópsins eru fjarverandi,“ segir Vilhjálmur. „Við settum einmitt inn ákvæði sem skilyrðir kaupanda til að vinna með borgaryfirvöldum að skipulagningu lóðarinnar og honum gert ljóst að stýrihópur á

vegum borgarráðs hafi umsjón með vinnu við endurskoðun skipulags í Vatnsmýri í kringum flugvallarsvæðið.“

Kári Stefánsson, forstjóri ÍE, sagðist ekki vilja tjá sig um málið á þessu stigi. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins snýr óánægja hans að því hvernig lóðinni er úthlutað en aðeins HÍ og S10 mega bjóða í hana.

Kristín Ingólfssdóttir hefur hins vegar sagt að fyrirhuguð sala brjóti í bága við skuldbindingar sem borgin hafi gengist undir gagnvart skólanum.

jse@frettabladid.is

Danska kóngafólkið heimsækir Áslandsskóla í Hafnarfirði á morgun:

Syngja á dönsku fyrir kóngafólkið og forsetahjónin

HEIMSÓKN „Það er mjög mikil stemning hérna í skólanum og allir eru mjög spenntir,“ segir Sigríður Elísabet Ragnarsdóttir, dönskukennari við Áslandsskóla í Hafnarfirði. Skólinn á von á góðum gestum á morgun þegar Friðrik krónprins Danmerkur og eiginkona hans Mary krónprinsessa heimsækja skólann ásamt Ólafi Ragnari Grímssyni, forseta Íslands, Dorrit Moussaieff forsetafrú og Lúdvík Geirssyni, bæjarstjóra Hafnarfjarðar.

Mikið verður um dýrðir í skólanum á morgun og allir taka þátt, bæði starfsmenn og nemendur. Leifur S. Garðarsson skólustjóri mun halda stutta tölu, Sigríður Elísabet fjallar um dönskukennsluna í skólanum, tveir nemendur segja frá skólafarinu og kórin syngur lagið „Er du sur og trist“ til heiðurs gestunum. Öll dagskráin mun að sjálfsgöðu fara fram á dönsku.

„Nemendur skólans eru mjög áhugasamir um dönskukennsluna og hlakka mikið til,“ segir Sigríður Elísabet, sem sjálf bjó í Danmörku og er áhugasöm um kóngafólkið. „Ég vann sem þroskabjálfi á sambýli



HEIMSÓKN Þessir kátu nemendur Áslandsskóla taka þátt í dagskrá til heiðurs danska kóngafólkinu.

og vinnufélagarnir voru margir hverjir afar áhugasamir um kóngafjölskylduna. Það varð ekki hjá því komist að smitast af því,“ segir Sigríður og hlær.

- kg



ASKJA



Mercedes-Benz



6x Benz Mercedes-C200 Kompressor

+ 5,6 milljónir í skottið á tvöfaldan miða!

Fleiri vinningar - meiri líkur á að vinna

52 þús. vinningar á 80 þús. númer

(á tvöfaldan miða)

6x Harley Davidson Fat Boy

+ 3,2 milljónir í bakpokann á tvöfaldan miða!



Opið til kl. 16 í aðalumboðinu um helgina!
Hringdu í síma 561 7757 og kaupu miða.

Einfaldur miði kostar aðeins 1.000 kr. og tvöfaldur kostar 2.000 kr.

Kaupu miða á www.das.is

HAPPDRETTI



Vinningur í hverri viku

Sanngjörn viðskipti skipta sköpum fyrir fátæka bændur.

Að hafa áhrif með vali á vöru

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Margir hafa áhuga á að leggja sitt af mörkum og stuðla að betra lífi fólks í fjarlægum og oft á tíðum fátækum löndum.

Ýmsar leiðir eru færar og hvers og eins að velja þar. Sumir hafa tekið barn í fóstur, á vegum ABC, SPES og ýmissa annarra hjálparamtaka, og kosta þannig fæði, klæði og skólagöngu barns sem fylgst er með úr fjarlægð. Aðrir kjósa minna persónuleg framlög, ýmist föst eða tilfallandi.

Ein leið sem hægt er að velja til að leggja sitt af mörkum er að kaupa vörur sem merktar eru Fairtrade en sú merking þýðir að vörurnar eru framleiddar og seldar eftir stöðlum sanngjarnra viðskipta. Fairtrade er þannig ekki góðgerðastarfsemi heldur felst í merkingunni trygging þess að fullrar sanngirni hafi verið gætt við framleiðslu og verslun með vöruna. Hugmyndin á bak við Fairtrade er í raun afar einföld og snýst eingöngu um það að greiða framleiðanda vöru sanngjarnt verð fyrir hana.

Með því að kaupa Fairtrade-merkt vöru stuðlar neytandinn þó ekki bara að því að bændur fái sanngjarnt verð fyrir vöru sína heldur einnig að því að draga úr barnaþrælkun. Eitt af skilyrðum þess að framleiðsla fái Fairtrade-vottun er nefnilega að börn framleiðandans gangi í skóla og að börn mega ekki vinna við framleiðslu vörunnar ef heilsu þeirra, þroska eða skólagöngu er ógnað með vinnunni. Auk þess er stutt við lífræna ræktun með kaupum á Fairtrade-vörum.

Þannig getur hver og einn neytandi lagt sitt af mörkum til að bæta heiminn með því að kaupa Fairtrade-merktar vörur. Auka-ávinningurinn er svo sá að Fairtrade-merktar vörur eru yfirleitt mikil gæðaframleiðsla vegna þeirra skilyrða sem sett eru fyrir því að vörur fái merkinguna. Ávinningurinn er því allra, framleiðenda, seljenda og kaupenda.

Fairtrade-merktar vörur eru vissulega ídulega aðeins dýrari en sambærilegar vörur, þó er það ekki algilt. Hafa þer einnig í huga að þó að gott sé að eiga þess kost að kaupa ódýrar vörur þá er rétt að hafa varann á þegar vörur eru boðnar til sölu á afar lágu verði. Það gæti nefnilega bent til þess að einhver fari verulega halloka í viðskiptunum einhvers staðar á leiðinni.

Það er kannski ekki hægt að bylta með vali sínu á vörutegundum en það er hægt að hafa áhrif samt. Val hins vestræna neytanda snertir nefnilega ekki bara hann sjálfan heldur líka þá sem ræktuðu hana eða framleiddu með öðrum hætti, jafnvel í fjarlægum heimshluta.

Það er gott til þess að vita að neytandi á Íslandi getur haft áhrif með vali sínu á vörum. Verslun með Fairtrade-merktar vörur hefur vaxið verulega fiskur um hrygg undanfarin ár og það er alls ekki þannig að einungis sé hægt að kaupa Fairtrade-merktar vörur í litlum búðum niðri í bæ heldur fást þær líka í helstu stórmörkuðum. Auðvitað er mikill minnihluti varningsins merktur með þessum hætti en það er samt um að gera að gá.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson
 AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir
 FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Halldósson og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál).
 FULLTRUI RITSTJÓRA: Páll Baldvín Baldvinsson.
 VIÐSKIPTARITSTJÓRAR: Björgvin Guðmundsson og Björn Ingi Hrafnsson.
 FRÉTTABLAÐIÐ kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabankum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki



FRÁ DEGI TIL DAGS

Óþreytandi ráðherra

Jóhanna Sigurðardóttir félagsmála-ráðherra virðist óþreytandi. Í nýrri könnun Capacent er hún vinsælasti ráðherrann þar sem 60 prósent landsmanna eru ánægð með störf hennar og þann fyrsta maí hlaut Jóhanna sérstaka heiðursviðurkenningu Ungra jafnaðarmanna fyrir að hafa aldrei á ferli sínum á Alþingi vikið frá jafnaðarhugsjóninni. Hlaut hún viðurkenninguna á þrjátíu ára starfsafmæli sínu á Alþingi, en Jóhanna var fyrst kosin á þing vorið 1978. Þá var Ágúst Ólafur Ágústsson, varaformaður Samfylkingarinnar, eins árs og Birkir Jón Jónsson, þingmaður Framsóknarflokksins, ekki fæddur.

Búkalú í Bankastræti

Jakob Frímánn Magnússon Stuðmaður hefur verið ráðinn verkefnisstjóri miðborgar Reykjavíkurborgar. Í Fréttablaðinu í gær sagði hann nauðsynlegt að hafa miðborgina á viðvarandi dagskrá hjá borginni en verkefnisstjóra er ætlað að hafa yfirsýn yfir verkefni miðborgarinnar og vinna að framgangi þeirra. Jakob Frímánn er þekktur af störfum sínum sem mikill stuðmaður og enn er hann umtalaður í Lundúnaborg þar sem hann gegndi stöðu menningarfulltrúa. Borgarbúar mega því vænta góðs menningarsumars í miðborginni.

Orkan í fjöllum

Á forsíðu Wall Street Journal á föstudaginn var fjallað um ástand efnahagsmála á Íslandi og það tekið sem dæmi um samdrátt að ein eftirlætiðja Íslendinga, akstur breyttra jeppabíreiða, ætti nú undir högg að sækja enda hefði sala slíkra bíla dregist stórkostlega saman á undanföllum mánuðum. Var þar vitnað í ungan íslenskan eiganda uppskrúfaðs Toyota Land Cruiser-jeppa sem væri tilbúinn að berjast fyrir rétti sínum. Sagðist hann bara vilja fá að fara þangað sem hann langaði til að fara og að hann fengi orku úr fjöllumum, þar gæti hann hugsað. Það er mjög jákvætt að fólk hugsi, flestir geta tekið undir það. Hugsi til dæmis um umgengni um landið og umhverfismál. olav@frettabladid.is



BITBEIN Illugi Gunnarsson spyr:

Á einkarekstur erindi í heilbrigðisþjónustuna?



ILLUGI GUNNARSSON



SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR

Heilbrigðisþjónusta til framtíðar

Heilbrigðiskerfi okkar Íslendinga stenst samanburð við það sem best gerist hjá öðrum þjóðum. Lífslíkur eru með þeim hæstu í heiminum og þjónusta sem veitt er á spítölunum er talin mjög góð. Þessi árangur er virkilega ánægjulegur og við getum verið stolt af því starfi sem er unnið í heilbrigðisþjónustunni. Vitanlega kostar heilbrigðiskerfið sitt og eftir því sem samfélag verða ríkari því stærri hluta tekna sinna verja þau til heilbrigðismála. Við Íslendingar höfum farið þá leið að fjármagna heilbrigðisþjónustuna fyrst og fremst úr sameiginlegum sjóðum og um það ríkir góð pólitísk samstaða. Við viljum að allir hafi aðgang að heilbrigðisþjónustu, óháð efnahag. Við höfum borið gæfu til þess að byggja upp samfélag sem veitir hverjum og einum gott svigrúm til að spreya sig og finna kröftum sínum viðnám um leið og við tökum höndum saman um að styðja við hvert annað þegar á móti blæs. Um þá samfélagsgæru eigum við að standa vörð.

Einkarekstur engin allsherjarlausn...

Umræður um hvort einkarekstur eigi erindi í heilbrigðisþjónustuna eru markaðar af þeirri samfélagslegu sátt sem hér ríkir. Engum dettur í hug að innleiða hér kerfi sem sundrar þjóðinni í þá sem hafa efni á heilbrigðisþjónustu og þá sem ekki hafa efni á henni. Vissulega getur ríkt fólk sótt sér meiri þjónustu en aðrir, t.d. erlendis, og er ekkert athugasvert við það. En heilbrigðisþjónusta hér á landi verður að megninu til fjármögnuð úr sameiginlegum sjóðum og jafnframt er líklegt að rekstur heilbrigðiskerfisins verði að stórum hluta á hendi hins opinbera. Fyrir því eru ýmis rök, svo sem stærðarhagkvæmni og sú staðreynd að þeir sem veita þjónustuna hafa miklu meiri upplýsingar heldur en þeir sem þiggja hana. Markaðsdrifnar lausnir eigi því ekki alltaf við og varhugasvert að ætla að einkarekstur leysi öll mál.

...en getur stundum átt við

En það er jafn varhugasvert að ætla að einkarekstur eigi ekkert erindi í heilbrigðisþjónustuna. Því er spáð að ef ekkert er að gert í skipulagi heilbrigðismála á Íslandi muni opinber kostnaður sem hlutfall þjóðarframléiðslu vaxa í rúm 15% árið 2050 og þar með yrði íslenska heilbrigðiskerfið það dýrasta í löndum OECD. Við þessu þurfum við að bregðast og við eigum að leita allra leiða til þess að tryggja að þjóðin njóti sem bestar þjónustu fyrir það fé sem hún ver til þessara mála. Einkarekstur hefur meðal annars þann kost í för með sér að það dregur úr miðstýringu og auknar líkur eru á því að nýjar hugmyndir og bætt þjónusta geti rutt sér til rúms. Ef einkarekstur getur náð sama árangri og opinber þá tel ég að við eigum að skoða vel þann valkost. Ef einkarekstur getur leitt til betri þjónustu fyrir sama fé, eða sömu þjónustu fyrir minna fé, þá hljótuð við að nýta okkur slíkar lausnir. Aðalatriðið er að tryggja að þeir fjármunir sem við veitum úr sameiginlegum sjóðum okkar nýtist þjóðinni sem best og heilbrigðiskerfi okkar verði áfram í fremstu röð.

Kreddur og klisjur duga ekki

Einkarekstur opinberrar þjónustu er ein formgerð einkavæðingar en hún getur verið þrenns konar. Í fyrsta lagi einkavæðing sem snýst um að selja opinberar stofnanir líkt og gert var með Símann og bankana á sínum tíma, önnur leið er að bjóða út rekstur á tiltekinni opinberri þjónustu, svokölluð „úthýsing“, en í þriðja lagi einkafjármögnun tiltekinna þjónustu eða verkefna, þ.e. sú aðferð að einstaklingarnir borgi fyrir þjónustuna.

Heildarsýn skortir

Einkarekstur í heilbrigðisþjónustu hefur á seinni árum verið tilviljanakenndur og ómarkviss. Einföldustu og aðgengilegustu verkefni hafa verið boðin út en flóknari og dýrari verkefni hafa verið skilin eftir hjá hinu opinbera. Heildstæða stefnumótun hefur skort og heildræna sýn á heilbrigði þjóðarinnar er hvergi að finna. Nálgunin tæknileg og vélræn.

Afstaðan til einkareksturs í heilbrigðiskerfinu hefur því miður fyrst og fremst ráðist af pólitískum kreddum hjá sjálfstæðismönnum en ekki faglegum eða efnislegum rökum. Sannfæringin um að einkarekstur sé alltaf betri en rekstur hins opinbera ógnar samfélagssáttmálanum um samneyslu og réttlátt kerfi.

Spurningum þarf að svara

Að mati okkar Vinstri grænna þarf að svara þremur spurningum áður en lengra er haldið út á þessa braut:

Tryggir breytingin sjúklingnum betri og ódýrari þjónustu?

Er þjónustan ódýrari og hagkvæmari fyrir þann sem greiðir þjónustuna, þ.e. ríkissjóð?

Er þjónustan betri fyrir starfsfólkið sem innir hana af hendi, réttindi þess, kjör og möguleika til starfsþróunar?

Ef einni þessara spurninga er svarað neitandi þá segjum við nei. Sönnunarbyrðin hvílir á þeim sem vilja breytingarnar. Það er óásættanlegt að beita einungis fyrir sig pólitískum frösom og klisjum. Almennungur á rétt á faglegum og hagrænum rökum. Breytingarnar snúast um heilsu og fjárhag almennings, réttlæti og jöfnuð. Af því má ekki gefa afslátt.

Engin þjóðarsátt

Það liggur fyrir að þegar Samfylkingin færði Sjálfstæðisflokknum heilbrigðisþjónustuna á silfurfati urðu þáttaskil sem Geir Haarde sjálfur orðaði þannig að nú væri unnt að gera breytingar sem væru meira í ætt við stefnu Sjálfstæðisflokksins. Meiri breytingar en áður hefði verið unnt að gera með fyrri samstarfsflokki. Flokkur sem kennir sig við jöfnuð verður að vita að það verður aldrei þjóðarsátt um að eyðileggja heilbrigðiskerfið. Um það kerfi ríkir rótróin sátt sem er ein af grundvallarstöðum þess sáttmála sem íslenskt samfélag byggir á.

Seðilgjöld og óréttmætir viðskiptahættir

UMRÆÐAN

Björgvin G. Sigurðsson skrifar um seðilgjöld



BJÖRGVIN G. SIGURÐSSON

Um áramótin skilaði niðurstöðu starfs- hópur á mínum vegum um heimildir fjármála- fyrirtækja til gjald- heimtu. Hópurinn vann hratt og vel og í honum sátu fulltrúar fjármála- fyrirtækja, neytenda og eftirlitsaðila m.a. og stóðu að niðurstöðu starfshópsins sem tók til margra hluta. Eitt af meginatriðum niðurstöðunnar var að innheimta seðilgjalda væri óheimil samkvæmt lögum. Beindi ég í kjölfarið tilmælum til fjármála- fyrirtækja um afnám innheimtu seðilgjalda og sambærilegra fylgikrafna, sem neytendur hafa ekki átt kost á að samþykkja eða taka afstöðu til, til viðbótar við fjárhæð aðalkröfu.

Tilmælin fólu ennfremur í sér að í þeim tilvikum sem samið hefur verið um greiðslu á seðil- gjöldum og sambærilegum fylgi- kröfum við neytendur skuli fjár- hæð gjaldsins endurspeglar raunkostnað við útsendingu seðla. Enda fái neytendur lögum samkvæmt reikning vegna við- skipta og að þeim standi til bóða raunhæfur gjaldfrjáls valkostur, svo sem að greiða með milli- færslu.

Miklu skiptir að skýrt sé hvaða heimildir fjármála- fyrirtæki hafi til gjaldtöku og ekki sé um það deilt. Hvort heldur eru yfirdrátt- argjöld, seðilgjöld eða upp- greiðslugjöld. Það skiptir miklu fyrir bæði banka og neytendur að heimildir séu skýrar. Þess vegna var hópurinn m.a. skipaður og til að byggja undir sanngjarna við- skiptahætti í samfélaginu.

Úttekt á stöðunni

Til að fylgja niðurstöðunni eftir fól ég Neytendastofu að gera úttekt á því í hvaða mæli opin- berar stofnanir og fyrirtæki inn- heimtu slík gjöld. Neytendastofa vann vandaða og góða úttekt á því og hefur nú hafið úttekt á inn- heimtu seðilgjalda á einkamark- aði.

Niðurstaðan er sú að af 278 opinberum stofnunum, fyrir- tækjum og hlutafélögum svöruðu 246. Svarhlutfall var því 88,4%. Af svarendum kváðust 181 senda út kröfur og þar af 44 eða 24,3% leggja seðilgjald eða annan auka- kostnað við aðalkröfu, þó ekki endilega við allar innheimtar kröfur hlutaðeigandi aðila.

Í fyrirspurn Neytendastofu til opinberra stofnana og fyrirtækja var upplýsinga óskað um grund- völl innheimtu seðilgjalds eða sambærilegra fylgikrafna og fjárhæð, ef slík innheimta væri á annað borð tíðkuð. Umboðsmað- ur Alþingis hefur fjallað um heimildir opinberra stofnana og fyrirtækja til gjaldtöku í álitum sínum. Almenn er opinberum stofnunum og fyrirtækjum óheimilt að leggja gjald á ein- staklinga nema á grundvelli skýrrar lagaheimildar.

Niðurstöður Neytendastofu eru þær að af þeim opinberu stofnunum og fyrirtækjum sem þátt tóku í könnuninni og inn- heimta seðilgjöld eða sambæri-

legar fylgikröfur hafa ein- ungis tvær stofnanir, Lánasjóður íslenskra námsmanna og Íbúðalána- sjóður, vísað til fullnægj- andi lagaheimilda til gjald- tókunnar.

Úrræði Neytendastofu

Í erindi sínu til opinberra stofnana og fyrirtækja óskaði Neytendastofa upp- lýsinga um hvort greiðandi kröfu gæti greitt hana með öðrum hætti, þannig að ekki kæmi til greiðslu seðilgjalds. Af þeim 44 aðilum sem innheimta seðilgjöld bjóða 32 greiðendum að semja um greiðsluleið. Þar af bjóða 14 stofnanir og fyrirtæki

Úrræðin ef lögaðilar láta ekki af innheimtu seðilgjalda eru skýr. Neytendastofa mun fylgja málinu eftir. Hefur stofnunin heimildir á borð við álagningu stjórnvaldssekta gagnvart lögaðilum vegna óréttmætra viðskiptahátta.

greiðendum upp á að greiða með öðrum hætti, án greiðslu seðil- gjalds eða sambærilegs auka- kostnaðar. Einkum voru boð- greiðslur, beingreiðslur, millifærslur í banka eða bein

greiðsla á starfsstöð stofnunar/ fyrirtækis nefnd í þessu sam- bandi.

Af þeim 44 opinberu stofnun- um og fyrirtækjum sem inn- heimtu seðilgjöld kváðust 19 aðspurð ætla að hætta gjaldtök- unni, en 19 hugðust ekki hætta henni. Sex höfðu ekki tekið ákvörðun um það, þegar fyrir- spurn Neytendastofu var svarað.

Úrræðin sem eru til staðar ef lögaðilar láta ekki af innheimtu seðilgjalda eru skýr. Neytenda- stofa mun fylgja málinu eftir. Samkvæmt lögum hefur stofnun- in heimildir á borð við álagningu stjórnvaldssekta gagnvart lögað- ilum vegna óréttmætra viðskipta- hátta.

Viðskiptaráðuneytið hefur falið Neytendastofu að gera úttekt á innheimtu seðilgjalda og sambærilegra fylgikrafna á einkamarkaði. Kannaðar verða fjárhæðir og grundvöllur slíkrar innheimtu, þ.e. hvort innheimtan byggist á samningi milli aðila eða öðrum grundvelli, sem og hvort greiðendum bjóðist að greiða kröfur með öðrum hætti þannig að ekki komi til greiðslu seðil- gjalds.

Nákvæm úttekt á því hverjir innheimta seðilgjöld og á hvaða forsendum mun því liggja fyrir og úrræðin við því ef ekki er látið af henni eru skýr.

Höfundur er viðskiptaráðherra.

Þurftirðu að skila jeppanum?

En þú kemst samt í sólina með Plúsferðum :)

Portúgal, Lagos - Nýtt

Verð frá:

43.970 kr.

á mann miðað við 2 fullorðna og 2 börn á Marina Park í 7 nætur, brottför 22. maí. Verð miðað við 2 í búð 52.340 kr.
Innfalið: Flug, gisting, íslensk fararstjórn og flugvallarskattar.

Plúsferðir leggja ávallt áherslu á að bjóða utanlandsferðir á hagstæðu verði. Besta verðið bókast fyrst.

Bókaðu strax á www.plusferdir.is



PLÚSFERÐIR – Lág múla 4 – 105 Reykjavík - Sími 535 2100

plús
FERÐIR

www.plusferdir.is

SENDIÐ OKKUR LÍNU

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísí eða í báðum miðlum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

AUDREY HEPBURN LEIKKONA
FÆDDIST PENNAN DAG ÁRIÐ
1929.



„Að ná frægð og frama er eins og að ná mikilvægum afmælisdegi og finna þá að þú hefur ekkert breyst.“

Audrey Hepburn braust úr fátækt til frægðar og frama í Hollywood þar sem hún lék í mörgum kvikmyndum. Ein hennar frægasta mynd er „Breakfast at Tiffany’s“.

tímamót

tímatot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 4. MAÍ 1880


Útför Jóns forseta og Ingibjargar

Pennan dag árið 1880 fór fram í Reykjavík útför Jóns Sigurðssonar forseta og konu hans, Ingibjargar Einarsdóttur. Þau létust í Kaupmannahöfn í desember 1879 með níu daga milli-bili en hvíla í Hólavallakirkjugarði í Vesturbæ Reykjavíkur.

Jón var leiðtogi Íslendinga í sjálfstæðisbaráttunni og bjó lengst af í Kaupmannahöfn. Heimili þeirra hjóna á Øster-Voldgade var Íslendingum ávallt opið og má kalla að þau hafi þar rekið félagsmiðstöð og athvarf. Þar er nú rekið minningarsafn um Jón og Ingibjörgu en auk þess er þar bókasafn og félagsaðstaða Íslendinga í

Kaupmannahöfn.

Jón og Ingibjörg eignuðust engin börn en ólu upp systurson Jóns. Þau giftu sig árið 1845 þegar Jón kom heim á þing en Ingibjörg hafði þá beðið í tólf ár í festum. Hún flutti með honum til Kaupmannahafnar þar sem hún stjórnaði búi þeirra hjóna af myndarskap. Jón var tíu sinnum kosinn forseti Alþingis og hefur enginn annar gegnt því embætti svo lengi. Á kistu Jóns var ritað: „Óskabarn Íslands, sómi þess, sverð og skjöldur“.



MERKISATBURÐIR

- 1803 Bjarni Bjarnason og Steinunn Sveinsdóttir frá Sjóundá voru dæmd til lífláts fyrir morð.
- 1948 Hvalstöðin í Hvalfirði tekur til starfa.
- 1957 Stofnun Önnu Frank sett á laggirnar í Amsterdam.
- 1976 Rokkhljómsveitin Kiss kemur fyrst fram.
- 1978 Brésnef, leiðtogi Sovétríkjanna, heimsækir Vestur-Pýskaland.
- 1981 Hönd grædd á stúlkun á Borgarspítalanum eftir vinnuslys í Sandgerði. Aðgerðin tók fjórtán klukkutíma.
- 1986 Solveig Lára Guðmundsdóttir fær flest atkvæði í prestkosningum á Sel-tjarnarnesi.



Móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

Sigríður Ingimarsdóttir

verður jarðsöngin frá Langholtskirkju mánudaginn 5. maí kl. 13.00. Að lokinni athöfn verður boðið upp á veitingar í Hlégarði í Mosfellsbæ. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Styrktarfélag vangefinna.

Guðrún Vilhjálmsdóttir	Pétur Björnsson
Árni Vilhjálmsson	
Guðbjörg Vilhjálmsdóttir	Torfi Tulinius
Arinbjörn Vilhjálmsson	Margrét Þorsteinsdóttir
Þórhallur Vilhjálmsson	Glenn Barkan
börn og barnabörn.	



Elskulegur eiginmaður minn, faðir,
tengdafaðir, afi og langafi,

Hjalti Þórarinnsson

fýrri verandi yfirlæknir og prófessor,
Laugarásvegi 36, Reykjavík,

andaðist á Hjúkrunarheimilinu Sóltúni að kvöldi dags 23. apríl. Verður jarðsöngin frá Langholtskirkju mánudaginn 5. maí klukkan 15.00.

Alma Anna Þórarinnsson (Thorarensen)	Halla Halldórsdóttir
Þórarinn Hjaltason	Ingibjörg Jakobsdóttir
Oddur Carl Hjaltason	Þórir Ragnarsson
Sigríður Hjaltadóttir	
Gunnlaug Hjaltadóttir	
Hrólfur Hjaltason	
barnabörn og barnabarnabörn.	



HVERT TÆKIFÆRI NOTAD Hér er gripið í nikkurnar á Húnavöllum í hóperfð félagsins. MYND/SIGURÐUR ÓLAFSSON

HARMONIKUFÉLAG ÞINGEYINGA: 30 ÁRA

Nikkan á ferð

Harmonikufélag Þingeyinga er næstelsta harmóníkufélag á landinu. Félagar eru tæplega 100 og er líflegri starfsemi haldið úti allt árið. Stefán Þórisson, bóndi í Hólkoti í Reykjadal, hefur gegnt formennsku síðasta árið en reglan er að stjórnin sitji ekki lengur en í tvö ár í einu.

„Þetta fyrirkomulag hefur reynst vel því þarna koma þá fleiri til starfa en annars hefðu gert,“ segir Stefán. „Reyndar spila ekki allir á harmóníku en þetta er opið félag og öllum velkomið að taka þátt.“

Stefán segir félagið líflegt og skemmtilegt og kraftmikil dagskrá einkenni félagsskapinn. „Starfsemin hefur frá upphafi verið heljarmikil hjá okkur og er enn.“

„Á sumrin, ef ekki er landsmót, er farið í tveggja til þriggja daga skemmtiferð innanlands. Þá hittum við gjarnan önnur harmóníkufélög og sláum upp dansleik. Nú erum við að fara í sjötta skipti austur á Breiðsdalsvík að halda dansleik þar og hann hefur alltaf verið vel sóttur og mikið dansað.“ Landsmót harmóníkuunnenda eru einnig miklar samkomur og standa venjulega í þrjú daga. Þar eru skipulagðir tónleikar og oft fengnir erlendir gestir til að spila. Í ár verður landsmótið í Reykjanesbæ og segir Stefán víst að einhverjir fari á mótið úr félagi Þingeyinga.

Auk landsmótsins hefur félagið farið í utanlandsferðir og stendur fyrir ýmsum skemmtunum. „Flest félögin halda sumarhátíð og okkar hátíð verður í júlí og þá verður dansað alla helgina,“ segir Stefán. „Í haust ætlum við svo að halda afmælis- og árshátíð fyrir félagi. Ég reikna með að formenn hinna harmóníkufélaganna komi til okkar svo þetta verður feiknamikil samkoma.“

heida@frettabladid.is



Elskulegur eiginmaður minn, faðir,
tengdafaðir, afi og langafi,

Gunnar Guðni Sigurjónsson

Hjallalandi 32,

andaðist á heimili sínu sunnudaginn 27. apríl. Útför hans fer fram frá Bústaðakirkju mánudaginn 5. maí kl. 13.00.

Rósa Hermannsdóttir	Svava Viktoría Clausen
Hermann Gunnarsson	Marisa Somvichian
Alfred Örn Hermannsson	Svava Óttarsdóttir
Gunnar Axel Hermannsson	
Gestur Hermannsson	
Viktoría G. Hermannsdóttir	Bjarni Lárus Hall
og langafabörn.	



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur
samúð og hlýbúg við andlát og útför eigin-
manns míns, föður okkar, tengdafaðir, afa
og langafa,

Baldvins Lárusar

Guðjónssonar

Halla E. Stefánsdóttir	Matthildur Sigurjónsdóttir
Börkur B. Baldvinsson	Ingunn L. Guðmundsdóttir
Guðjón B. Baldvinsson	Sigurbjartur Á.
Katrín K. Baldvinsdóttir	Guðmundsson

Þorsteinn V. Baldvinsson	Sigríður Björnsdóttir
Kristján G. Gunnarsson	Guðrún A. Jóhannsdóttir
Gunnur K. Gunnarsdóttir	Hlynur Þorsteinsson
Björk K. Gunnarsdóttir	Guðmundur Jónsson
Steinunn H. Gunnarsdóttir	Róbert G. Einarsson
barnabörn og barnabarnabörn.	



Þökkum innilega öllum þeim sem sýndu
okkur samúð og hlýbúg við andlát og útför
elskulegrar móður okkar, tengdamóður,
ömmu, langömmu og langalangömmu,

Huldu Guðjónsdóttir

frá Bæ í Lóni, síðast til heimilis að
Hrafnistu Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Hrafnistu Hafnarfirði fyrir góða umönnun.

Erla Sigfúsdóttir	Geir Sigurðsson
Kristín Sæmundsdóttir	Þórður Þórðarson
Þórarinn Sæmundsson	Brynja Benediktsdóttir
ömmubörn.	



Elskulegur bróðir okkar, mágur og frændi,

Hafsteinn Erlendsson

Höfðabraut 3, Akranesi,

andaðist miðvikudaginn 30. apríl. Útförin fer fram frá Akranesirkirkju fimmtudaginn 8. maí kl. 14.00.

Þorvarður Ellert Erlendsson	Áslaug Valdimarsdóttir
Birgir Þór Erlendsson	
og aðrir aðstandendur.	



70 ára afmæli

70 ára afmæli á dag sunnudag 4. maí

**Þorvarður
Brynjólfsson**

Sérfræðingur í heimilislækningum
Búsettur í Noregi
Verður hjá dóttur sinni Mávahrauni
12, Hafnarfirði.



75 ára afmæli

Í dag 4. maí er

**Aðalbjörg
Guðmundsdóttir**

75 ára.

Í tilefni þess býður hún ættingjum og
vinum að gleðjast með sér í sal FVA
að Vogabraut 5, Akranesi, milli
klukkan 15 og 18.

Legsteinar

í miklu úrvali



Steinmiðja

• Viðarhöfða 1
• 110 Reykjavík

• Sími 566 7878

• Netfang: rein@rein.is

REIN

LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR

Mikið úrval
Yfir 40 ára reynsla
Sendum myndalista

MOSAÍK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 - www.mosaik.is





**Komdu
nordur!**



Menning



Afslöppun



Listir



Útivist

Helgarævintýri á Akureyri

Akureyri býður upp á fjölbreytta möguleika fyrir þá sem vilja njóta ævintýralegrar skemmtunar í einstöku umhverfi. Jarðböðin við Mývatn og fleira stórskemmtilegt er að finna steinsnar frá.

Nokkrar staðreyndir um ferðamannabæinn Akureyri:

- Leikhús, listasafn og fjöldi annarra skemmtilegra safna og gallería, tónleikar, viðburðir.
- Skíðaparadís, 2 sundlaugar, 3 líkamsræktastöðvar, 5 heilsulindir, skautahöll, nyrsti 18 holu golfvöllur í heimi, lystigarður, keilusalur með 8 brautum, gönguleiðir og skipulagðar gönguferðir, siglingar, reiðtúrar, óvissuferðir, Hrísey og að sjálfsögðu Kjarnaskógur.
- 5 hótél, 12 gistiheimili, 200 orlofsíbúðir, 2 tjaldsvæði og aðrir gistimöguleikar allt um kring.
- 16 veitingastaðir, Matur úr héraði, 12 skyndibitastaðir og sjoppur, 8 kaffihús, 2 kvikmyndahús, 6 skemmtistaðir.
- Auðvelt að komast um: Frítt í strætó og frí bílastæði - munið bílastæðaklukkurnar.
- Gott úrval ólíkra verslana.

Nánari upplýsingar á visitakureyri.is og nordurland.is

Aldrei vesen en stundum tuð

Gunnar Helgason var með poppstjörnu-fordóma gagnvart **Felix Bergssyni** þegar hann kynntist honum fyrir um 15 árum. Felix hlakkaði hins vegar til að vinna með Gunna og í dag hafa þeir gert eina fimmtíu sjónvarpsþætti saman og eru enn að skemmta börnum þessa lands og ekki síður foreldrum. **Júlía Margrét Alexandersdóttir** ræddi við félagana um útlönd, æsku og leiklist.

Á RÖKSTÓLUM

Hvað vitið þið um æsku hvor annars?

Felix: Gunn er Dróttari, ólst upp í því hverfi og spilaði fótbolta. Hann á ættir að rekja austur á land. Foreldrar hans heita Helgi og Margrét – mikið eðalfólk – en móðir hans er frömuður í leikskóla- og kennslumálum þannig að þaðan kemur mikið inþútt í það sem við höfum verið að gera í okkar barnaefni. Faðir hans er hins vegar fyrrverandi vegamálastjóri og það varð þess valdandi að Gunn þekkir alla vegi á Íslandi. Ég held að enginn nema hann fari um landið og sýni fólki fallega vegi. „Þessi hér sem við sjáum fram undan er sérstaklega vel uppbyggður.“ Hver var sá fallegasti aftur?

Gunni: Nú, það er vegurinn í Langadalnum. Hann var sléttasti vegur landsins í nokkur ár eftir að við lögðum hann.

Felix: Svo þekki ég systkini hans ágætlega, Nínu, Hallgrím og tvíburabróður hans Ásmund. Kom eitthvað dramatískt fyrir hann, spyrðu? Ehehehehe...

Gunni: Þú mátt alveg nefna sterna.

Felix: Nei, er það? Ég fer ekkert að ræða það í einhverju viðtali við Fréttablaðið að þú hafir farið á stækkunarstera.

Gunni: Það hafði allavega áhrif á æskuna.

Felix: Það hafði mikil áhrif á hann að vera tvíburi og alls ekki á neikvæðan máta. Og Ási er mjög skemmtilegur.

Gunni: Ef það er verið að fiska eftir því hvort eitthvað gerðist á mínum uppvaxtarárum, þá gerðist bara nákvæmlega ekki neitt. Það var bara heiður himinn og sól. Og það stendur mér fyrir þrifum sem listamanni.

Felix: Já, þú varst ekki í svona austurrískri fjölskyldu?

Gunni: Karlinn í kjallaranum var kannski skritinn en það var ekkert meira en það. En að Felixi. Hann kemur úr stórum systkinahópi eins og ég og á líka frábæra foreldra. Hann er elstur sinna systkina og það mótar hann: Er með mikla ábyrgðartilfinningu. Mamma hans er hjúkrunarfræðingur og pabbi hans var leikskólalaforinginn í Reykjavík í 20-30 ár og þar af leiðandi þekkti hann mömmu mína þannig að þegar við Felix byrjuðum saman voru foreldrar okkar mjög ánægðir.

Felix: Hahahaha!

Gunni: Allt þeirra tal um börn og hvað er gott fyrir þau síadist inn og ég efast ekki um að það hefur haft áhrif á okkur Felix. Felix eyddi fyrstu árunum sínum á Blönduósi og ég var mjög hissa þegar hann sagði mér það því hann er eins mikill 101-gæi og hægt er að vera. Það er reyndar svolítið þannig með fólk úti á landi sem flytur í bæinn – það gengst upp í því að búa í miðbænum. Felix er kominn í einhver borgarráð og svona – enþá að reyna að sanna sig í bænum þegar hann er í rauninni bara utan af landi. Felix er harður KR-ingur, ólst upp í Vesturbænum og býr í dag í húsinu sem hann ólst upp í, ég man nú aldrei hvað gatan heitir, þetta er rétt hjá Ægisíðunni.

Felix: Starhagi. Mesta ríkisbubbagata Reykjavíkur núorðið.

Gunni: Þarna heyrirðu snobbið í honum. Þetta finnst honum gaman. Við hin sem ólumst hins vegar upp í Reykjavík – okkur finnst bara allt í lagi að búa í Hafnarfirði í dag. Við þurfum ekkert að vera að stressa okkur á þessu. Ekki má gleyma því að Felix varð svo poppstarna á Íslandi með Greifunum. Í þrjú, fjögur ár var hann aðalstjóri. **Felix:** Nei, nei, það var nú bara



AUKAVERKEFNI Á LISTANUM Ef Gunnar Helgason fengi að ráða myndi hann láta Felix Bergsson stjórna Listahátíð. Felix myndi hins vegar vilja að Gunnar skrifaði meira.



Felix: Ég hafði því séð þeirra sýningar og var bara rosa spenntur fyrir þessum strák: Gunna Helga.

Gunni: Er það?

Felix: Já, Gunn - bara sem leikara.

Gunni: Já, ég veit það! Ég er bara að heyra þetta í fyrsta sinn - gaman að heyra þetta.

eitt ár. Það halda allir að það sé lengri tími.

Gunni: En það var sjokk fyrir þjóðina þegar Felix ákvað að hætta í Greifunum og fara í leiklistarskólann.

Felix: Og þá var æskunni lokið.

Eflaust útskrifast úr bréfaskóla

Hvernig leist ykkur á hinn við fyrstu kynni:

Gunni: Ég var nú með smáfordóma gagnvart Felix þegar ég hitti hann fyrst. „Þarna er þessi

poppstjarna sem fór í – puh – einhvern leiklistarskóla í útlöndum. Öruglega einhvern bréfaskóla.“ Þarna var maður nýútskrifaður úr þessum, að því er manni fannst, stórkostlega Leiklistarskóla Íslands og maður var svo rosaleg stjarna. En var auðvitað bara með minnimáttarkennd gagnvart raunverulegu stjörnunni. Fordómarnir skuluðust svo af eftir mínútukynni.

Felix: Ég var einmitt ekki með neina fordóma og var rosalega

spenntur að fá að vinna með Gunna. Við útskrifuðumst á sama árinu og höfðum verið samtíma í leiklistarnáminu, hann hér heima og ég úti, og ég fylgdist því vel með hans bekk og átti góða vini þar. Ég hafði því séð þeirra sýningar og var bara rosa spenntur fyrir þessum strák: Gunna Helga.

Gunni: Er það?

Felix: Já, Gunn - bara sem leikara.

Gunni: Já, ég veit það! Ég er bara

að heyra þetta í fyrsta sinn, gaman að heyra þetta.

Betra tveir en einn

Hvert var ykkar fyrsta verkefni saman?

Felix: Það var þessi talsetning á barnaefni fyrir Stöð 2. Þættirnir hétu: Sesam opnast þú. Við lékum þá félagan Bert og Árna og hittumst tvisvar til þrisvar í viku og þá byrjuðu miklar samræður á milli okkar, meðal annars um barnaefni.

Gunni: Því þegar maður er að lesa inn á barnaefni verður maður svo pirraður á lélega barnaefninu og aftur á móti svo glaður yfir því góða en þessir þættir voru frábærir. **Felix:** Þennan vetur var ég svo að vinna fyrir sjónvarpið, var með skemmtiþátt sem hét Slett úr klaufunum, og í kjölfarið var mér boðið að taka við Stundinni okkar haustið 1994. Ég sá mig einhvern veginn ekki fyrir mér gera það

en fór svo að tala um þetta þegar ég hitti Gunna næst í talsetningunni og hann rétti upp hönd og sagði: Ég skal gera þetta með þér! Og þá meikaði hugmyndin einhvern veginn algjörlega sens. Og í kjölfarið hófust þessi tvö ævintýraár okkar þar sem við gerðum um fimmtíu þætti.

Jin og jang

Hvað er það sem hvor um sig kemur með inn í „Gunna og Felix-tvíeykið“? Hvernig bætið þið hvor annan upp?

Gunni: Felix hefur ábyrgðartilfinninguna og er eldri bróðirinn í sambandinu. Þegar við erum að skemmta sér hann um að græjurnar séu í lagi, er búinn að raða lögnum upp og það er allt saman mjög þægilegt. Ef það á hins vegar að semja um peninga þá er betra að ég sjái um það. Hann skipuleggur og skipuleggur, fullkomlega, en svo þegar einhver spyr: „Og hvað viljið þið fá borgað?“ „Æi, eigum við ekki bara að gera þetta ókeypis?“

Felix: Jú, akkúrat, það er svolítið þannig. Heitir að vera aumingi. En ég verð nú samt að segja, að það er svolítið augljóst að Gunni er loftkenndari og er með brjáluðu hugmyndirnar á meðan ég á það til að kippa honum svo niður.

Gunni: En það fallega við það er að svo snýst dæmið alveg við og Felix fær brjálada hugmynd og ég toppa það ekki. Það er bara eitthvað jin og jang í gangi þarna á milli okkar. Og aldrei vesen. Nema einu sinni. Þegar Felix missti sig, í eina mínútu. Og svo búið.

Felix: Nei, við rífumst aldrei. Tuðum kannski eins og gömul hjón, þirrumst aðeins og svona. En fyrr má nú vera í samstarfi sem hefur náð yfir fimmtán ár.

Fullorðinshumor

Þegar þið byrjuðu að gera barnaefni - hvernig barnaefni vissuð þið að þið vilduð gera og hvernig barnaefni vissuð þið að þið vilduð alls ekki gera?

Felix: Við tókum meðvitaða ákvörðun um það að gera efni fyrir börn en vera hins vegar ekki með börn í þáttunum. Annað sem við ákváðum var að blanda saman skemmtun og fræðslu og þriðja atriðið sem kom inn var að við bærum virðingu fyrir viðfangsefninu.

Gunni: Já, að tala ekki niður til barnanna. Og við vildum alls ekki innihaldslaust grín og glens heldur geta kennt eitthvað í leiðinni. Án þess þó að krakkarnir hugsu: „Já, núna er verið að kenna manni eitthvað,“ því það setur þau í varnarstöðu. Við gerðum það líka meðvitað að setja inn fullorðinshumor enda gátum við ekki hugsað okkur að gera eitthvað sem okkur sjálfum þætti ekki fyndið.

Felix: Enda nenna foreldrarir þá frekar að setjast niður og eyða tíma með börnunum meðan horft er. Við lögðum líka óneitanlega minni áherslu á myndræna hlutann og meiri á það hvað væri skrifað og fengum rithöfundu til að skrifa fyrir okkur. Þorsteinn Guðmundsson skrifaði fyrir okkur fyrsta árið og Þorvaldur Þorsteinsson allan tíman. Hallgrímur Helga skrifaði og Davíð Þór Jónsson. Við vorum svo með alveg frábæran upptökustjóra allan tíman, hana Ragnheiði Thorsteinsson.

Gunni: Og þættirnir hefðu ekki orðið neitt ef hennar hefði ekki notið við. Við vorum þríeyki, nema að við tveir vorum þeir einu sem sáust í mynd. Og hún var ekkert að skafa utan af hlutunum, hún sagði hiklaust við okkur: „Strákar, þetta er leiðinlegt.“ Og við urðum þá að gera eitthvað nýtt.

Felix: Og svo er hitt þríeykið sem við eigum með Jóni Ólafssyni tónlistarmanni og með honum höfum við gert ógrynnin öll af geisladiskum.

Útlönd

Hvað vitið þið um hvað hinn er að gera í dag?

Felix: Gunni er á fullu að leikstýra.

Gunni: Tekurðu eftir því að Felix byrjar alltaf að tala? Mér finnst það reyndar mjög þægilegt.

Felix: Gunni er fyrst og fremst leikstjóri og er búinn að vera að gera það rosalega gott erlendis, í Finnlandi, Póllandi og Rússlandi. Og er nú í þriðja skiptið í Þjóðleikhúsinu með leikrit: Ástin er diskó, lífið er pönk, sem mun eflaust slá í gegn. Síðan er hann á leiðinni til Stokkhólms að leikstýra Hellsbúanum og ætlar eftir það í frí, langþráð, með fjölskyldunni. Í allt sumar verður hann svo að skemmta börnum um allt land. Hvert ætlar hann í frí? Kýpur, var það ekki?

Gunni: Það byrjar á K.

Felix: Bíddu... Kó ... Kósóvó?

Gunni: Nei!

Felix: Nei, þarna hitt landið, meina ég!

Gunni: Já, Afganistan kannski?

Felix: Nei, æ, ég veit það, ég veit það... ekki Bosnia heldur – Króatía! Því þar var Gunni nefnilega skiptinemi.

Gunni: Jamm. En ég hef ekki hugmynd um hvað Felix er að gera! Hann er bara í útlöndum! Bara núna í vetur er hann búinn að fara til Argentínu, Perú, Bólivíu, Venesúela og Kostaríku. Og Bandarík-anna, Kína og Frakklands. Næst á dagskrá er Írland. Þú veist, hvað ertu eiginlega að gera Felix?

Felix: Já, þegar stórt er spurt. Ég vinn auðvitað á Rás 2 og geri efni frá öllum þessum stöðum. En svo hef ég verið að fylgja eiginmanni mínum eftir sem er í rannsóknarleyfi frá Háskóla Íslands og hann hefur verið á fyrirlestrarferðum.

Gunni: Ég hef fengið ímeil frá öllum þessum stöðum.

Felix: Já. Svona „ógeðslega gaman hjá mér en ekki þér-tölvupóst“: „Sít úti á svölum í geðveiku veðri.“

Stjórna og skrifa

Ef þið ættuð að lokum að bæta

inn einu verkefni á verkefnalista hins: Hverju mynduð þið skella þar inn?

Felix: Nú mátt þú byrja, Gunnar Helgason.

Gunni: Gunni og Felix – the Movie.

Felix: Mér finnst að Gunni ætti að skrifa meira.

Gunni: Já, ég segi það sama um Felix.

Felix: Hann er miklu betri en Hallgrímur. Og ætti að skrifa fyrir miðlana sjónvarp og bíó.

Gunni: Ég er nú alveg sammála með Felix, hann hefur skrifað barnabók og nokkur leikrit. En eitt sem ég vil að Felix verði í lífinu umfram annað: Hann á að verða stjórnandi Listahátíðar í Reykjavík. Hann veit allt um allt, allar listgreinar og hefur þessi mannlegu samskipti. En þá getur hann því miður ekkert unnið með mér. Sem er verra.

→ VISSIR ÞÚ AÐ ...

...Gunni og Felix fá grænar yfir laginu sínu um Markó Póló.

...fyrsta verkefni Felix á opinberum vettvangi var þegar hann var fenginn til að afhenda blómvönd á Sinfóniutónleikum á Blönduósi. Hann var sex ára.

...fyrsta verkefni Gunna var þegar hann var kynnr á skólaskemmtun í Álfamýrarskóla. Gestir veltu því fyrir sér hvernig hann komst upp og niður af sviðinu því þangað gekk hann með lokuð augun og talaði allan tímann með lokuð augun. Hann var sjö ára.

...Felix á afmæli á fyrsta degi ársins. Gunni á hinsvegar afmæli seint, 24. október.



Með bílinn handa þér

TOGARATILBOÐ
HYUNDAI TUCSON 4X4
2.0L., BENSÍN, BEINSK. + AUKAPAKKI
VERÐ KR. **2.990.000**



[Aukahlutapakki]
[að verðmæti kr. 290.000]

Hyundai Tucson siglir nú inn á markaðinn á fantagöðu verði. Við köllum hann í gamni togara, því hann fer létt með að draga bæði fellihýsi og hjólhýsi. Hann er líka drekkhlaðinn aukabúnaði en innifalið í verðinu er dráttarbeisli, bakkskynjarar, heilsársdekk og smart vindskeið. Þetta eru ný viðmið í verði á þessum einum mest selda jepplingi á Íslandi.

HYUNDAI www.hyundai.is

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - www.bl.is
Keflavík 421 4444 - Selfoss 575 1460 - Akranes 431 2622 - Akureyri 461 2533 - Egilsstaðir 471 2524

Ísland: Hið ljúfa líf

Einangrun, kuldi og harðgerð náttúra. Íslendingar hafa löngum þurft að takast á við ærinn vanda. Í dag eru þeir hamingjusamasta þjóð í heimi og landið býður upp á mestu lífsgæði sem völ eru á. Látum þá sjálfa útskýra hvernig þetta er mögulegt.

Það hlýtur að vera eitthvað bogið við það að bestu lífsskilyrðin sé að finna í landi sem er jafnframt með hæstu fæðingar- og skilnaðartíðni í Evrópu og mestu atvinnuþátttöku kvenna.

Menn kynnu einmitt að álíta sem svo að þar sem aragrúi er af börnum, brotnum heimilum og einstæðum mæðrum hljóti að finnast uppskriftin að félagslegri óreiðu og eynd. Sú er þó ekki raunin á Íslandi, sem varð í efsta sæti Human Development Index (UNDP) um lífsgæði. Þar er gerð úttekta á þjóðfélaginu, efnahag og námsmöguleikum. Ísland skorarði þar hæst. Tímaritið The Guardian gerði einnig rannsókn árið 2006 og þar segir að Íslendingar séu hamingjusamasta þjóð heims (til að sýna fram á sannleiksgildi hennar má geta þess að Rússar reyndust vansælastir allra þjóða). En hvernig fara Íslendingar að því að vera svona hamingjusamir í landi þar sem skammdegi þjarmar að sálartetrinu en síðan koma albjört sumur?

Aföllin vinna ekki á eyjaskeggjum

Oddný Sturludóttir, sem er 31 árs tveggja barna móðir, rakti fyrir mig raunir 25 ára vinkonu sinnar. Hún er þriggja barna móðir en ekki er langt síðan barnsfaðirinn lét sig hverfa. „Henni finnst hún ekki vera í neinum ógöngum,“ segir Oddný. „Hún er full af bjartsýni og býr sig undir að láta til sín taka í lífi og starfi.“

Þetta viðhorf vinkonunnar, sem fannst ekkert tiltökumál að vera í aðstæðum sem flestar konur annars staðar á Vesturlöndum teldu hina mestu hörmung, getur hjálpað til við að skilja af hverju þessir 313 þúsund íbúar eru svo skynsamir, hamingjusamir og miklir sigurvegarar í lífinu.

Par koma einnig aðrir þættir inn í og af nógu er að taka. Þjóðin er í hópi þeirra sex ríkustu þegar miðað er við tekjur á hvern íbúa, lífslíkur karla eru þær mestu í heiminum og lífslíkur kvenna meðal þeirra mestu, Íslendingar eru eina þjóðin innan NATO sem ekki er með her (slíkt hefur verið bannað í 700 ár), hvergi eru farsímar jafn útbreiddir og þar, bankar landsins eru í örrari útrás en annars staðar þekktist, hvergi kaupast íbúarnir fleiri bækur, útflutningur hefur vaxið gríðarlega, loftið er kristaltært, heita vatnið rennur í hús þeirra úr iðrum jarðar og svona má lengi telja.

Arfleifðin frá víkingunum

Ekkert af þessu væri mögulegt ef Íslendingar byggju ekki við það öryggi sem þar ríkir. Þeir hafa frá aldaðli verið einhuga um að búa vel að börnunum meðan þau eru að komast til manns og lætur þar enginn sitt eftir liggja. Þessi rótgróna hefð á rætur sínar að rekja til víkinganna. Reyndar settu þeir ekki fyrir sig að ræna og nauða á ferðum sínum en siðferðiskenndinni var þó þannig háttað að þeir létu enga ófund í ljós vegna ævintryra eiginkvennanna í fjarveru karlanna, sem gat varað í árarad-ir.

Gömul kona útskýrði þetta fyrir mér í minni fyrstu Íslandsferð fyrir tveimur árum. „Karlarnir fóru í víking en konurnar réðu ríkjum heima fyrir. Þær eignuðust börn með húskörlunum en eiginmennirnir gengu þeim í föðurstað þegar heim var komið og fögnuðu bara barnaláninu.“

Oddný er gott dæmi um þessa arfleifð. Hún er píanóleikari, grannvaxin og aðlaðandi. Hún talar reiprennandi þýsku, þýðir bækur úr ensku yfir á íslensku og er borgarfulltrúi í Reykjavík. Hún varð ólétt eftir Þjóðverja fyrir fimm árum þegar hún var við nám í Stuttgart. Á meðgöngunni sagði hún svo skilið við barnsföðurrinn og tendraði bál úr gömlum ástar-

glæðum með rithöfundinum og listmálaranum Hallgrími Helgasynti. Þau héldu á heimaslóðir þar sem þau bjuggu nýfæddum drengnum bú og nú eiga þau svo saman eina dóttur. Hallgrímur sér vart sólna fyrir börnunum tveim en Oddný telur það afar mikilvægt að drengurinn viðhaldi tengslunum við líffræðilegan föður sinn. Þess vegna fer sá þýski reglulega til Íslands og gistir hjá þeim Oddnýju og Hallgrími eins og ekkert væri eðlilegra.

„Það er hefð fyrir brotnum fjölskyldum hér á landi,“ sagði Oddný þegar ég hitti hana heimili hennar. „Það er ekkert óeðlilegt við það að konur eignist börn með fleiri en einum manni. Enginn er þó útskúfaður úr fjölskyldunni.“ Þegar barnaafmæli rennur upp mæta ekki aðeins líffræðilegur faðir og uppeldisfaðir, heldur einnig foreldrar þeirra og svo heill flokkur af frændum og frænkum.

Langt og erfitt var að fara fyrir kristna trúboða miðalda til að efla kristnihald eyjaskeggja í miðju Norður-Atlantshafi í næsta nágrenni við Grænland. Aðeins alþjóðskustu trúboðar lögðu slíkt ferðalag á sig. Sjálfir henda Íslendingar gaman að því að segjast vera heiðnir að miklum hluta sem láti ekki kreddur trúarinnar málbinda sig. Þetta hefur leitt til þess að þeir eru hagsýnir og einhenda sér í það sem gera þarf. En þetta hefur líka leitt til fjölmargra skilnaða. „Þetta er kannski ekkert til að stæra sig af,“ segir Oddný og brosir í kampinn. „En Íslendingar láta hreinlega ekki yfir sig ganga að vera í sambúð sem gengur illa. Þeir slúttu svoleiðis löguðu.“ Og ástæðan fyrir því að þeir geta það er sú að karlpeningurinn og samfélagið í heild fordæmir ekki fólk sem skilur. Svo er hvatningin um að þrauka í sambúð barnanna vegna ekki til staðar. Hagur barnanna er hvort sem er tryggður þar sem allir munu sameinast um að vera þeim innan handar. Auk þess eru mestar líkur á því að tengslin við föðurinn rofni ekki þar sem þau verða í sameiginlegri forsjá beggja foreldra.

Aldagömul hefð og nútímalegar konur

Öryggið sem fylgir þeirri vissu að hagur barnanna verði tryggður hvernig sem foreldrunum reidir af í sambúð sinni gerir íslenskum konum einnig kleift að viðhalda þeirri aldagömlu hefð að eignast börn meðan þær eru ungar. Og það gera þær án þess að gefa nokkuð eftir gagnvart kröfum nútímans. (Þess má til dæmis geta að fyrir 28 árum voru Íslendingar fyrstir til að kjósa konu sem forseta landsins en hún var einstæð móðir). „Það verður að vera alveg skýrt að ég er ekki að tala um unglingsstúlkur sem verða óléttar fyrir slysi heldur konur á þrítugsaldri sem vilja eignast barn jafnvel þótt þær séu enn í háskóla.“

Það er fátítt að sjá þungaða háskólastúlku á Spáni en það er hins vegar daglegt brauð á Íslandi. Á kaffistofu nemenda í Háskólanum í Reykjavík er algengt að sjá þungaðar stúlkur og jafnvel aðrar með barn á brjósti. „Þetta er ekkert tiltökumál,“ segir Oddný. „Námslokum er frestað um eitt ár, ég held að það geri nú ekki mikið til.“

Konan að vinna og karlinn með barnið

Svafa Grönfeldt, rektor við Háskólann í Reykjavík, talar um það hvernig fæðingarorlofið er hér á landi. Hún segir að vinnandi fólk eigi rétt á níu mánaða fæðingarorlofi sem er borgað af ríkinu og foreldrarinn geti skipt þessum níu mánuðum jafnt á milli sín, allt eftir þörfum.

„Fæðingarorlofið átti stóran þátt í réttindum kvenna hér á landi,“ segir Svafa.



HIÐ LJÚFA LÍF Á ÍSLANDI Íslendingar setja það ekki fyrir sig að slíta samvistum frekar en að þola sambúð sem illa gengur. Börnin eru þó ávallt bundin örjúfanlegum böndum sem liggja í ýmsar áttir og tryggja velferð þeirra sama hvernig foreldrum reidir af í sínu tilhugalífi.



ODDNÝ STURLUDÓTTIR



SVAVA GRÖNFELDT



GEIR H. HAARDE

Hún tók fæðingarorlof með sínu fyrsta barni í níu mánuði og segir að eftir að seinna barn hennar fæddist hafi eignamaður hennar tekið fullt fæðingarorlof og hún farið að vinna. Hún talar um starf-ítt hjá Actavis þar sem hún ferðaðist 300 daga á ári. Svafa segir að fyrst hafi hún haft efasemdir og samvískubít yfir því að vera að vinna en síðan áttað sig á því að það væri óþarfi þar sem maðurinn hennar var heima fyrir.

„99 prósent foreldra nýta sér þjóðustu leikskólanna sem er í boði hér á landi, hvort sem foreldrar þeirra eru milljarðamæringar eða píparar,“ útskýrir Svafa.

Heimurinn og ég

Svafa er ákveðin kona með stutt hár og full af kímni. Skrifstofa hennar er í stíl við persónuleikann. Þar er engu ofaukið. Hún er ekki einu sinni með skrifborð. Þar gættir norrænna áhrifa og margir myndu ófunda hana af útsýninu. Frá glugga hennar sjást græn og rauð húsbök sem minna á húsin í Monopoly-borðspilinu.

Íslensk náttúra er falleg en hún hefur ekki alltaf reynst gjöful. Fyrir þúsund árum var Ísland nánast óbyggilegt og fyrir tíma rafmagns og olíu var oft erfitt að færa björg í bú. „Við vorum ekki aðeins hörd í horn að taka, því drifkrafturinn og ímyndunaraflið sem ein-kennir Íslendinga hefur haldið okkur gangandi,“ lýsir Svafa og bætir við: „Ef þú notar ekki ímyndunaraflið hér stoppar allt, og ef það stoppar þá deyr það.“

Ímyndunaraflið dreif víkingana áfram í siglingar um heiminn. Svafa fór einnig í víking og eyddi tíu árum á erlendri grundu, bæði í Bandaríkjunum og Bretlandi, eins og svo margir Íslendingar gera. Það eru ansi fáir sem sem tala ekki ensku, og margir tala góða spænsku. Ísland er opið land og er nú að bjóða heiminum til sín. Háskóli Reykjavíkur hefur á sínum snærum kennara frá 23 löndum, og hugmyndin á bak við

það er að skapa alþjóðlegan grundvöll fyrir nemendur og kennara á sviði menntunar.

„Þeir nemendur sem ætla að læra í Háskólanum í Reykjavík verða að tala ensku því hér fer svo mikið af kennslunni fram á ensku,“ segir Svafa. En óttast þá menn ekki um íslenskuna sem er á svo fárra færi? „Alls ekki, okkar tungumál er í góðum málum,“ svarar Svafa.

Ísland hefur ekki fallið í sömu gryfju og aðrar smáþjóðir (þá aðallega þjóðir sem eru minni en Ísland) sem fara með veggjum í alþjóðasamfélaginu. Eyjaskeggjarnir atarna láta til sín taka.

Sameina það heimsins besta

Íslendingar kunna þá list að koma auga á það besta og samлага það sínu samfélagi. Þetta var umræðuefni okkar Geirs Haarde forsætisráðherra, sem ég kynntist þegar hann var viðstaddur opinbera athöfn í heitum almenningsspottum. Í þessum heitu pottum eru Íslendingar vanir að koma saman og ræða málin svo þeir skipa svipaðan sess og pöbbarnir á Bretlandi. Forsætisráðherrann var þægilegur í viðmóti, rétt eins og allir landar hans sem ég hef kynnt, og það var ekki öryggisgæslunni fyrir að fara þegar ég fékk hann afsíðis til að svara nokkrum spurningum, enda eru glæpir afar fátíðir á Íslandi.

„Ég tel að við Íslendingar höfum sameinað það besta frá Evrópu og Bandaríkjunum, það er að segja norræna velferðarkerfið og frelsi í anda Bandaríkjamanna sem hentar vel framsæknum fyrirtækjum,“ segir Geir og leggur síðan mikla áherslu á að skattar einstaklinga og fyrirtækja á Íslandi séu mun lægri en á hinum Norðurlöndunum. „Þetta hefur leitt til þess að íslensk fyrirtæki flytja ekki rekstur sinn úr landi og erlend fyrirtæki hafa komið árum sínum vel fyrir borð hér á landi. Þannig hefur okkur tekist, með því auka skilvirkni og lækka

skatta, að auka skatttekjur um 20 prósent.“ Það gerir síðan Íslendingum kleift að bjóða upp á gjaldfrjálsa menntun í hæsta gæðaflokki og sómuleiðis gott heilbrigðiskerfi. Læknisþjónusta í einkageiranum vex einnig fiskur um hrygg, sérstaklega þegar kemur að lýtalækningum.

„Við erum líka Afríkumenn“

Við Svafa töluðum um hvernig Íslendingar hefðu samlagð öll heimsins gæði að sínu samfélagi; manndöina frá hinum Norðurlöndunum og drifkraftinn frá Bandaríkjunum. Við töluðum einnig um að Íslendingar kynnu að skemmta sér og njóta lífsins, sennilega fyrir tilstuðlan víkingagenanna. Þar eru þeir engir eftirbátar hinna léttlyndu og áhyggjulausu íbúa í sunnanverðri Evrópu. Ég benti einnig á önnur lífsgæði sem Evrópubúar fara að mestu á mis við en fyndust þó í ríkum mæli í Afríku og á Íslandi. Það er hvernig hagur barnanna er tryggður þótt fjölskyldumynstrið sé margbrotið, þar sem faðirinn býr jafnvel ekki undir sama þaki og afkvæmi sín og móðirin er oft fjarverandi vegna vinnu. En það koma svo margir að uppeldinu að börnunum finnst þau strax tilheyra allri stórfjölskyldunni. Svöfu leist vel á. „Já, við eru líka Afríkumenn!“

Við vorum sammála um að Íslendingar hefðu sameinast um öll heimsins gæði og væru því skólalabókardæmi fyrir afganginn af heimsbyggðinni um það hvernig hægt sé að lifa í sælu þar sem kreddur, hleypidómur og yfir-drepsskapur eru látin lönd og leið.

Greinina skrifaði blaðamaðurinn John Carlin og birtist hún í spænska dagblaðinu El País þann 6. apríl síðastliðinn. Hún bíður nú birtingar í The Guardian. Fréttablaðið birtir hana í styttri útgáfu og í þýðingu Jóns Sigurðar Eyjólfssonar og Miklaels Rivera.

maí 2008
Sport

[SÉRBLAD FRÉTTABLADSINS UM ÍPRÓTTIR]

» **GAMLIR EN GÓDIR**
SÓKNARMENN FH ELDAST
EN EIGA NÓG EFTIR

ÍSBAÐIÐ

» FRÆGA «

SPORT FÉKK AÐ FYLGJAST
MEÐ ÞVÍ ÞEGAR **GUÐJÓN**
ÞÓRÐARSON SENDI LEIK-
MENN ÍA Í ÍSKALT ÍSBAÐ.
GUÐJÓN SEGIR BAÐIÐ
GEFA GÓÐA RAUN OG
ÞAÐ FARI EKKI Í
FRÍ Í SUMAR

» **VALSFJÖLSKYLDA**
INGI BJÖRN ALBERTSSON
ER BÆÐI MEÐ SONINN
OG TENGDASONINN Í VAL

» **ENGIN PRESSA**
LOGI ÓLAFSSON SEGIR
AÐ KR SÉ AÐ BYGGJA
TIL FRAMTÍÐAR

Knattspyrnan finnur fyrir kreppunni



FRÁ RITSTJÓRA
Henry Birgir Gunnarsson



Í rauninni má segja að gegndarlausu launafylleri síðustu ára sé lokið og vonandi eru félögin í stakk búin til þess að mæta timbormönnum.

Það er ekki bara hinn almenni þjóðfélagsþegn sem finnur fyrir slæmu efnahagsástandi þessa dagana. Íþróttafélögin á Íslandi finna einnig rækilega fyrir því að einstaklingar og fyrirtæki eru að draga saman seglin og það mun líkast til hafa sín áhrif á félögin.

Í rauninni má segja að gegndarlausu launafylleri síðustu ára sé lokið og vonandi eru félögin í stakk búin til þess að mæta timbormönnum.

Það er ekkert launungarmál að launin í íslenska boltanum hafa farið verulega hækkandi í góðærinu síðustu árin og á köflum hafa launamálin farið út í algjört rugl.

Mörg stærstu félög landsins hafa verið myndarlega styrkt af stórfyrirtækjum og einnig hefur munað verulega um fjárhagslegan stuðning fjárfsterkra einstaklinga. Aðstæður þessara einstaklinga og fyrirtækja eru allt aðrir í dag en þær voru fyrir nokkrum mánuðum og það er samdóma álit þeirra manna sem ég hef rætt við að félögin gætu fundið verulega fyrir kreppunni á næstu mánuðum. Félögin segjast mörg hver þegar finna fyrir breyttum aðstæðum og fyrirtæki hafa nú þegar byrjað að segja upp styrktarsamningum við íþróttafélög.

Deir sem eru á hvað bestu samningunum í dag mega búast við því að koma næst að samningaborinu á allt öðrum forsendum en áður. Launin munu lækka líkt og Þórkur Edvardsson, formaður knattspyrnudeildar Vals, spáði svo réttilega fyrir um í þættinum Utan vallar á Sýn fyrr í vetur.

Fjárhagsvandræði félaganna munu þó örugglega ekki skemma fyrir bráðskemmtilegu knattspyrnusumri sem er fram undan.

Ég held að það sé óvenju mikil tilhlökkun hjá knattspyrnuunnendum núna enda í fyrsta skipti keppt í tólf liða deild. Loksins, loksins! Það þýðir fleiri leikir, meira fjör og vonandi betri knattspyrna.

Það hefur verið rík tilhneiging hjá félögum síðustu ár að einblína á varnarleik en spekingar vonast til þess að með stærra móti og fleiri leikjum freistist lið til þess að taka meiri áhættu, koma fram á völinn og spila skemmtilegri knattspyrnu. Hvort þeir spáðómar eigi eftir að ráðast verður að koma í ljós.

Íslandsmeistarar Vals eru liðið til að sigra í ár. Sveinar Willums Þórs virðast vera með langsterkasta liðið skömmu fyrir mót. Hafa farið á kostum í Lengjubikarnum og rúllað hverju liðinu á fætur öðru upp. Það sem meira er þá spilar Valur leiftrandi skemmtilegan sóknarleik. Tek sixpensarann ofan fyrir því. Það verður spennandi að fylgjast með því hvort Heimir Guðjónsson nái að fylgja eftir góðum árangri Ólafs Jóhannessonar með FH-liðið og Logi Ólafsson er síðan með virkilega spennandi lið vestur í bæ. Svo má ekki gleyma Guðjóni og ÍA.

Annars er von mín sú að deildin verði jafnari nú en oft áður. Það eru fleiri góð lið í deildinni í ár en síðustu ár og lið eins og Breiðablik og Fylkir gætu hæglega barist grimmilega við þau lið sem flestir spá bestu gengi.

Gleðilegt knattspyrnusumar.



Nýju leikmennirnir Óli Stefán Flóventsson og Ágúst Gylfason rífa hér í keppnistreyju Fjölnis númer sjö sem Pétur Georg Markan hefur leikið í undanfarin ár. Að endingu létu þó öðlingspiltarnir, Óli Stefán og Pétur Georg, sjöuna eftir til handa aldursforsetanum Ágústi sem skartar henni í sumar.

MYND/ARNÞÓR

MEÐ LEIKGLEÐINA AÐ VOPNI Í LANDSBANKAÐEILDINI



Fjöltnir er eitt yngsta íþróttafélag landsins, stofnað árið 1988, og leikur í sumar sitt fyrsta tímabil í efstu deild í fótbolta. Frábær sóknarleikur og leikgleði hefur einkennt Fjölni á undanförunum árum og liðið á örugglega eftir að setja svip sinn á Landsbankadeildina næsta sumar. Markmið þess er þó eðlilega til að byrja með að tryggja sæti sitt í efstu deild.

Eftir Ómar Þorgeirsson

Fjöltnir var af mörgum talið lið ársins á síðasta tímabili þrátt fyrir að það hafi endað í þriðja sæti 1. deildar. Grafarvogspiltar tryggðu sér sæti í efstu deild í fyrsta skipti í sögu félagsins og stimpluðu sig inn sem eitt besta sóknarlið landsins með því að skora 61 mark í 1. deildinni, sem gera rétt tæplega þrjú mörk að meðaltali í leik. Bikarævintýri félagsins var jafnframt ótrúlegt þar sem Fjöltnir sló Landsbankadeildarlið Fylkis út úr undanúrslitunum og þáverandi Íslandsmeistarar FH höfðu svo í fullu tré við Fjölni í framlengdum úrslitaleik sem tapaðist að lokum.

Gríðarlegur uppgangur í Grafarvoginum hefur orðið til þess að Fjöltnir hefur unnið sig upp í efstu deild úr þeirri þriðju á aðeins sex árum en næsta tímabil verður fjórða tímabil þjálfarans, Ásmundar Arnarssonar, með liðið. Ásmundur tók við Fjölni fyrir tímabilið 2005 og skilaði liðinu í fjórða sæti í 1. deildinni en tímabilið 2006 varð 3. sætið niðurstaðan og Fjöltnir rétt missti af sæti í efstu deild eftir harða baráttu við HK. Eftir frábært tímabil hjá Fjölni í fyrria er Ásmundur að vonum fullur tilhlökkunar fyrir komandi tímabil í Landsbankadeildinni. „Þetta tímabil leggst mjög vel í mig og fram undan er spennandi verkefni fyrir nýtt félag í efstu deild. Við erum búinir að fá til okkar nokkra nýja leikmenn og það hefur gengið svona upp og ofan að fá þá til að aðlagast leik okkar. Við höfum hins vegar náð ágætisúrslitum á undirbúningstímabilinu og erum því tilbúlega brattir upp á framhaldið að gera,“ sagði Ásmundur, sem vonast til þess að leikgleðin, sem hefur einkennt Fjölnisliðið, verði einnig til staðar næsta sumar. „Það hefur verið einstaklega góð stemning og leikgleði í liðinu undanfarnin ár og þá sérstaklega í fyrria þegar gekk svona vel og ég vona að við náum að halda áfram á sömu braut í efstu deild þótt á móti blási og Landsbankadeildin

sé erfiðari. Markmiðið er að hafa gaman af þessu og koma með leikgleðina inn í mótið og tryggja það að Fjöltnir haldi sæti sínu í efstu deild,“ sagði Ásmundur að lokum.

Fjöltnir hefur eins og áður segir fengið til sín nokkra nýja leikmenn fyrir komandi átök í efstu deild. Meðal þeirra eru reynsluboltarnir Óli Stefán Flóventsson og Ágúst Gylfason og hlakka þeir til þess að hjálpa Fjölni í baráttunni í sumar. „Frábær sóknarleikur hefur verið aðalsmerki Fjölnis undanfarnin ár, þar sem meginreglan um að skora meira en andstæðingurinn hefur ráðið ríkjum, en þrátt fyrir að það sé góð hugsun út af fyrir sig er erfiðara að vinna leiki í efstu deild ef þú færð á þig tvö til þrjú mörk. Þjálfarinn er því búinn að vera að vinna mikið í varnarleikum fyrir komandi tímabil og reynt að leggja

hann betur upp þar sem liðið er nú þegar hættulegt og hratt fram á við og getur alltaf skorað mörk. Með bættum varnarleik vonumst við því til þess að eiga stöðugt og gott tímabil og menn eru bara bjartsýnir á að það takist,“ sagði Ágúst og Óli Stefán tekur í sama streng. „Til þess að ná árangri í efstu deild þarf að vera með skipulagðan og agaðan varnarleik og ég tel að við séum á réttri leið með þeirri vinnu sem hefur verið lögð í til að bæta varnarleik liðsins. Við höfum verið að spila við lið eins og Val, FH og KR í vetur og gengið nokkuð vel gegn þeim og þó svo að um æfingaleiki hafi verið að ræða gefa þeir okkur ákveðna mynd af því sem koma skal. Við vitum alveg að við getum gert ýmislegt ef allt verður í toppstandi hjá okkur,“ sagði Óli Stefán að lokum.

REYNSLUNNI RÍKARI

GÓÐUR LIÐSSTYRKUR Logi Ólafsson stýrir KR frá upphafi sumars og hann er ánægður með liðsstyrkinn sem hann hefur fengið. Nýju mennirnir eru þeir Viktor Bjarki Arnarsson, Gunnar Örn Jónsson, Guðjón Baldvinsson, Jónas Guðni Sævarsson og Grétar Sigfinnur Sigurðsson.

SPORT/STEFAN



EKKI AÐ TJALDA TIL EINNAR NÆTUR

LOGI ÓLAFSSON, þjálfari KR, segir ekki mikla pressu á KR að berjast efst á toppnum í sumar. Miklar breytingar hafa orðið á KR-liðinu í vetur – fimm sterkir og ungir leikmenn komnir til félagsins en eldri leikmenn hafa horfið á braut.

EFTIR HENRY BIRGI GUNNARSSON

Logi Ólafsson stýrir skútu Vesturbæjarstórveldisins KR í sumar en hann tók við liðinu á seinni stigum síðasta tímabils þegar Teitur Þórðarson var rekinn eftir hörmulegt gengi.

Talsverðar breytingar hafa orðið á KR-liðinu síðan Logi tók við og liðið töluvert yngra en það var á síðustu leiktíð enda eldri leikmenn annað hvort hættir eða horfnir á braut.

„Við erum mjög vel undirbúnir fyrir sumarið þó svo að vélin hafi talsvert verið að hökta á síðustu vikum. Það er samt ekki endilega slæmt því það minnir okkur á hvar við þurfum að gera betur á vellinum. Árangur síðustu leikja hefur reyndar eitthvað að gera með æfingaálag en við munum létta á því fyrir mótið,“ sagði Logi. Hann hefur síðustu vikur verið án þriggja sterkra leikmanna – Grétars Ólafs Hjartarsonar, Atla Jóhannssonar og Péturs Marteinsonar – sem eru þó allir að skriða á fætur um þessar mundir.

„Við vitum að við eigum töluvert í land með að ná toppnum og vantar svolitla leikæfingu. Við fórum talsvert aðra leið í undirbúningi en áður og lögðum upp með að styrkja líkamlegt atgervi leikmanna þar sem allt var miðað við einstaklinginn. Svo vorum við einnig með séræfingar sem Rúnar Kristinsson sá um ásamt Sigursteini Gíslasyni. Við slepptum götuhlaupunum þetta árið og úthaldsþjálfunin hefur þess í stað farið fram inni á vellinum og við teljum vel hafa tekist til þar,“ sagði Logi en hann var með þýskan þrekþjálfara í því að styrkja líkamlega atgervið.

LJÚFT LÍF Í KR Nýju strákarnir hjá KR kunna vel við sig hjá Vesturbæjarísanum.

SPORT/STEFAN



Logi er búinn að fá fimm mjög sterka leikmenn til félagsins og hann er ánægður með liðsstyrkinn.

„Þeir hafa komið sterkir inn og staðið sig virkilega vel. Þetta eru allt mjög góðir leikmenn. Grétar að koma heim, Viktor var frábær hér á Íslandi síðast og Jónas Guðni einn besti miðjumaður landsins. Gunnar Örn og Guðjón hafa ekki mikla reynslu í efstu deild en ég hef mikla trú á þeim tveimur. Við höfum meðvitað farið í þá vinnu að yngja liðið enda eru nokkrir af eldri leikmönnum liðsins ekki lengur í herbúðum KR. Þetta er að mörgu leyti nýtt lið,“ sagði Logi en eru þetta ekki of miklar breytingar á milli ára?

„Það má kannski segja að svona stökkbreytingar geti reynt erfiðar viðfangs. Við erum reyndar ekki að tjalda til einnar nætur heldur ætlum við að búa til gott lið í Vesturbænum á næstu þremur árum og þetta er fyrsta skrefið í þá átt. Að mínu mati er raunhæft að ætlast til þess að við gerum betur en í fyrra og við viljum meina að KR sé lið sem eigi að vera í efri hlutanum og hafa áhrif á gang mála í deildinni. Við viljum vera í efri hlutanum og stefnum að því. Það er samt kannski óraunhæft að ætlast til þess að við sláumst við bestu liðin alveg á toppnum á þessu ári,“ sagði Logi.

Vinnuumhverfið í Vesturbænum hefur á stundum verið erfiðt og þolinmæði stjórnarmanna, sem og stuðningsmanna, oft af skornum skammti. Logi segist ekki óttast pressuna í Vesturbænum.

„Það eru allir samstiga hjá KR og horfa til lengri tíma og menn vita hvað þeir eru að fara út í. Það verður væntanlega meiri þolinmæði í Vesturbænum núna en oft áður. Engu að síður veit ég að það eru alltaf menn í kringum KR sem krefjast þess að KR sé alltaf í fyrsta sæti. Stuðningsmennirnir eru kröfuharðir og við reyndar líka en menn verða að vera raunsærir. Þetta er ungt lið en var orðið svólitíð eins og félag eldri borgara í fyrra. Til að mynda eru bakverðirnir okkar báðir í U-19 ára landsliðinu,“ sagði Logi en hvernig fótbolta ætlar hann að láta KR spila í sumar?

„Við viljum spila 4-4-2 með ýmsum útfærslum. Ég held að við séum með lið sem getur spilað öflugan varnarleik og sótt hratt líka. Einnig höfum við innan okkar vébanda menn sem eru flinkir að spila sig úr flóknum stöðum. Þetta verður kannski ekki beint brasilískur bílastæðabolti en við reynum að finna milliveg á milli hans og boltans sem Wimbledon spilaði,“ sagði Logi að lokum.

Nú fer hver að verða síðastur að ná sér í Blaðbera

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24, alla virka daga frá kl. 8-17.



Blaðberinn...

...góðar fréttir fyrir umhverfið

SCHWINN[®] USA

HJÓL FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

BARNHJÓL MEÐ 15% AFSLÆTTI

20" HJÓL
5 - 9 ÁRA
7 GÍRA - 2 LITIR

24.995



16" HJÓL
3 - 6 ÁRA
2 LITIR

15.995



12" HJÓL
2 - 4 ÁRA
2 LITIR

11.995



MIKIÐ ÚRVAL AF
LÍNUSKAUTUM
Á ALLT AÐ 50%
AFSLÆTTI

EVEREST

FERÐA- OG ÚTIVISTARVERSLUN

Skeifunni 6 · Sími 533 4450 · www.everest.is

PERSONULEG ÞJÓNUSTA, FAGLEG RÁÐGJÖF

VIÐGERÐAR OG VARAHLUTAÞJÓNUSTA

VIÐ HVETJUM ALLA TIL AÐ MÆTA Á VÖLLINN, STYÐJA SITT FÉLAG OG NJÓTA SUMARSINS.

KSI
Allt í botnnum



MARLEY DAVIDSON Marel tekur sig óneitanlega vel út á Harley-mótorhjólínu sínu. Hann mun þrjóna í gegnum varnir andstæðinganna á vellinum fyrir aftan.

SPORT/VALLI

ÉG ER Marel Jóhann Baldvinsson

Hæð: 1,91 m

Þyngd: 91 kg

Staða: Framherji

Skónúmer: 45

Hvað hefurðu farið hratt á Harleyinu: Of hratt

Hvað tekurðu í bekk:

Eitthvað á annað hundraðið

Hver er lengst í speglinum:
Guðmann í greiðslunni

Tanaðastur í liðinu:
Prinsinn

Skemmtilegast við Molde:
Ótrúleg náttúrufergurð

Leðinlegast við Molde:
Fjarvera frá vinum og ættingjum

Hvað varð um síða hárið
Það fór í frí

GULLDRENGURINN Á HARLEY

MAREL BALDVINSSON, markaskorari og mótorhjólátöfari, er kominn aftur í græna búninginn og hann stefnir á að spóla upp varnir andstæðinganna í sumar. Marel varð markakóngur deildarinnar síðast er hann lék á landinu og miklar væntingar eru gerðar til hans í sumar.

EFTIR HENRY BIRGI GUNNARSSON



Breiðablik var eitt skemmtilegasta lið Landsbankadeildarinnar á síðustu leiktíð. Spilaði oft á tíðum leiftrandi fótbolta en vantaði sárlega mann til þess að klára færin og leikina. Það sást best á því að Blikar gerðu ein nýu jafntefli í deildinni.

Kópavogslíðið saknaði sárlega gulldrengsins síns, Marel Baldvinssonar, sem varð markakóngur deildarinnar árið 2006 en hélt í kjölfarið utan til Molde í Noregi. Marel er því kominn aftur heim og Blikar binda vonir við að þar með sé síðasta púslíð komið sem vantaði til að liðið gæti barist á toppi deildarinnar. „Það

er mjög gaman að vera kominn heim,“ sagði Marel, sem gerir sér grein fyrir því að miklar væntingar eru gerðar til hans en finnur hann fyrir pressu?

„Nei, ég get nú ekki sagt það beint. Það er samt gaman með Blikana núna að í fyrsta skipti held ég að séu gerðar væntingar til liðsins. Ég veit að það var talað um að liðið vantaði mig í fyrra og það verða þá engar afsakanir núna fyrst ég er kominn,“ sagði Marel.

Hann fékk gullskóinn fyrir að skora ellefu mörk síðast í deildinni og Marel stefnir á að gera enn betur í sumar, sérstaklega þar sem nú er búið að fjölga leikjum í deildinni.

„Það ætti að vera auðveldara að skora fleiri mörk núna þar sem fleiri leikir er í boði. Ég ætla nú að fara varlega í allar yfirlýsingar en stefni engu að síður á að gera betur núna en síðast,“ sagði Marel, sem líst vel á Blikaliðið í sumar. „Ég sé enga ástæðu fyrir öðru en að við blöndum okkur í toppbaráttuna,“ sagði Marel, sem hefur verið óheppinn með meiðsli í gegnum

tíðina en er bjartsýnn á að geta spilað mikið í sumar.

„Ég er bjartsýnn á að geta spilað alla leikina í sumar. Auðvitað geta óhöpp komið fyrir en ég er alveg í standi til að spila í allt sumar. Ég hef verið í vandræðum með hnéð á mér í gegnum tíðina og það er ekkert í topplagi en þó nógu gott til þess að ég geti spilað.“

Marel var í eitt og hálf ár hjá Molde en leið ekki vel þar og vildi komast heim. Opinskátt viðtal birtist síðan við Marel í Fréttablaðinu þar sem hann bar Molde ekki vel söguna, sagði bæinn meðal annars vera draugabæ. Norskir fjölmiðlar gripu viðtalið á lofti og mikið fár varð í Noregi vegna málsins.

„Maður verður greinilega að passa sig á því hvað maður segir. Það getur allt orðið vitlaust,“ sagði Marel léttur þegar hann var bedinn um að rifja upp farið sem varð vegna viðtalsins.

„Það varð allt vitlaust út af þessu. Smá klausa hér heima varð að stórmáli í Noregi. Það kom opna í VG og ég veit ekki hvað. Það kom mér verulega á

óvart hvað menn gerðu mikið mál út af þessu. Það var mjög sérstakt að lenda í þessu. Ég varð nú samt ekki fyrir neinu beinu aðkasti. Ég mætti í viðtal hjá staðarblaðinu og útskýrði mín mál til þess að lægja öldurnar og eftir það hægðist á hasarnum,“ sagði Marel.

Orðrómur var uppi um að Marel hefði viljandi haft stór orð uppi í Fréttablaðinu til þess að auðveldara væri fyrir hann að losna frá Molde, sem hann var samningsbundinn eitt ár í viðbót.

„Nei, það var ekkert slíkt í gangi. Það var ekkert plan hjá mér og ég veit ekkert hvort þetta viðtal hafi hjálpað mér að losna. Málið var bara að mér og konunni leið ekki vel og vildum komast heim. Ég held að báðir aðilar hafi áttað sig á því að það var ekkert vit í því að

halda óánægðum manni,“ sagði Marel.



Á AÐ GETA SKORAÐ TÍU MÖRK EÐA FLEIRI Í SUMAR

„Það er ekkert launungarmál að okkur vantaði mann eins og Marel í fyrra. Hann hefur sýnt að hann getur skorað á allan hátt í deildinni hér heima. Er mjög fjölbæfur. Við lendum í því í fyrra að Prince var að spila sig inn í deildina, Magnús Páll var óvæntur bónus og Kristinn Steindórs auðvitað

ungur á uppleið. Í Marel fáum við mann sem á að geta skorað tíu mörk eða fleiri í deildinni,“ sagði Ólafur Kristjánsson, þjálfari Breiðabliks, en Marel er eini leikmaðurinn sem hefur bæst við leikmannahóp Breiðabliks í vetur.

„Ég geri mér væntingar um að hann

skori tíu til tólf mörk í sumar. Það má segja að hann sé púslíð sem okkur vantaði. Marel var eini maðurinn sem ég vildi fá og ég fékk hann, sem er frábært. Þetta sumar verður frábrugðið síðasta sumri því nú verða gerðar væntingar. Menn taka okkur alvarlegar núna en í fyrra og mér

heyrst menn reikna með okkur fyrir ofan miðja deild. Ég tel okkur vera menn til að standa undir því og stefnan er að enda ofar en í fyrra,“ sagði Ólafur en hans lið gerði nýu jafntefli í fyrra sem var eðlilega allt of mikið.



Þríhjól

Touring Pink.
Vandað, létt og endingargott

kr. 7.900

Full búð af hjólum



Þríhjól m/skúffu

Transporter með skúffu.
Vandað, létt og endingargott

kr. 8.900



Barnahjól

VIVI Sweety barnahjól.
Létt, sterk og meðfærileg
barnahjól með hjálpardekkjum
og fótbremsu.

3-4 ára 9.920
4-5 ára 10.320



Barnahjól

VIVI Scrambler barnahjól.
Létt, sterk og meðfærileg
barnahjól með hjálpardekkjum
og fótbremsu.

3-4 ára 9.920
4-5 ára 10.320
5-7 ára 10.800



GIANT MTX fjallahjól

Vandað fjallahjól með álstelli,
dempara og Shimano girum.

20" 6-8 ára 23.900
24" 8-11 ára 27.900



GIANT MTX fjallahjól

Vandað fjallahjól með álstelli,
dempara framán og aftan og
Shimano girum.

20" 6-8 ára
kr. 27.500



GIANT STP fjallahjól

Vandað fjallahjól með álstelli,
dempara og Shimano girum.

24" 8-11 ára
kr. 35.900



Scott Voltage fjallahjól

Hjól fyrir vandláta.
Álstell, flottur útbúnaður.

20" 6-8 ára 39.000
24" 7-11 ára 43.000



GIANT ROCK fjallahjól

Vandað fjallahjól með álstelli,
fram dempara og Shimano girum.
Dömu og herra stelli í XS - XL.

Kr. 32.900



www.markid.is • sími 553 5320 • Ármúla 40

Upplýsingar um raðgreiðslur veittar í versluninni.

Hjólin eru afhent tilbúin til notkunar, samsett og stillt á fullkomnu reiðhjólaverkstæði. Aðeins vönduð hjól með ábyrgð, öll barnahjól með CE viðurkenningu. Fri upphersla fylgir innan tveggja mánaða.

HEFUR TRÚ Á SÍNUM MÖNNUM

LEIFUR GARÐARSSON, ÞJÁLFARI FYLKIS, HEFUR TRÚ Á ÞVÍ AD NYIR SÖKNARMENN ÁRBÆINGA, ÞEIR JÓHANN ÞÓRHALLSSON OG ALLAN DYRING, EIGI EFTIR AD REYNAST HAPPAFENGUR Í LANDSBANKA-DEILDINNÍ Í SUMAR. MYND/VALLI



STADDRÁÐNIR Í AÐ LÁTA TIL SÍN TAKA MEÐ FYLKI

Það er mikill hugur í mönnum í Árbænum fyrir komandi tímabil í Landsbankadeildinni og þátttöku félagsins í Inter-Toto keppninni. Fylkir var með besta varnarliðið í Landsbankadeildinni í fyrra en liðinu gekk illa að skora mörk og þjálfarinn, Leifur Garðarsson, hefur því fengið framherjana **ALLAN DYRING** og **JÓHANN ÞÓRHALLSSON** til þess að styrkja framlínuna.

Eftir Ómar Þorgeirsson

Tímabil Fylkis í Landsbankadeildinni í fyrra var í meira lagi kaflaskipt. Árbæjarliðið fór ágætlega af stað en þeir tapleikir í fjórum leikjum á miðju tímabili gerðu það að verkum að Fylkir heltist úr lestinni í toppbaráttunni. Góður 2-4 sigur gegn Val í elleftu umferð kom Fylki aftur á rétta kjöl og liðið tapaði aðeins einum leik á lokasprettinum og endaði í fjórða sæti, sem tryggði félaginu jafnframt þátttökurétt í Inter-Toto keppninni í sumar. Leifur Garðarsson, þjálfari Fylkis, skrifaði í vetur undir nýjan fimm ára samning við Árbæjarliðið og er ágætlega brattur fyrir komandi tímabil. „Tímabilið leggst ágætlega í mig og við setjum okkur að sjálfsögðu þau einföldu markmið að fara í hvern leik með því hugarfarir að ná hámarksárangri,“ sagði Leifur sem hefur gert nokkrar breytingar á liði sínu fyrir komandi átök, og þá sér í lagi í framlínunni, enda gekk liðinu fremur illa fyrir framan mark andstæðinganna í fyrrasumar. „Christian Christiansen ákvað að halda heim til Danmerkur og reyna fyrir sér þar en það kom okkur hins vegar í opna skjöldu að Albert Ingason skyldi yfirgefa svæðið og fara í Val, hvort sem hann stýrði því eða aðrir. Í staðinn fengum við Jóhann Þórhallsson og Allan Dyring og þeir eru ólíkir leikmenn og gefa okkur ákveðna möguleika. Síðan eigum við einnig aðra framherja eins og Hauk Inga Guðnason, og það er óskandi að hann nái að halda sér frá meiðslum. Þar að auki eru einnig ungir og efnilegir leikmenn að koma upp hjá félaginu,“ sagði Leifur sem þarf að hafa minni áhyggjur af varnarleik liðsins ef miða má við síðasta sumar. Fylkismenn voru þá með besta varnarlið deildarinnar og

fengu aðeins á sig átján mörk í Landsbankadeildinni eða eitt mark að meðaltali í leik. „Varnarleikur liðsins var til fyrirmyndar í fyrra. Á undirbúningstímabilinu fá menn oft á sig fleiri mörk en þegar út í deildakeppnina er komið, því þar er spilað á mörgum mönnum og verði að prófa hluti. En ég vona að ég verði jafn sáttur við varnarleikinn á þessu tímabili og í fyrra, sagði Leifur sem hefur ekki áhyggjur af því að þátttaka í Inter-Toto keppninni eigi eftir að hafa neikvæð áhrif á gengið í Landsbankadeildinni. „Þátttaka í Evrópukeppni er alltaf ákveðin gulrót og viðurkenning á gott starf keppnistímabili á undan. Slíkt er tilhlökkunarefni en ekki dragbitur. Við mætum því til leiks staðráðnir í að njóta hvernar mínútu í þeirri keppni sem og öðrum á tímabilinu,“ sagði Leifur að lokum.



SLÁ FRÁ SÉR SÖKNARMENNIRNIR ALLAN DYRING OG JÓHANN ÞÓRHALLSSON EIGA EFLAUST EFTIR AÐ LÁTA FINNA HRAUSTLEGA FYRIR SÉR MEÐ FYLKI Í LANDSBANKA-DEILDINNÍ Í SUMAR OG ERU STADDRÁÐNIR Í AÐ NÁ GÓÐUM ÁRANGRI UNDIR STJÓRN LEIFS GARÐARSSONAR Í ÁRBÆNUM.

MYND/VALLI

Nýju framherjarnir í Árbænum, Allan Dyring og Jóhann Þórhallsson, eru ekki síður spennir fyrir komandi tímabil í Landsbankadeildinni. „Mér hefur gengið vel að skora síðan ég kom til Fylkis og er nærri því með mark að meðaltali í leik, en ég skal játa það að ég er orðinn þreyttur á undirbúningstímabilinu og get ekki beðið eftir því að Landsbankadeildin byrji. Þjálfarinn hefur trú á mér og veit hvað ég get gert og það er mjög mikilvægt fyrir mig persónulega, en það er dálítið erfitt að átta sig á því hvar liðið stendur í sam-anburði við önnur lið. Við erum búnir að lenda í miklum vandræðum með meiðsli leikmanna á undirbúningstímabilinu en það verða vonandi allir klárir í fyrsta leik,“ sagði Allan og telur að fullskipað Fylkislið geti á góðum degi unnið hvaða lið sem er í deildinni. „Við tókum einn leik fyrir í einu og förum í hvern leik til þess að vinna hann, sama í hvaða keppni það er,“ sagði Allan brattur og Jóhann tók undir með honum. „Við höfum alla burði til þess að vera með í toppbaráttunni ef allt gengur að óskum og við verðum heppnir með meiðsli. Þetta er flottur hópur og það er góð stemning í Árbænum, og ég fann það strax að þetta væri rétta félagið fyrir mig,“ sagði Jóhann.

VITUM HVAÐ Í ÞEIM BÝR

Fylkir hefur fengið til sín tvo nýja framherja fyrir komandi átök í Landsbankadeildinni, þá Jóhann Þórhallsson frá KR og Allan Dyring frá FH. Leikmennirnir átta hvor um sig erfitt uppdráttar síðasta sumar og gekk illa að skora en Jóhann skoraði aðeins eitt mark í fjórtán leikjum og Allan náði ekki að skora í þeim fjórum leikjum sem hann spilaði. Þjálfarinn Leifur Garðarsson telur þó vitanlega að þeir komi báðir til með að styrkja Árbæjarliðið til muna og hefur trú á því að þeir eigi eftir að sýna sitt rétta andlit næsta sumar. „Kostir Jóhanns og Allans eru í raun ólíkir. Jóhann er beinskeyttur framherji og kannski meiri „center“ en Fylkir hefur verið með undanfarnin ár, meðan Allan er meira rétt fyrir aftan fremstu línu og getur einnig leikið á miðsvæðinu. Hver leikmaður þarf yfirleitt að sanna það fyrir sjálfum sér í hverju verkefni hversu góður leikmaður hann er og það er enginn betri en síðasti leikur gaf til kynna. En við þekkjum hins vegar hæfileika þessara tveggja leikmanna og vitum hvað í þeim býr,“ sagði Leifur, en Jóhann hefur sýnt það í gegnum árin að hann er eittraður framherji og tölfræðin talar þar sínu máli. Hann hefur skorað 24 mörk í 77 leikjum í efstu deild með Þór, KA, Grindavík og svo KR. Allan á ef til vill frekar eftir að sanna sig sem markaskorari í efstu deild þar sem hann hefur skorað 4 mörk í 18 leikjum með FH.



EXTRA BÍÓ

5.390 KR.*

FRÁBÆRT GREY'S ANATOMY ÁSKRIFTARTILBOÐ



ÚRSLITIN RÁÐAST

AMERICAN IDOL

MAGNAÐUR MAÍ



GREY'S ANATOMY



ÚRSLITAPÁTTUR HÆÐARINNAR



Skoðaðu rúmin okkar
áður en þú tekur ákvörðun

auping



Epal hf / Skeifan 6 / 568 7733 / epal@epal.is / www.epal.is



FASTEIGNIR Í SUÐUR FRAKKLANDI FITOU

LE DOMAINE DES CAPITELLES

Nýjar glæsilegar íbúðir og raðhús staðsettar í byggðarkjarna á hæð rétt ofan við vinnræktarbæinn FITOU í suður Frakklandi þar sem stórbrotins útsýnis nýtur



FITOU er ósvikinn lítill vinnræktarbær þar sem kyrrðin ríkir undir miðjarðarhafssólinni.

Í bænum má finna nokkra heillandi veitingastaði og þar gerir maður góð kaup á eðalvínnum beint af framleiðanda úr einum af fjölmörgu vinkjöllumur þeirra.

Einnig er þar 10. aldar kastali og fleiri fornar byggingar.

Á þessu svæði rekur hver heillandi strandbærinn annan. Þar upplifir maður hina einstöku frönsku og afslöppuðu stemningu.

Stutt í margskonar afþreyingu, golf, sjósport, á skíði og stutt til Spánar svo eitthvað sé nefnt.

Áætluð er tveggja til þriggja daga skoðunarferð í fylgd fasteignasala í kringum helgina 23.-26. maí 2008

Þeir sem taka þátt og ákveða kaup í kjölfarið fá ferðakostnað endurgreiddan allt að 1.000 eur*



Eignirnar eru tilbúnar til afhendingar við kaupsamning, fullbúnar að utan sem innan með fallegum gólfefnum, innréttingum, eldunartækjum, ísskáp og uppþvottavél. Frágangur veranda og svala er fullbúinn með hellum og/eða flísum.

Sjávarútsýni úr öllum eignum

Stórar verandir og þaksvalir, garðar og bílskúrar með raðhúsum

Gott aðgengi og góður frágangur sameiginlegs svæðis Þrjár sundlaugar í sameiginlegum garði með góðri aðstöðu

5-10 mínútna akstur á glæsilega baðströnd

Verðlag á nauðsynjum er hagstætt

Verð frá 151.000-425.000 eur, möguleiki á 80% láni.

HAFIÐ SAMBAND OG FÁIÐ FREKARI UPPLÝSINGAR OG SENDAN BÆKLING

*500 eur fyrir einstakling þó aldrei hærra en 1.000 eur vegna hverrar seldrar eignar.

FASTEIGNA
MIÐLUN
GRAFARVOGS

Sími 575 8585

www.fmg.is

Sími 575-8585 og 824-0610

Sigrún Stella Einarsdóttir löggiltur fasteignasali

Arnarneshæð



Hér er gott að búa

Arnarneshæðin er einstaklega vel staðsett á eftirsóttum stað á höfudborgarsvæðinu. Hverfið er sólríkt og skjólsælt, með gullfallegri útsýni til allra átta. Stutt er í alla verslun og þjónustu, fjölmargir skólar eru í næsta nágrenni og ótal frábær íþrótta- og útivistarsvæði innan seilingar.



Opið hús í Línakri í dag frá kl. 14-15

Sérútbúnar íbúðir

Valdar eignir afhendast með eikarparketi, uppþvottavél, ísskáp, gardínum og ljósum.

Sýningaríbúð

Glæsileg íbúð, fullbúin húsgögnum frá EGG og gólfefni frá Hardvídarvali.



Hæðin

Raðhúsin okkar leika aðalhlutverk í Hæðinni, sem hefur fengið frábærar viðtökur.



Sími 530 1500 | Suðurlandsbraut 52 | Guðrún Árnadóttir löggiltur fasteignasali | www.arnarnes.is



Opið hús í dag 12:00 til 14:00 Rauðamýri 15, 270 Mosfellsbær



Í sölu nýtt 3ja herbergja 163,3 raðhús í Mosfellsbæ á einni hæð með innbyggðum bílskúr og mikilli lofthæð. Húsið verður afhent fullbúið að utan með frágenginni lóð en tilbúið til innréttinga að innan - FULLMÁLAD. Góð aðkoma. Bílastæði hellulagt. Sólþallur í garði. Búið að tyrfa. Fjögur hús eru í lengjunni. Til afhendingar STRAX. Verð 38,9 millj.

Húsið er til sýnis í dag á milli kl. 12 og 14.

Upplýsingar veitir Gústaf sölumaður Höfða í síma 895-7205

Opið hús í dag á milli kl. 16:00 og 17:00 Blikahjalli 6, 200 Kópavogur



Tæplega 250 fm fullbúið endarahús, byggt 1995, á tveimur hæðum á frábærum útsýnisstað í Kópavogsdalnum er nú í sölumæðferð hjá Höfða. Fjögur svefnherbergi. Parket og flísar á gólfum. Fallegar innréttingar. Garður í góðri rækt með fallegum veröndum og góðum svölum. Aðkoman er góð og næg bílastæði. Sjón er sögu ríkari. Verð 74,9 millj.

Nánari upplýsingar veitir

Gústaf sölumaður Höfða í síma 895-7205

Fyrirtæki til sölu. Innflutnings- og þjónustufyrirtæki

Til sölu er innflutnings- og þjónustufyrirtæki, sem rekur tvær verslanir með vörur fyrir hunda og ketti, ásamt dýrasnyrtistofu. Góð afkoma.

Allar nánari upplýsingar gefur
Runólfur Gunnlaugsson, viðsk.fr.
lögg.fasteignasali á Höfða
í síma 892 7798.
Fyrirspurnir má senda á
runolfur@hofdi.is



Runólfur Gunnlaugsson lögg. fast.sali - Kristín Pétursdóttir, lögg. fast.sali

Kastljósinu beint að arkitektúr

Dönsk hönnun hefur verið áberandi á heimsvísu undanfarna áratugi og hefur fengið óspart lof fyrir einfaldleika, gæði og fúnksístíl. Á síðustu árum hafa einnig sprottið upp stórfengleg menningarhús í Kaupmannahöfn ásamt nýjum hverfum sem borgaryfirvöld binda miklar vonir við. *Anna Margrét Björnsson* kynnti sér nýjstu perlur danskrar hönnunar.

Dagana 16.-18. maí næstkomandi gefst öllum áhugasömum um danska hönnun tækifæri til að skoða nýjar hliðar á Kaupmannahöfn. Dagarnir heita Copenhagen Architecture and Design Days (CphADD) og eru nú haldnir þriðja árið í röð. Eru þeir sannkölluð hönnunarsveisla þar sem yfir 30 menningarstofnanir, arkitektastofur og fyrirtæki opna dyr sínar fyrir almenningi og bjóða upp á ýmiss konar skoðunarferðir, fyrirlestra og sýningar. Gestir geta keypt passa á aðeins tíu evrur og þar með fengið aðgang að fjölbreyttri og líflegri dagskrá. Dönsk hönnun og arkitektúr á sér langa sögu og undanfarin ár hefur Kaupmannahöfn öðlast nýjan sess sem ein af helstu hönnunarbörgum veraldar. „Í gegnum CphADD getum við veitt almenningi innsýn í það besta sem Danmörk hefur upp á að bjóða í þessum geira,“ útskýrir framkvæmdastjóri hátíðarinnar, Martin Bender, frá ferðamálaráðinu Wonderful Copenhagen.

Ný og spennandi menningarhús

Allir þeir sem hafa áhuga á arkitektúr og menningu ættu að kynna sér þau þrjú stórfenglegu menningarhúsnæði sem reist hafa verið á undanförunum árum við hafnarlengjuna í Kaupmannahöfn. Den Sorte Diamant, eða Svarti demanturinn, reis fyrir nú árum og hýsir Konunglega þjóðarbókasafnið ásamt kaffihúsi og frábærum veitingastað sem nefnist Sören K. Þessi fallega og framúrsteftulega bygging var hönnuð af arkitektateymiinu Schmidt, Hammer og Lassen og þar er samspil ljóss, rýmis og lífrænna forma í fyrirrúmi. Nafnið Svarti demanturinn er dregið af sköpunarlagi byggingarinnar sem er í formi demants sem svo endurspeglast í sjónum. Árið 2005 voru dyr nýja danska óperuhússins opnaðar í tilkomumikilli byggingu við höfnina. Húsið var kostað af einu stærsta sjóflutningafyrirtæki Danmerkur, A.P. Møller-Maersk, og var hannað af arkitektinum Henning Larsen. Hinum megin við vatnið, andspænis Óperunni, stendur hið stórglæsilega Skuespilhus, ný bygging Konunglega danska leikhússins, sem var opnuð í febrúar síðastliðnum. Leikhúsbyggingin hefur hlotið afar lofsamlega dóma um heim allan og er einstaklega nútímaleg og norræn sköpun arkitektanna Boje Lundgard og Lene Tranberg. Í framtíðinni verður reist brú á milli Óperuhússins og leikhússins, sem mun styrkja menningarstarfsemina enn frekar á þessum fallega stað við höfnina.

Áræði borgarskipulag

Vatn, rými og ljós eru í fyrirrúmi hjá arkitektum sem hafa sett mark sitt á danskan arkitektúr undanfarin ár, en þar má nefna fræg nöfn eins og Sir Norman Foster, Henning Larsen, Jean Nouvel, Daniel Libeskind og Zaha Hadid. Nýtt borgarskipulag má sjá í þremur lykilhverfum: Ørestad, höfninni og í miðborginni. Ørestad er á eyjunni Amager, þar sem einnig er að finna Kastrup-flugvöll, en nú er finnst arkitektateymi sem nefnist ARKKI að skapa nýtt og spennandi hverfi þar sem græn rými eru í fyrirrúmi. Náttúruperlan Kalvebod Fælled er einmitt á Vestur-Amager en þar er hægt að stinga sér til sunds, fara í bátsferð, í golf eða fara í gönguferð í fallegum skógum. Ørestad er sérstaklega hannað með tilliti til háskólanema og fjölskyldna, en þangað flutti einmitt danski tækniháskólinn ITU inn í framúrsteftulega byggingu hannaða af Henning Larsen. Í



KONUNGLEGA DANSKA LEIKHÚSIÐ Danir eru afar stoltir af hinu nýja Skuespilhus sem liggur við hafnarbakkann.

FLEIRI STAÐIR TIL AÐ UPPLIFA HÖNNUN:

The House á Nýhöfn, ný hönnunarverslun sem býður upp á það helsta í danski hönnun, meðal annars Jacobsen, Børge Mogensen, Hans J. Wegner, Nanna Ditzel, Poul Henningsen og Verner Pantón.

Paustian, hönnunarverslun við höfnina. Verslunin er hönnuð af Jørn Utzon, sem teiknaði Óperuhúsið í Sydney, og býður upp á danska og alþjóðlega hönnun. Þar er einnig að finna vinsælan veitingastað með sama nafni þar sem er hægt að upplifa sannkallaða veislu fyrir augu og bragðlauka.

Fílahúsið Arkitektinn Norman Foster hannaði þetta stórfenglega rými fyrir filana í dýrargarðinum og það opnar nú í júní, en það er vel þess virði að skoða það að utanverðu þangað til.

Listasafnið í Ordupgaard Viðbygging listasafnsins er hönnuð af íraska arkitektinum Zaha Hadid og var opnuð árið 2005.

Danish Design Centre á HC Andersens Boulevard var hannað af Henning Larsen og þar er að finna áhugaverðar sýningar um allt sem tengist danski og alþjóðlegri hönnun.

Ørestad er verslunarkjarninn Fields en þar má meðal annars heimsækja nýjasta „Mekka“ hönnunar í Danmörku, verslunina Norman sem er kölluð hið „nýja Illums Bolighus fyrir nýja kynslóð“.

Horft til fortíðar

Meðal þeirra skemmtilegu möguleika í boði á CphADD er heimsókn í herbergi 606 á Radisson Royal SAS-hótelinu í miðborg Kaupmannahafnar. Hótelíð, sem var umdeilt á sínum tíma, þar sem það gnæfir yfir eldri byggingarborgarinnar, var hannað af guðföður danskrar hönnunar, Arne Jacobsen, árið 1960. Hann hannaði allt frá byggingunni sjálfri niður í húsgögnin, litapallettuna, hurðarhúnana og hnífapörin sem síðar voru notuð í mynd Kubricks „2001: A Space Odyssey“. Á áttunda áratugnum var miklum hluta af hönnun Jacobsens fargað en herbergi 606 fékk alltaf að vera óhreyft, og almenningi og ferðamönnum gefst



1



2



3



4

RANGSÆLIS FRÁ VINSTRI:

1. Radisson Royal SAS-hótelíð í Kaupmannahöfn sem Arne Jacobsen teiknaði árið 1960. 2. Nýja óperuhúsið við hafnarbakkann, teiknað af Henning Larsen. 3. Stóra sviðið í konunglega danska leikhúsinu en það er eins og stórfenglegur hellir. 4. Restaurant Jacobsen liggur í norðanverðri Kaupmannahöfn og byggingin var einnig teiknuð af Arne Jacobsen. 5. Arne Jacobsen, guðfaðir danskrar hönnunar sést hér í herbergi á Radisson Royal SAS-hótelinu. 6. Nýjar skrifstofubyggingar í Ørestad-hverfinu í Kaupmannahöfn.



6



5

kostur á að skoða þetta piparmyntugræna „sixtís-herbergi“ og sjá snilldarhönnun Jacobsens í öllu sínu veldi, frá stólum eins og egginu, svaninum og dropanum yfir í færnanleg ljós og hillusamstæður.

Hótelíð var þó nýverið endurhannað með tilliti til anda Jacobsens og þar má sjá húsgögn hans um allt í aðeins nútímalegri upp færslu. Þetta fimm stjörnu hótél býður einnig upp á sælkeraveitingastað

inn Alberto K á tuttugustu hæð og Café Royal á jarðhæð.

Upplýsingar um hönnunardagana og dagskrá má finna á www.cphadd.com



KARLAKÓR REYKJAVÍKUR

Vortónleikar
2008
Langholtskirkju
4. - 10. maí

ÁFRAM VEGINN

Sunnudaginn 4. maí kl. 17.00
Mánudaginn 5. maí kl. 20.00
Þriðjudaginn 6. maí kl. 20.00
Laugardaginn 10. maí kl. 16.00

Einsöngvarar: Sólveig Samúelsdóttir mezzosópran
Ásgeir Eiríksson bassi
Sveinn Dúa Hjörleifsson tenór
Píanóleikari: Anna Guðný Guðmundsdóttir
Stjórnandi: Friðrik S. Kristinsson



Sat um Umu Thurman

Réttarhöld yfir Jack Jordan, sem er sakadur um að hafa setið um Umu Thurman, áreitt hana og beitt þvingunum, hófust í New York í vikunni. Leikkonan líkir lífsreynslunni við martröð.

Uma Thurman bar sjálf vitni í réttarhöldunum á fimmtudag, en áður höfðu meðal annars fyrrverandi aðstoðarkona hennar og foreldrar greint frá þeim ofsóknum sem hún sætti af hálfu Jacks Jordan. Joseph La Corte, sem aðstoðaði leikkonuna með búninga við tókur á myndinni My Super Ex-Girlfriend, greindi meðal annars frá því þegar Jordan reyndi að ráðast inn í hjólhýsi Thurman á tókustað. „Hendurnar á henni skulfu, hún var grátbólgin og gat ekki setið kyrr,“ sagði La Corte um atburðinn. Fyrrverandi aðstoðarkona Thurman, Lisa Grondin, sagði einnig frá því að álagið vegna ásóknar Jordan hefði orðið til þess að Thurman fór aftur að reykja.

Thurman bar vitni á fimmtudag, og sagði meðal annars frá bréfi sem Jordan hafði sent henni. Í því var teikning af opinni gröf, legsteini og manni sem stóð á rakvélarblaði. Í bréfinu stóð meðal annars: „Hundur mínar ættu að vera á líkama þínum öllum stundum.“ „Ég missti mig gjörsamlega,“ sagði Thurman. „Þetta var næstum því eins og martröð, þetta var hræðilegt,“ sagði hún.

Leikkonunni bárust einnig nokkrir tölvupóstar frá Jordan, þar sem hann talaði meðal annars um börn hennar, þau Mayu og Levon, sem Uma á með fyrrverandi eiginmanni sínum, Ethan Hawke. Í einum pósti stóð „þú átt engin börn“ og talaði Jordan um þau sem „ímyndun“. Í sama pósti skrifaði Jordan um frásögn bibliúnnar af því þegar Abraham býr sig undir að fóna syni sínum, Ísak. „Ég held ekki að nokkur móðir eða foreldri myndi vilja að ókunnugur maður fengi börnin manns á heilann, og sérstaklega að þau séu ekki til. Það var hræðilegt fyrir mig,“ sagði leikkonan.

Foreldrar Umu greindu einnig frá reynslu sinni af ofsóknum Jordans fyrir rétti í vikunni, og sögðu meðal annars frá símtölum sem þeim bárust frá Jordan. „Hann sagði mér að hann og dóttir mín hefðu þekkt í fyrra lífi og þeim væri ætlað að vera saman, að hann vissi þetta en ekki hún,“ sagði Nena Thurman, móðir Umu, til dæmis. Lögfræðingur Jordans, George Vomvolakis,



BAR VITNI Á FIMMTUDAGINN Uma Thurman bar vitni gegn Jack Jordan, sem er sakadur um að hafa setið um hana og áreitt að ýmsu leyti, fyrir rétti í New York á fimmtudaginn.

NORDICPHOTOS/GETTY

heldur því fram að hann hafi ekki gerst brotlegur við lög að ásettu ráði, og eigi frekar heima á geðsjúkrahúsi en í fangelsi. „Hann hugsar ekki eins og þið og ég hugsum. Hann þekkir ekki mörkin sem við þekkjum. Honum finnst þetta rómantískt,“ segir Vomvolakis, sem heldur því fram að Jordan hefði aldrei skaðað Umu, þar sem hann elski hana.

Ef Jordan verður sakfelldur gæti hann átt yfir höfði sér fangelsisvist í allt að eitt ár.

NETRÍKIÐ ÍSLAND

Dagur upplýsingatækninnar verður haldinn 7. maí nk. Í tilefni dagsins stendur forsætisráðuneytið, í samvinnu við Skýrslutæknifélag Íslands, fyrir ráðstefnu undir yfirskriftinni Netríkið Ísland. Ráðstefnan verður haldin á Hilton Nordica, miðvikudaginn 7. maí kl. 13:00-16:15. Þar verður kynnt ný stefna ríkisstjórnarinnar um upplýsingasamfélagið og nokkur lykilverkefni sem unnið verður að á framkvæmdatíma stefnunnar. Skráning og frekari upplýsingar á www.sky.is.

RÁÐSTEFNA UT-DAGSINS 7. MAÍ 2008

12:45	Skráning og afhending ráðstefnugagna	14:55	Rafrænar sveitarstjórnarkosningar Geir Ragnarsson Rafræn þjónusta sveitarfélaga Álfheiður Eymarsdóttir
13:00	Ávarp Geir H. Haarde forsætisráðherra	15:15	Flutningstilkynningar milli landa með aðstoð rafrænna skilríkja Porsteinn Helgi Steinarsson Porvarður Kári Ólafsson
13:15	Netríkið Ísland Guðbjörg Sigurðardóttir	15:35	Persónulegt heilsufarsyfirlit og upplýsingamiðstöð heilbrigðismála Gunnar Alexander Ólafsson
13:35	Tryggur - byltning í þjónustu Tryggingastofnunar Sigríður Lilly Baldursdóttir Bragi L. Hauksson	15:55	Island.is 2012 Halla Björg Baldursdóttir Rebekka Rán Samper
13:55	Staða verkefnið um rafræn skilríki Haraldur Bjarnason, Rafræn skráning í fyrirtækjaskrá Skúli Jónsson	16:15	Ráðstefnuslit
14:15	Upplýsingatækni í menntun – næstu skref Sigurður Davíðsson		
14:35	Kaffihlé		

Ráðstefnustjóri: Guðfinna S. Bjarnadóttir alþingismaður



PORT: Hólmur

Á sjötta tug flytjenda

Á sjötta tug flytjenda hafa skráð sig í hljómsveitakeppnina Þorskastríðið sem útgáfufyrirtækið Cod Music stendur fyrir. Talsmenn fyrirtækisins eru hæstánægðir með þátttökuna og hvetja fólk til að halda áfram að senda þeim lög. Lokað verður fyrir innsendingar þriðjudaginn 6. maí og því þurfa

þeir sem ætla sér að taka þátt að senda inn efni sem allra fyrst.

Senda skal tvö til fjögur lög á heimasíðuna Cod.is. Hinn 16. maí verður síðan tilkynnt hver sigurvegarinn er, og fær hann í sinn hlut útgáfusamning við Cod Music.

Ashutosh Muni

AUKIN LÍFSGÆÐI – BETRA LÍF helgarnámskeið 9.-11. maí nk.

Fjallað verður um:

- Andlega vellíðan og tilfinningalegt jafnvægi
- Hvernig við tökumst á við erfiðar tilfinningar á jákvæðan hátt
- Hvernig við getum hlúð betur að okkur sjálfum og fjölskyldunni í nútíma samfélagi
- Hvernig við sköpum aukin lífsgæði með andlegri iðkun

Ashutosh Muni er einstakur meistari jógaúsindanna, sem miðlar vísu sinni og kærleik af sannri umhyggju. Hann leggur áherslu á að lifa innihaldsríku lífi og elska fjölskyldu sína. Þetta er tækifæri til að njóta kennslu hjá einstökum meistara sem enginn ætti að láta fram hjá sér fara.

Námskeiðið verður í Valsheimilínu (hátíðarsal) að Hlíðarenda.

Nánari upplýsingar og skráning: Einar Ísleifsson 861 2101, Áslaug Höskuldsdóttir 694 8475, Kristbjörg Kristmundsdóttir 861 1373 og yoga@simnet.is

Alicante

á frábærum kjörum

Heimsferðir bjóða þér beint flug til Alicante í vor, sumar og haust eins og undanfarin 16 ár. Við bjóðum frábær kjör og þjónustu á íslensku alla leið – fyrir þig! Enn er tækifæri til að tryggja sér flugsæti til Alicante með Heimsferðum á frábærum kjörum. Nánar á www.heimsferdir.is.

Frá kr.
24.990 – báðar leiðir

Netverð á mann. Flugseti báðar leiðir með sköttum. Takmarkaður sætaframboð á þessu verði. Verð getur breyst án fyrirvara.



Bókaðu strax á www.heimsferdir.is og tryggðu þér lægsta verðið!



Syngjandi sælar fyrirsætur

Það eru ekki bara Hollywood-leikkonur sem söðla allt í einu um og spreyta sig á sönglistinni, eins og Scarlett Johansson er síðasta dæmið um. Söngurinn virðist líka heilla fyrirsæturnar.

Þá er það Daisy Lowe, sem hefur vakið gríðarlega athygli að undanförunu, sem hefur daðrað við mikkrofóninn. Hún er dóttir Gavins Rosssdale, eiginmanns Gwen Stefani og söngvara Bush, og hefur því ekki langt að sækja tónlistarhæfileikana. Frægðarstjarna Lowe í tískuheiminum hefur farið hækkandi að undanförunu, en hún ku hafa mikinn hug á tónlistinni líka. Kærasti Lowe er enginn annar en Mark Ronson, sem nýtur mikillar hylli sem upptöktustjóri og framleidandi, og Lowe hefur þegar haldið í hljóðver með honum. Samkvæmt móður hennar, Pearl Lowe, er hún þó ekki alveg ánægð með útkomuna, og þar sem bæði hún og Mark hafa í nógu öðru að snúast verður væntanlega einhver bið eftir fyrstu plötu þeirra.

AGYNESS DEYN Upprennandi ofurfyrirsætan Agyness Deyn mun spreyta sig á tónlistinni með bandarísku sveitinni Five O'Clock Heroes.

Fyrirsætan Irina Lazareanu ber höfuð og herðar yfir aðra söngfugla í tískuheiminum, þar sem hún hefur þegar tekið upp plötu. Lazareanu, sem á hafa tekið þátt í flestingum á einni viku, una Some Place Way í samstarfi við urn Lennon, en hún ig tengst vandræðum Pete Doherty Babysambles sterkum böndum. Einnhverjir vilja meina að hún hafi trommað með sveitinni, en Lazareanu hjálpaði Doherty, sem hún hefur þekkt frá fimmtán ára aldri, að minnsta kosti að semja dúettinn sem hann og fyrri-verandi kærasta hans, Kate Moss, sungu saman.

Nú er það hins vegar hin gríðarlega vinsæla Agyness Deyn sem vill feta í fótspor Irinu, en hún mun syngja í laginu Who með hljómsveitinni Five O'Clock Heroes. Að sjálfsgötu mun Deyn, sem margir kalla næstu Kate Moss tískuheimsins, einnig leika í tónlistarmyndbandi við lagið.

DAISY LOWE Dóttir Gavins Rosssdale og Pearl Lowe ku vera ansi hæfileikarík í tónlistinni og hefur þegar kynnst hljóðverinu nokkuð vel.



SÖNG MEÐ SEAN Irina Lazareanu hefur tekið upp plötu í samstarfi við Sean nokkurn Lennon.

SAMBIO.is **SAMBÍÓN**
REYKJAVÍK • AKUREYRI • KEFLAVÍK • SELFOSS

ALFABAKKA	SELFOSS
IRON MAN DIGITAL kl. 3D - 5:30D - 8D - 10:40D 12	IRON MAN kl. 5:30 - 8 - 10:30 12
IRON MAN kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:40 VIP	FORGETTING SARAH... 21 kl. 5:45 - 8 12
MAID OF HONOR kl. 1:30 - 3:30 - 5:40 - 8 - 10:20 L	BUBBI BYGGIR ISL.TAL kl. 4 L
DRILLBIT TAYLOR kl. 1:30 - 3:30 - 5:40 10	HORTON ISL.TAL kl. 4 L
IN THE VALLEY OF ELAH kl. 8 - 10:40 16	IRON MAN AKUREYRI kl. 2 - 5 - 8 - 10:30 12
FORGETTING SARAH... kl. 5:40 - 8 - 10:20 12	UNDRAHUNDURINN ISL.TAL kl. 2 L
SHINE A LIGHT kl. 8 - 10:40 7	DRILLBIT TAYLOR kl. 4 - 6 L
FOOL'S GOLD kl. 1:30 - 3:30 - 5:40 7	OVER HER DEAD BODY kl. 8 7
UNDRAHUNDURINN ISL.TAL kl. 1:30 - 3:30 L	THE RUINS kl. 10 16
KRINGLUNNI	KEFLAVÍK
IRON MAN DIGITAL kl. 3:00D - 6D - 9D - 10D 12	IRON MAN kl. 5:30 - 8 - 10:30 12
OVER HER DEAD BODY kl. 1:50 - 3:40 - 5:50 - 8 7	SUPERHERO MOVIE kl. 8 L
P2 kl. 10:10 16	P2 kl. 10 16
STÓRA PLANID DIGITAL kl. 4D - 6D - 8D 10	DRILLBIT TAYLOR kl. 3:30 - 5:45 L
UNDRAHUNDURINN ISL.TAL kl. 1:50 L	BUBBI BYGGIR ISL.TAL kl. 3:30 L
HANNAH MONTANA kl. 2 (3D) L	

SparBió 550kr

NÝTT Í BÍÓ!

MADE OF HONOUR ÞÁÐ ÞARF ALVÖRU KARLMANN TIL AÐ VERA BRÚÐARMEYJA!
★★★★★ - VJ.V. TOPPSÍÐIS / FBL

IRON MAN FYRSTA STÖRMÝND SAMARSSINS
★★★★★ - VJ.V. TOPPSÍÐIS / FBL

STREET KINGS HAN ER RÁNGLEGA SAKADUR UM MORÐ OG GERIR HVAD SEM ER TIL AÐ NÁ FRAM RÉTTLETTI!
★★★ 24 STUNDIR

FORGETTING SARAH MARSHALL HÉR VAR SPANGLAÐ TAKIÐ ÞVI EINS OG MAÐUR
★★★★★ - EN BESTA GÁFUNDIÐ Í TÓNLISTARHEIMNUM - VJ.V. TOPPSÍÐIS / FBL

21 Frá þeim sem færðu yfirlit SCARY MOVIE OG NAKED GUN

HORTON **SUPERHERO MOVIE**

SMÁRABÍÓ	REGNBÖGINN	TILBOÐSVERÐ
IRON MAN kl. 2:40 - 5:20 - 8 - 10:40 12	MADE OF HONOUR kl. 3 - 6 - 8:20 - 10:35 16	MADE OF HONOUR kl. 1 - 3:30 - 5:45 - 8 - 10:15 16
MADE OF HONOUR kl. 1 - 3:30 - 5:45 - 8 - 10:15 LUXUS	TROPA DE ELITE kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:20 ENSKURT 16	STREET KINGS kl. 5:30 - 8 - 10:30 16
STREET KINGS kl. 5:30 - 8 - 10:30 16	FORGETTING SARA MARSHALL kl. 5:30 - 8 - 10:30 12	BUBBI BYGGIR Í VILLTA VESTRINU kl. 1 - 2:30 - 4 12
BUBBI BYGGIR Í VILLTA VESTRINU kl. 1 - 2:30 - 4 12	BRÚÐGUMINN kl. 3 - 6 ENSKURT TEXTI 7	21 kl. 10 12
SUPERHERO MOVIE kl. 1 - 4 - 6 - 8 7		HORTON kl. 1 5%
HORTON kl. 1 ISLENSKT TAL 7		

HÁSKÓLABÍÓ SIMI 530 1919 **TILBOÐSVERÐ** **BORGARBÍÓ** SIMI 462 3500 **TILBOÐSVERÐ**

HÁSKÓLABÍÓ	BORGARBÍÓ
MADE OF HONOUR kl. 3 - 5:45 - 8 - 10:15 16	MADE OF HONOUR kl. 8 - 10 16
STREET KINGS kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:30 16	STREET KINGS kl. 10 16
AWAKE kl. 10 12	FORGETTING SARA MARSHALL kl. 6 - 8 12
21 kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:30 12	BUBBI BYGGIR Í VILLTA VESTRINU kl. 3:20 - 4:40 7
BRÚÐGUMINN kl. 6 - 8 ISLENSKUR TEXTI 7	SUPERHERO MOVIE kl. 6 7
	HORTON kl. 4 ISLENSKT TAL 7

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIDANN A **mid.is** FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIDANN MED KREDITKORTI AUKAKRÖNUR

Nýtt í bíó LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

IRON MAN **FORGETTING SARAH MARSHALL** **21**

500 kr. í bíó! Gífa á allar sýningar merkir með raubú!

LAUGARÁS BÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

IRON MAN - POWER kl. 5:30, 8 og 10:30 12
FORGETTING SARAH MARSHALL kl. 8 og 10:15 12
BUBBI BYGGIR Í VILLTA VESTRINU kl. 2, 4 og 6 - 550 kr. L
DEFINITELY, MAYBE kl. 8 og 10:15 L
SPIDERWICK CHRONICLES kl. 2, 4 og 6 7
HORTON - ISLENSKT TAL kl. 2 og 4 L

SparBió 550kr laugardag og sunnudag **SAMBIO.is** **SAMBÍÓN** REYKJAVÍK • AKUREYRI • KEFLAVÍK • SELFOSS

IRON MAN KL. 3 Í ALFAB. KL. 2 Á AK. OG 5:30 Í KEFL.	OVER HER DEAD BODY KL. 1:50 Í KRINGLUNNI	MADE OF HONOUR KL. 1:30 Í ALFABAKKA	DRILLBIT TAYLOR KL. 1:30 Í ALFABAKKA OG KL. 4 Á AKUREYRI	HANNA MONTANA KL. 2 Í KRINGLUNNI KL. 2 Á AK. KL. 1:50 Í KRINGL. OG KL. 2 Á AK.
---	--	-------------------------------------	--	--

TILBOÐSVERÐ SMÁRABÍÓ REGNBÖGINN HÁSKÓLABÍÓ

KL. 1 SMÁRABÍÓ KL. 4 BORGARBÍÓ	KL. 3 REGNBÖGINN	KL. 3 HÁSKÓLABÍÓ	KL. 1 SMÁRABÍÓ KL. 3 HÁSKÓLABÍÓ	KL. 1 SMÁRABÍÓ KL. 3 REGNBÖGINN	KL. 1 SMÁRABÍÓ KL. 3 HÁSKÓLABÍÓ
--------------------------------	------------------	------------------	---------------------------------	---------------------------------	---------------------------------

Ódýrt í bíó Sími: 553 2075 - bara lúxus

Bubbi Byggir í Villta Vestrinu **SPIDERWICK** **HORTON**

500kr. á fyrstu sýningar dagsins

Leona Lewis í form Búið að ráða kynnana

Hin glæsilega söngkona Leona Lewis hefur átt góðu gengi að fagna frá því hún bar sigur úr þýtum í bresku X-Factor-keppninni árið 2006. Hún setti heimsmet þegar fyrsta smáskífa hennar seldist í 50 þúsund eintökum á hálf tíma á Internetinu og Leona er fyrsta breska söngkonan sem nær á topp bandaríska vinsældalistans í 20 ár. Þrátt fyrir velgengnina telja samstarfsmenn hennar að söngkonan þurfi að losna við nokkur kíló ef hún eigi halda í við stórstjórnur á borð við Janet Jackson, Madonna og Mariah Carey.



LEONA LEWIS Söngkonan glæsilega ætlað að koma sér í betra form með hjálp einkabjálfa.

Gay hefur verið ráðin í verkið og mun hún bjálfa Leonu fyrir næsta tónlistarmyndband söngkonunnar. Patricia er vön að bjálfa stórstjórnur og hjálpaði Mariah Carey nýverið að koma sér í toppform. Leona mun fara í stífa bjálfun til Patriciu á stöð hennar í Karíbahafinu, en síðan mun hún fylgja Leonu eftir með reglulegum heimsóknum til Bretlands.

Nú styttest í endanlega niðurstöðu hjá Eurovision-aðdáendaklúbbunum. Tuttugu og sjö klúbbar hafa birt spár sínar og aðeins átta klúbbar eiga eftir að spá. Hin sænska Charlotte Pirelli, áður Nilsson, er langefst eins og hún hefur verið allan tímann. Þá koma lögin frá Serbíu, Sviss, Armeníu og Úkraínu, en Ísland er í sjötta sæti. Munar þar mest um stigin sem klúbbar í Noregi, Andorra, Ísrael, Bretlandi og Kýpur gáfu okkur (8 frá hverjum) og aserski klúbburinn gaf okkur sjö stig.

Talandi um Asera. Aserbaidsjan er nú fyrsta skipti með í keppninni og sendir pílta tvo, Elnur og Samir.



KYNNARNIR Í ÁR Serbarnir Jovana og Zeljko.

Peir troða upp á fyrri undankvöldinu og eru sigurvissir. „Ef við stöndum okkur vel á sviðinu þá vinnum við,“ sagði Elnur nýlega. „Við erum með eina lagið sem blandar saman rokki, óperu og mugham – hvað gæti klikkað?“ Elnur og Samir

koma fram í líki engils og djöfuls. Lagið „Day after Day“ er um baráttu þeirra. Mikið verður um dýrðir á sviðinu. Engillinn mun breiða úr geysimiklu vænghafi og háseti hans mun springa í loft upp.

Búið er að ráða kynnana. Þau Jovana Jankovic og Zeljko Joksimovic lýsa öllum þremur Eurovision-útsendingunum í ár. Jovana er þálfanur sjónvarpsþulur og lýsti beint þegar dregið var í riðlana tvo fyrr á árinu. Zeljko er hins vegar einn af farsælustu lagahöfundum Balkanskággans. Hann samdi framlag Serbíu árið 2004 sem varð í öðru sæti. Zeljko samdi einnig lag Serbíu í ár sem þykir sigurstranglegt.

EUROVISION

17 DAGAR TIL STEFNU

FRÉTTIR AF FÓLKI

Bobbi Kristina, 15 ára gömul dóttir **Whitney Houston** og **Bobbys Brown**, var

lögð inn á sjúkrahús eftir sjálfsmorðstílaun

í febrúar síðastliðnum, samkvæmt heimildum National Enquirer. Hún var flutt á geðsjúkrahús, þar sem hún dvaldi í nokkra daga, en samkvæmt fjölskyldumeðlimnum Ann Davis hefur Bobbi hingað til „drukkíð og skemmt sér og gert hvað sem hún vill“.

Jessica Simpson þakkar kærasta sínum, **Tony Romo**, fyrir að hafa látið henni líða

vel með sjálfa sig að nýju. Hún segir að hún hafi fundið fyrir samkeppni í öðrum samböndum sínum, eins og við **Nick Lachey** og **John Mayer**, en nú líði henni vel með sjálfa sig.

„Hann kenndi mér að líða vel með sjálfa mig að nýju. Við kynntumst með því að tala saman, sem ég held að sé best,“ segir söngkonan.

Mariah Carey gekk að eiga kærasta sinn, leikarann og rapparann **Nick Cannon**, á heimili sínu

á Bahamaeyjum í vikunni. Brúðkaupið fór fram á laun, og aðeins örfáir voru viðstaddir athöfnina. Talsmenn parsins hafa enn ekki staðfest að þau séu nú gift, en margir fjölmiðlar segjast hafa heimildir fyrir því. Talið er að Carey hafi neitað að skrifa undir kaupmála fyrir vígsluna, sem er hennar önnur.

Benji Madden vill giftast **Paris Hilton**, og kallar partíprinsessuna „efni í eiginkonu“. Madden segir þau skötujuin hafa þekkt lengi, og verið orðin ástfangin löngu áður en fregnir af sambandi þeirra kvíuðust út. Hann segist alltaf hafa þekkt

„hina sönnu Paris“. Madden segir að ekkert myndi gera hann hamingjusamari en að ganga að eiga Paris á næstunni, en kveðst þó ekki vilja lofa neinu.

ego dekor

Appolo hornsófi og skemill

Stærð: 280cmX220cm - Skemill: 100cmX75cm

Verð áður: 218.000,- -20% Verð nú: 174.400,-



Austria tungusófi

Stærð: 333cmX200cm

Verð áður: 188.000,- -20% Verð nú: 150.400,-

VORTILBOÐ Á SÓFUM 20-30% AFSLÁTTUR

Svefnsofi

Stærð: 280cmX185cm

Fáanlegur í dökkbrúnu og ljósbrúnu tweed áklæði

Verð áður: 187.000,- -20% Verð nú: 149.600,-



Madrid leðurtungusófi – EINGÖNGU Í BRÚNU LEDRI

Stærð: 305cmX220cm

Verð áður: 258.000,- -30% Verð nú: 180.600,-

Grando 4 sæta sófi og skemill

Stærð: 290cmX93cm - Skemill: 87cmX70cm

Verð áður: 164.000,- -25% Verð nú: 123.000,-



4 sæta sófi og skemill

Stærð: 270cmX100cm - Skemill: 100cmX100cm

Fáanlegur í ljósbrúnu og rauðu tweed áklæði

Verð áður: 158.000,- -20% Verð nú: 126.400,-



FRÉTTABLAÐIÐ SPÁIR FRAM 7. SÆTINU Í LANDSBANKAÐEILD KARLA 2008

> LYKILMAÐURINN

Reynir Leósson gegnir algjöru lykilmáttverki í Framliðinu. Óflugur og reyndur miðvörður sem stóð sig ákaflega vel með Frömum á síðustu leiktíð. Varnarleikurinn verður að vera í lagi hjá Frömum í sumar og þar er Reynir aðalmaðurinn. Hann er einnig maðurinn sem á að reka aðra áfram og gera Framarar eflaust þá kröfu að hann stígi enn frekar upp sem leiðtogi liðsins.



Árangur á afmælisárinu?

Það er talsvert breytt lið sem mætir til leiks hjá Fram í sumar. Liðið hefur misst markaskorarann Jónas Grana Garðarsson, miðjumanninn Alexander Steen og varnarmanninn Kristján Hauksson meðal annars.

Í þeirra stað eru komnir Auðun Helgason, Jón Þorgrímur Stefánsson, Paul McShane og Heiðar Geir Júlíusson.

Auðun, Jón og McShane koma með mikla reynslu í liðið og þarna eru þess utan á ferðinni menn sem hafa verið að spjara sig vel í deild þeirra bestu á síðustu árum.

Framarar skiptu þess utan um mann í brúnni en Ólafur Þórðarson var látinn víkja fyrir Þorvaldi Örylgssyni sem hafði verið að gera áhugaverða hluti með lið Fjarða-byggðar.

Eins og svo oft áður hafa Framarar verið að spila ágætlega á undirbúningstímabilinu en sú spilamennska hefur oftar en ekki gefið falsvönir fyrir sumarið. Sérfræðingar telja þó að annar bragur sé á Fram-liðinu núna en undanfarin ár.

Mikið meiri samheldni sé í liðinu og holningin allt önnur og betri en hún hefur verið lengi. Margir efuðust um að Þorvaldur Örylgsson væri rétti maðurinn fyrir Fram en ef mið er tekið af vorleikjunum er hann að berja liðið saman af stakri þrýði.

Fram er nýrðið 100 ára og fátt myndi gleðja stuðningsmenn liðsins meira en að fylgjast með liði sem berst með hjartanu og sýnir einhvern stöðugleika en þar hefur stórlega vantað upp á síðustu ár.



> X-FAKTORINN

Heiðar Geir Júlíusson er kominn heim til Fram frá Svíþjóð. Einn af efnilegri leikmönnum landsins og ætti að reynast Fram drjúgur.



AÐRIR LYKILMENN



AUÐUN HELGASON




PAUL MCSHANE



HJÁLMAR ÞÓRARINSSON

GENGI Á VORMÓTUNUM

■ Sigar ■ Jafntefli ■ Töp



GENGI SÍÐUSTU ÁRA 2007 7. sæti A-deild 2006 1. sæti B-deild 2005 9. sæti í A-deild 2004 8. sæti í A-deild 2003 7. sæti í A-deild 2002 8. sæti í A-deild

Aðalsteinn Eyjólfsson, fráfari þjálfari Stjórnunnar:

Áttum þetta skilið

HANDBOLTI Aðalsteinn Eyjólfsson, þjálfari Stjórnunnar, mun taka við liði Fylkis í N1-deild kvenna í sumar. Hann kveður Stjórnuna hins vegar með bæði Íslandsmeistara- og bikarmeistararitli.

„Það er æðislegt að labba út úr Garðabæ sem tvöfaldur meistari og það er ólýsanlegt að þetta sé í höfn,“ sagði Aðalsteinn.

„Liðið kom 100% klárt í þennan leik. Þær náðu að stilla spennustigið hárrétt og spiluðu frábæran handbolta fyrstu 25 mínúturnar. Svo kom smákafla þar sem þær voru óheppnar og gerðu tæknifeila en þegar það tók að krepka skóinn aftur gáfu þær í og sýndu gríðarlegan karakter. Ég hef aldrei þjálfað hóp sem á þetta eins mikið skilið og þessi hópur,“ sagði Aðalsteinn sem er afar ánægður með samstarf sitt við

Ragnar Hermannsson í vetur.

„Við spiluðum á 28 leikmönnum í vetur og ég og Ragnar vorum alltaf að hnoða saman nýju byrjunarliði. Við höfum unnið ótrúlega vel saman og ég á engin orð til að lýsa þessu samstarfi. Ragnar og Boris Acbechev komu stöðugleika á vörðina og unnu í öðrum þáttum en við gerðum í fyrria. Það fékkst mikill stöðugleiki við þetta. Þegar ég kom úr leikbanni ákváðum við að breyta engu þar sem það hafði gengið vel og ákváðum að stuða ekki vinnuna mikið með því að fara í allt aðra átt. Við ákváðum að ég einbeitti mér frekar að sóknarleikum og að finna lausnir þar. Það þrælgekk hjá okkur. Við gætum ekki verið gláðari,“ sagði Aðalsteinn að lokum. -gmi

STOLTUR Aðalsteinn var í skjýjunum með frammi-stöðu Stjórnuliðsins í gær. DIOROVIC

Stóðust pressuna með stæl

Stjörnustúlkur sýndur gríðarlegan karakter og sigurvilja þegar þær tryggðu sér Íslandsmeistararitilinn með 26-20 sigri gegn Valsstúlkum í Mýrinni í gærðag.

HANDBOLTI Stjarnan tryggði sér Íslandsmeistararitilinn í N1-deild kvenna með góðum sigri á Val, 26-20, í rafmögnum úrslitaleik í Mýrinni. Hefði Stjarnan tapað stigum hefði Fram orðið Íslandsmeistari en bæði lið luku mótinu með 41 stig. Stjarnan hafði betur í innbyrðisviðureignum liðanna og hampaði því bikarnum í leiklok. Valur hafnaði í þriðja sæti deildarinnar.

Stjörnustelpur mættu gríðarlega ákveðnar til leiks. Ekkert stress var að sjá á liðinu á meðan Valsstelpur sem höfðu að engu að keppa virtust engan veginn tilbúnar í leikinn. Stjarnan var nú mörkum yfir eftir 20 mínútna leik, 14-5, en þá tók sóknarleikur liðsins að hiksta.


Valsstelpur virtust átta sig á því að niðurlægning blasti við og náðu að minnka muninn í sjö mörk fyrir hlé, 17-10. Berglind Hansdóttir, markvörður Vals, reif upp baráttuna í liðinu og með frábæran varnaleik að vopni náði Valur að minnka muninn í tvö mörk, 22-20, þegar fimm mínútur lifðu leiks.

Þá tóku Stjörnustelpur við sér á ný og kláruðu leikinn eins og sönnu Íslandsmeisturum sáemir með fjórum síðustu mörkum leiksins. Frábær varnarleikur og hárrétt spennustig í upphafi leiks varð til þess að Stjarnan vann í raun öruggan sigur þótt Valur hafi saxað hressilega á forskotið í síðari hálfleik.

Frábær undirbúningur

Rakel Dögg Bragadóttir, fyrirlíði Stjórnunnar, stýrði liði sínu af sinni alkinu sníll í leiknum. Rakel sagði frábæran undirbúning fyrir leikinn hafa skilað miklu.

„Við einbeittum okkur að þessum leik alla vikuna. Við vorum í bíl stjórasetinu fyrir leikinn og vissum að við yrðum að leggja allt okkar í hann. Vikan var frábær. Það sýndi sig hvernig við byrjuð-



BIKARINN Á LOFT Rakel Dögg Bragadóttir, fyrirlíði Stjórnunnar, lyftir hér Íslandsmeistarabikarnum hátt á loft í Mýrinni í gær. Með henni á myndinni eru Stjörnustelpurnar Kristín Clausen og Sólveig Lára Kjærsted. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

um leikinn. Við fórum í það að halda í seinni hálfleik en samt sem áður spiluðum við frábæran leik,“ sagði Rakel og bætti við:

„Öll pressan var á okkur en við vorum mjög rólegar. Eins og Raggi þjálfari segir þá spiluðum við með köldum haus en heitu hjarta. Við vorum tilbúnar í þennan leik. Það var ekki neitt stress. Við nutum dagsins og uppskárnum eftir því. Valur er með frábært lið og spilaði frábæran varnarleik með frábæran markvörð fyrir aftan sig. Við fórum líka að hægja á okkur í stað

þess að halda áfram að sækja,“ sagði Rakel um ástæðu þess að Valur komst inn í leikinn eftir ójafnan fyrri hálfleik.

Stjarnan tapaði þrem leikjum í röð í desember en vann 15 síðustu leiki sína í mótinu. „Ég vil þakka þetta gengi eftir áramót frábærum karakterum í liðinu sem eru tilbúnir að leggja endalaust á sig. Við erum með frábært þjálfara-teymi. Öll vinnan í kringum liðið og samstaðan á stóran þátt í þessu,“ sagði kátur fyrirlíði Stjórnunnar í leiklok. -gmi



ÓFLUG Stjörnustúlkun Alina Petrache var drjúg að vanda og skoraði níu mörk í gærðag. Valsstúlkurnar Dagný Skúladóttir, Kristín Guðmundsdóttir og Hafrún Kristjánsdóttir reyna hér að stöðva hana. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



FYRIRLIÐINN Rakel Dögg þakkar frábæran undirbúningi í vikunni fyrir leikinn hvernig fór í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

what happens in VEGAS

Heimsfrumsýnd 7. maí

Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind. Kopprétt. Með því að taka þitt erfu kominn SMS klúbbi. 99 kr/skýmb.

SENDU SMS JA VBV Á NÚMERIÐ 1900 - ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!

9 HVER VINNUR!

Vinningar eru Bíómiðar fyrir tvo, DVD myndir, varningur tengdur myndinni og margt fleira!

einkana.is

Levi's Stores
Kringlunni og Smáralind

betsson.com

ÚRSLIT

N1-deild kvenna í handbolta

Stjarnan-Valur 26-20 (17-10)
Mörk Stjörnunur (skot): Alina Petrathe 9/4 (16/4), Rakef Dögg Bragadóttir 5 (6), Harpa Sif Eijólfssdóttir 4 (5), Sólveig Lára Kjærmest 3 (8), Ásta Agnarsdóttir 2 (3), Þorgerður Anna Atladóttir 1 (1), Kristín Clausen 1 (2), Birgit Engl 1 (5).
Varin skot: Florentina Stancue 21 (41/1 51,2%)

Hraðaupplau: 6

Fiskuð viti: 4

Utan vallar: 4 mínútur

Mörk Vals (skot): Hafurín Kristjánsdóttir 4/1 (7/2), Dagný Skúladóttir 4 (8), Eva Barna 4 (12), Kristín Guðmundsdóttir 4 (14), Anna María Guðmundsdóttir 2 (2), Rebekka Skúladóttir 1 (1), Katrín Andrésdóttir 1 (2), Nora Valovics 1 (1), Íris Ásta Pétursdóttir 1 (1), Ágústa Edda Björnsdóttir 2 (2).
Varin skot: Berglind Hansdóttir 12 (35/4 34,3%), Jolanta Slapikiene 3 (6 50%)

Hraðaupplau: 8

Fiskuð viti: 2

Utan vallar: 2

Haukar-FH 31-26
 Akureyri-Grótta 19-31
 HK-Fylkir 28-30

LOKASTAÐA DEILDARINNAR

Stjarnan	24	20	1	3	+153	41
Fram	24	19	3	2	+124	41
Valur	24	18	0	6	+155	36
Haukar	24	14	2	8	+63	30
Grótta	24	13	1	10	+83	27
Fylkir	24	7	1	16	-96	15
HK	24	6	3	15	-41	15
FH	24	5	1	18	-161	11
Akureyri	24	0	0	24	-280	0

N1-deild karla í handbolta

Afturelding-Stjarnan 26-22
 HK-Haukar 32-32
 Akureyri-IBV 42-33

LOKASTAÐAN Í DEILDINN

Haukar	28	20	6	2	+99	46
HK	28	17	3	8	+71	37
Valur	28	16	4	8	+93	36
Fram	28	16	2	10	+13	34
Stjarnan	28	12	5	11	+37	29
Akureyri	28	9	4	15	-4	22
Afturelding	28	4	3	21	-77	11
IBV	28	4	1	23	-232	9

Norski handboltinn

Drammen-Elverum 31-33
 Elverum varð þar með norskur meistari en Axel Stefánsson þjálfar liðið og Sigurður Ari Stefánsson skoraði 8 mörk og Ingimundur Ingimundarson skoraði 7 mörk í úrslitaleiknum.

Lokaumferð N1-deildar karla í handbolta var leikin í gær þar sem flestra augu voru á toppslag HK og Hauka:

Toppliðin skildu jöfn í Digranesi í gær

HANDBOLTI Lokaumferðin í N1-deild karla í handbolta var háð í gær og þar bar hæst að Íslandsmeistarar Hauka og silfurlið HK gerðu jafntefli 32-32 í fjörugum leik í Digranesi.

Talsverður dodi hefur verið yfir N1-deild karla eftir að Haukar tryggðu sér Íslandsmeistaratitilinn fyrir tæpum mánuði en leikur HK og Hauka í gær var hin besta skemmtun. Allt leit út fyrir að Haukarnir myndu fara með sigur af hólmi 31-32 en HK-ingar gáfust ekki upp og náðu að jafna leikinn 32-32 á lokasekúndu leiksins við gríðarlegan fögnuð áhorfenda sem fjölmenntu í Digranesi í gær. Að leik loknum fengu HK-ingar

svo silfurverðlaunapeninga sem Einar Þorvarðarson, framkvæmdastjóri HSÍ, afhenti þeim og Gunnar Magnússon, þjálfari HK, var ágætlega sáttur í leiklok.

„Mér fannst þetta bara finn leikur og leikmennirnir voru að sýna fína baráttu og karakter. Bæði lið voru að spila á ungum leikmönnum og náttúrulega með hugann þar við næsta vetur sem er ekkert óeðlilegt eins og deildin hefur próast og ég skal játa það að þetta er búinn að vera frekar erfiður mánuður þar sem ef til vill var ekki að miklu að keppa í lokaumferðunum,“ sagði Gunnar sem er bjartsýnn á framhaldið hjá HK.

„Það eru talsverðar manna-breytingar fram undan þar sem við missum eitthvað af þeim erlendu leikmönnum sem hafa verið hjá okkur. Það er samt mikill metnaður hjá HK að vera með í toppbaráttunni aftur á næsta ári og það eru bjartir tímar fram undan hjá félaginu þar sem það eru margir efnilegir leikmenn að koma upp og 2. flokkur félagsins var bæði Íslands- og bikarmeistari,“ sagði Gunnar að lokum. - óþ



JAFNTEFLI Íslandsmeistarar Hauka og silfurlið HK skildu jöfn í Digranesi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Íslandsmeistarar Vals og bikarmeistarar FH eigast við í Meistarakeppni karla í fótbolta í Kórnum í kvöld:

Bestu lið síðasta sumars mætast í kvöld

FÓTBOLTI Íslandsmeistarar Vals og bikarmeistarar FH mætast í hinni árlegu Meistarakeppni KSÍ í fótbolta í Kórnum kl. 19.15 í kvöld. Fréttablaðið heyrði hljóðið í markahrókunum Helga Sigurðssyni hjá Val og Tryggva Guðmundssyni hjá FH og spurði þá út í leikinn í kvöld og vonir og væntingar þeirra fyrir sumarið.

Helgi hefur verið frá vegna meiðsla síðan í landsleik Íslands og Færeyja um miðjan mars þegar hann tagnaði aftan í læri en er allur að koma til og ætlar sér að vera klár í fyrsta leik í Landsbankadeildinni, en á síður von á því að leika með Val í kvöld.

„Ég tel mig reyndar nú þegar vera orðinn kláran í slaginn en þjálfara- og

KLÁR Í SLAGINN Helgi Sigurðsson er búinn að ná sér af meiðslum en verður líklega hvíldur í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

sjúkraþjálfarateymið er eitthvað að reyna að halda aftur af mér vegna hræðslu um að tognunin taki sig aftur upp, þannig að ég á ekki von á því að vera með í kvöld,“ sagði Helgi spenntur og kvaðst ánægður með Valsliðið.

„Veturinn hefur gefið okkur mikið sjálfstraust, en þeir leikir skipta auðvitað engu máli ef menn byrja Íslandsmótið ekki á fullu. Ég er hins vegar mjög bjartsýnn og við ætlum okkur að sjálfsögðu að vera með í baráttunni um titilinn og ég tel að FH og ÍA muni veita okkur mesta keppni þar,“ sagði Helgi að lokum.

Tryggvi hefur verið á skotskónum í vetur og vor og hlakkar til leiksins í kvöld.

„Það er komin mikil stemning í mannskapinn og það er alltaf gaman að spila þessa leiki og segja má að þetta sé kannski fyrsti alvöruleikur tímabilsins. Það lið sem

vinnur leikinn ætti því að koma inn í Íslandsmótið með miklu sjálfstrausti. Það hefði vissulega verið skemmtilegra að spila þennan leik úti og á grasi en þetta verður auðvitað hörkuleikur bestu liða síðasta sumars,“ sagði Tryggvi sem á von á að titilbaráttan verði ennþá harðari í ár en oft áður.

„Ég er bjartsýnn á sumarið eins og alltaf og tel að við munum vera í baráttunni um titilinn en ég hef trú á því að toppbaráttan verði meira spennandi í sumar en hún hefur verið undanfarin ár og fleiri lið þar tilkölld. Ég hef trú á því að ásamt okkur hafi Valur, KR, ÍA, Breiðablik og jafnvel Fylkir og Fram alla burði til þess að gera góða hluti,“ sagði Tryggvi. - óþ

Í ELDLÍNUNNI Tryggvi Guðmundsson telur að leikurinn í kvöld geti virkað sem vítamínsprauta fyrir sigurliðið inn í Íslandsmótið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



FYLLUM VÖLLINN Á MEISTARAKEPPNI KSÍ
 LEIÐ Í KÓRNUM KÓPAVOGI Í KVÖLD KL. 19.15
 AÐGANGSEYRIR 1.000 KR. – ÓKEYPIS FYRIR YNGRI EN 16 ÁRA

VALUR – FH



Alltaf í boltaunum

ÚRSLIT

Enska úrvalsdeildin

Man. Utd.-West Ham	4-1
1-0 Cristiano Ronaldo (3.), 2-0 Cristiano Ronaldo (24.), 3-0 Carlos Tevez (26.), 3-1 Dean Ashton (28.), 4-1 Michael Carrick (59.).	
Aston Villa-Wigan	0-2
0-1 Antonio Valencia (52.), 0-2 Antonio Valencia (63.).	
Blackburn-Derby	3-1
0-1 Kenny Miller (19.), 1-1 Roque Santa Cruz (45.), Jason Roberts (47.), 3-1 Roque Santa Cruz (77.).	
Fulham-Birmingham	2-0
1-0 Brian McBride (52.), 2-0 Erik Nevland (87.).	
Middlesbrough-Portsmouth	2-0
1-0 Chris Riggott (40.), 2-0 Sanli Tuncay (53.).	
Reading-Tottenham	0-1
0-1 Robbie Keane (16.).	
Bolton-Sunderland	2-0
1-0 El-Hadji Diouf (42.), 2-0 sjálfsmark (83.).	

STAÐAN Í DEILDINN

Man. Utd	37	26	6	5	78-22	84
Chelsea	36	24	9	3	62-25	81
Arsenal	36	22	11	3	72-31	77
Liverpool	36	19	13	4	64-28	70
Everton	36	18	8	10	52-31	62
Aston Villa	37	16	11	10	69-49	59
Blackburn	37	15	13	9	49-44	58
Portsmouth	37	16	9	12	48-39	57
Man. City	36	15	10	11	44-44	55
West Ham	37	13	9	15	40-48	48
Tottenham	37	11	13	13	66-59	46
Newcastle	36	11	10	15	44-60	43
Wigan	37	10	10	17	34-49	40
M'rough	37	9	12	16	35-52	39
Sunderland	37	11	6	20	36-58	39
Bolton	37	9	9	19	35-53	36
Fulham	37	7	12	18	37-60	33
Reading	37	9	6	22	37-66	33
Birmingham	37	7	11	19	42-61	32
Derby	37	1	8	28	20-85	11

Sænska úrvalsdeildin

Elfsborg-Helsingborg	1-0
Helgi Valur Danielsson lék allan leikinn fyrir Elfsborg en Ólafur Ingi Skúlason er meiddur.	

Norska úrvalsdeildin

Tromsø-Brann	0-0
Kristján Örn Sigurðsson var í byrjunarliði Brann en var skipt út af í hálfleik fyrir Ólaf Örn Bjarnson og Gylfi Einarsson lék síðustu tíu mínúturnar.	

Danska úrvalsdeildin

AGF-OB	0-2
Kári Árnason lék allan leikinn fyrir AGF.	

United með aðra hönd á titlinum

Manchester United vann sannfærandi sigur á West Ham í gær og hefur nú sett pressu á Chelsea sem heim-sækir Newcastle á morgun. Íslendingaliðið Reading er komið í slæma stöðu í botnbaráttunni eftir tap gegn Tottenham en Bolton er í talsvert betri málum eftir sigur liðsins gegn Sunderland.

FÓTBOLTI Manchester United komst skrefi nær því að verja titilinn í gær eftir auðveldan 4-1 sigur gegn West Ham. Botnbarátta deildarinnar stendur nú sem hæst og þar er Reading í kröppum dansi ásamt Birmingham en hagar Bolton og Fulham vænkaðist til mikilla muna.

Það var sannkallaður meistara-bragur á United á Old Trafford í gær og Cristiano Ronaldo skoraði fyrsta mark leiksins strax á 3. mínútu. Ronaldo fékk þá boltann úti á hægri kantinum, náði óáreittur að koma sér í skotstöðu á hægri vítateigshorninu og Portúgalinn snjalli þakkaði fyrir sig með góðu skoti á nærstöng sem Robert Green átti ekki möguleika á að verja. Ronaldo var aftur á ferðinni á 24. mínútu og skoraði þá sitt 40. mark á tímabilinu og í þetta skiptið afgreiddi hann boltann í netið með hnenu eftir fyrirgjöf Owens Hargreaves. Stórskotahríð United hélt áfram tveimur mínútum síðar þegar Carlos Tevez skoraði fallett mark með þrumuskoti langt fyrir utan teig.

West Ham náði þó að svara fyrir sig stuttu síðar þegar Dean Ashton minnkaði muninn með glæsilegri hjólhestaspyrnu og hagar gestanna vænkaðist enn frekar í lok fyrri hálfleiks þegar Luis Nani fékk að líta rauða spjaldið. Nani skallaði þá Lucas Neill og var réttilega vísað af velli en ástralski varnarmaðurinn var þó ekki alveg saklaus í atvikinu en slapp með skrekkinn.

Seinni hálfleikur bauð hins vegar aldrei upp á neina spennu



SNILLINGUR Cristiano Ronaldo sýndi enn og aftur snilli sína á Old Trafford í gær og skoraði tvö mörk fyrir United. Ronaldo, sem var kosinn leikmaður tímabilsins af bæði leikmönnum og blaðamönnum, er kominn með 40 mörk í vetur. NORDIC PHOTOS/GETTY

því United sýndi gríðarlegan styrk sinn og stjórnaði leiknum fullkomlega og engu líkara en West Ham væri leikmanni færra heldur en hitt. Michael Carrick skoraði svo fjórða mark United þegar hálf tími

lífi leiks en það reyndist síðasta mark leiksins og þægilegur sigur United því í höfn.

Sir Alex Ferguson, knattspyrnu-stjóri United, var að vonum sáttur í leikslök.

„Þetta var stórkostlegur dagur fyrir Manchester United og þessi leikur undirstrikar bara frábæra spilamennsku okkar í vetur. Við höfum þó ekki unnið neitt enn,“ sagði Ferguson varkár í leikslök.

Fallbaráttan harðnar

Fulham vann Birmingham 2-0 í sannkolluðum fallbaráttuslag þar sem Brian McBride og Erik Nevland skoruðu mörkin. Sigur Fulham þýddi að félagið komst loksins upp úr fallsæti á kostnað Íslendingaliðsins Reading sem tapaði 0-1 gegn Tottenham. Ívar Ingimarsson var í byrjunarliði Reading í leiknum en Brynjar Björn Gunnarsson var ekki í leikmannahópnum að þessu sinni.

Grétar Rafn Steinsson var í byrjunarliði Bolton sem náði í þrjú mikilvæg stig með 2-0 sigri gegn Sunderland en Heiðar Helguson var ekki í leikmannahópnum. El-Hadji Diouf skoraði á 42. mínútu og Daryl Murphy skoraði sjálfsmark í lokin og þar við sat.

Evropudraumur Villa úr sögunni?

Aston Villa náði ekki að setja pressu á Everton í baráttunni um fimmta sætið og tapaði 0-2 fyrir Wigan sem gulltryggði þar með sæti sitt í deildinni. Luis Antonio Valencia skoraði bæði mörkin. Everton þarf nú aðeins eitt stig úr tveimur leikjum til að tryggja sér fimmta sætið.

Hermann Hreiðarsson og félagar í Portsmouth töpuðu 2-0 fyrir Middlesbrough sem náðu þar með að tryggja áframhaldandi veru í úrvalsdeildinni. omar@frettabladid.is

Sértilboð í júní



Mallorca

Fjölskylduparadísin Alcudia

Aðeins örfáar íbúðir í boði

Heimsferðir bjóða frábær sértíloboð til Mallorca 4., 11. eða 18. júní. Þjóðum nokkrar íbúðir á okkar vinsæla gististað Alcudia Pins í Alcudia á frábæru verði. Íbúðahótelid er tilvalið fyrir fjölskyldufólk þar sem eitthvað er að finna við allra hæfi, s.s skemmtidagsskrá á daginn og kvöldin, sundlaugar, rennibrautir, fótbolta-, körfubolta- og tennisvöllur og svo mætti lengi telja. Gengið er beint úr hóteldgarðinum og niður á fallega hvíta ströndina. Skelltu þér með fjölskylduna og njóttu lífsins á Mallorca.

Frábært sértíloboð - Alcudia Pins íbúðahótelid

Kr. 49.990

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn saman í íbúð í viku, 18. júní á Alcudia Pins. Brottfarir 4. og 11. júní kr. 4.000 aukalega. Aukavika kr. 14.000.

Kr. 59.990

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna saman í íbúð í viku, 18. júní á Alcudia Pins. Brottfarir 4. og 11. júní kr. 4.000 kr aukalega. Aukavika kr. 14.000.



ÓVÆNT Fáir áttu von á því að Atlanta myndi koma til baka gegn Boston eftir að hafa lent 2-0 undir í einvíginu en fram undan er oddaleikur. NORDIC PHOTOS/GETTY

Ótrúlegir hlutir að gerast í úrslitakeppni NBA:

Atlanta kemur enn og aftur á óvart

KÖRFUBOLTI Það var mikið um að vera í úrslitakeppni NBA-deildarinnar í körfubolta í fyrri nótt þar sem Cleveland Cavaliers og Utah Jazz tryggðu sér farseðilinn í aðra umferð en meistaraefnin í Boston Celtics töpuðu gegn Atlanta Hawks og því þarf oddaleik til að skera úr um hvort liðið kemst áfram.

Cleveland sigraði Washington Wizards 105-88 og einvígið því samanlagt 4-2 þar sem enginn annar en LeBron James fór á kostum. James var með þrefalda tvennu, 27 stig, 13 fráköst og 13 stoðsendingar en næstir komu Wally Szczerbiak með 26 stig og Daniel Gibson með 22 stig. Þetta var þriðja árið í röð sem Cleveland slær Washington út úr fyrstu umferð úrslitakeppninnar.

Utah sigraði Houston Rockets 113-91 og einvígið því samanlagt 4-2 og munaði þar mest um þriðja leikhlutann í leiknum þar sem heimamenn í Utah skoruðu 27 stig á móti 11 stigum gestanna.

Utah fékk skell 95-69 í fimmta leiknum í Houston og ætlaði greinilega ekki að láta það koma fyrir aftur.

„Þeir jörðuðu okkur á sínum heimavelli í síðasta leik og við mættum því ákveðnir til leiks og kláruðum dæmið,“ sagði Jerry Sloan, hjálfari Utah, í leikslök í fyrri nótt en Utah mætir LA Lakers í annarri umferð.

Það er óhætt að fullyrða að engum hafi dottið í hug að einvígi Boston og Atlanta myndi fara í oddaleik eftir að Boston vann tvo fyrstu leikina auðveldlega en það varð engu að síður staðreynd eftir 103-100 sigur Atlanta í fyrri nótt. Joe Johnson var drjúgur fyrir Atlanta á lokamínútu leiksins og setti niður þriggja stiga skot og tvö vítaskot. Rajon Rondo reyndi þriggja stiga skot fyrir Boston á lokasekúndunum sem geigaði og lokatölur eins og segir 103-100 fyrir Atlanta. Sigurvegarinn í oddaleiknum mætir Cleveland í annarri umferð.

★ BÍLD SHÖFÐI

★ SKIPHOLT

★ TRYGGVAGATA

★ HAFNARFJÖRÐUR

★ KÓPAVOGUR



STOFA 53

NAUTASTEIK

Steikin er borin fram með
piparsósu, kryddsmjöri,
frönskum og fersku salati

AMERICAN

STYLE

> Ben Stiller

Stiller er í sérstakri klíku leikara sem kallast Frat Pack. Með Stiller í klíkunni má til dæmis nefna Wilson-bræður, Jack Black, Will Ferrell og Vince Vaughn. Klíkan vinnur oft saman að myndum og léku Stiller og Vaughn m.a. saman í þremur myndum árið 2003. Stiller leikur í myndinni Night at the Museum sem Stöð 2 bíó sýnir í kvöld.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ ANNA MARGRÉT BJÖRNSSON FYLGIST MEÐ BEÐMÁLUM Í MANHATTAN

Aðþrengdar ofurkonur

Miðvikudagskvöld á Skjá Einum eru sannkölluð stelpukvöld og upplagt að lakka á sér tæneglurnar við bandarísku undarlegheitin sem eru þar á ferðinni. Nýverið hófust sýningar á þáttaröðinni Lipstick Jungle sem er byggð á bók eftir höfund Sex and the City en tekst misvel upp. Þættirnir fjalla um þrjár konur sem allar eru í góðum og vel launuðum störfum og er uppfullur af klisjum um hvað verður um konur sem njóta meiri velgengni en karlar. Til dæmis eru karlarnir sem vinna með þeim sífellt að reyna að klekkja á þeim og eiginnmennirnir pirraðir yfir öllu saman eða orðnir svo „mjúkir“ að þeir burstu tennurnar í eiginkonunni. Brooke Shields er sæt í hlutverki umsvifamikils kvikmyndaframleiðanda en eiginnmaður hennar er alltaf í fylu af því að hann þarf að ná í krakkana í skólann og þénar ekki eins mikinn pening og spúsan. Lindsay Price leikur tiskuhönnuð sem deitar krúttlegan milljarðarmæring leikinn af Andrew McCarthy (hvar er hann búinn að vera?)



og virðist ekkert kunna að meta það að fá endalausar blómasendingar og að láta fljúga með sig í dagsferðir til Parísar. Og svo að síðustu er það ofursvala blondínan Kim Raver sem leikur ritsstjóra frægs tímarits. Hún á hrútleiðinlegan eiginnmann sem hvorki sefur hjá henni né fylgir henni í parti og því endar hún í fyrsta þættinum í bólinu með ungum sjarmör sem skrifar símanúmerið sitt á lærið á henni í veislu. Ágæt pikköpplina það.

Allar þessar „ofurkonur“ lifa sumsé stjórnláusu lífi aðþrengdra eiginkvenna og spurning hvort þátturinn endurspeglir viðhorf til bandarískra framakvenna. Fyrir utan alla vitleysuna má auðvitað hafa mjög gaman af þessu, á sama hátt og Sex and the City. Það er prýðisgóð afþreying að horfa á konur í New York fara út að borða, í parti og drekka kokkteila í sætum kjólum. Svo er þátturinn líka uppfullur af snildarlega vondum línum eins og: „When they smell fear in this town, it's over.“

EKKI MISSA AF



► **12.20 Arsenal - Everton**
STÖÐ 2 SPORT 2



► **19.00 Wachovia Championship**
STÖÐ 2 SPORT



► **19.40 Top Gear** SKJÁREINN



► **20.30 Monk** STÖÐ 2



► **21.05 Núi Albinói**
SJÓNVARPIÐ

SJÓNVARPIÐ

08.00 Morgunstundin okkar Í nætur-garði, Brummi, Kóalabæður, Landið mitt, Disneystundin, Alvöru dreki, Síglidar teikni-myndir, Nýi skólinn keisarans, Frækir ferðalangar, Sigga ligga lá, Konráð og Baldur, Fætur umir á Fanney og Dalabæður (10:10)

11.35 Hálandahöfðinginn (4:6)

12.30 Silfur Egils

13.45 Ný Evrópa með augum Palins

14.45 Meistarad. VÍS í hestaiþróttum

15.15 EM 2008 (4:8)

15.45 Fótboldsumarið Í þættinum verður hitað upp fyrir fótboldsumarið 2008. Gestir og sérfræðingar spá í spilin og liðin verða kynnt til sögunnar.

16.50 Meistarad. Evrópu í handbolta

17.35 Táknálfir

17.45 Meistaradeild Evrópu í handbolta (seinni hálfleikur)

18.30 Talið í söngvakeppni 2008 (1:3)

19.00 Fréttir

19.30 Veður

19.40 Sunnudagskvöld með Evu Maríu

20.20 Sannleikurinn um Maríku (3:5)

► **21.05 Sunnudagsbíó - Núi albinói** Verðlaunamynd eftir Dag Kára frá 2003 um ungan sérvitring í íslensku þorpi sem lætur sig dreyma um að komast burt með borgarstúlkunni Írisi. Meðal leikenda eru Tómas Lemarquis, Elin Hansdóttir og Þröstur Leó Gunnarsson.

22.35 Silfur Egils

23.50 Sunnudagskvöld með Evu Maríu

00.25 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

BÍÓ

06.00 How to Kill Your Neighbor's Dog

08.00 Lost in Translation

10.00 Lackawanna Blues

12.00 Night at the Museum

14.00 How to Kill Your Neighbor's Dog

16.00 Lost in Translation

18.00 Lackawanna Blues

20.00 Night at the Museum Geysilega vinsæl ævintýra- og gamanmynd fyrir alla fjölskylduna með Ben Stiller í aðalhlutverki.

22.00 The Omen Fyrsti kaffinn í þessum sigilda hrollvekjubálki.

00.00 The General's Daughter

02.00 Bookies

04.00 The Omen

STÖÐ 2

07.00 Barney og vinir

07.25 Kalli á þakinu

07.50 Fífi

08.05 Justice League Unlimited

08.30 Blær

08.35 Algjör Sveppi Sveppi sýnir meðal annars teiknimyndirnar Könnuðurinn Dóra, Gordon Garðálfur, Refurinn Pablo, Doddi lítli og Eymastór, Þorlákur, Tommi og Jenni, Gínger segir frá, Tracey McBean og Bratz.

12.00 Hádegisfréttir

12.30 Neighbours

12.50 Neighbours

13.10 Neighbours

13.30 Neighbours

13.55 America's Got Talent (1:12)

15.25 Kompás

16.05 Hæðin (7:9)

16.55 60 minutes (60 mínútur)

17.45 Oprah

18.30 Fréttir Stöðvar 2

19.10 Mannamál

19.55 Sjálfstætt fólk

► **20.30 Monk** (3:16) Einkaspæjarann og sérvitringinn Adrian Monk þarf ekki að kynna fyrir áskrifendum Stöðvar 2. Hann hefur fyrir löngu áunnið sér rækilegar vinsældir og það verðskuldaðar því þeir eru fáir framhaldsþættirnir í dag sem eru skemmtilegir. Í þessari sjöttu og bestu þáttaröð til þessa heldur Monk uppteknum hætti við að aðstoða lögregluna við lausn allra sérkennilegustu sakamála sem flest hver eru æði kómísk þótt glæpir séu auðvitað alltaf dauðans alvara.

21.15 10.5 Apocalypse (1:2)

22.45 Curb Your Enthusiasm (5:10)

Í heimi þar sem almenn leiðindi eru skemmtilegust og óþolinmæði og smámunasemi eru fremstar allra dyggða, þar er Larry David ókrýndur konungur. Enginn, hvorki fyrr né síðar, hefur afrekað að gera almenn leiðindi eins óendanlega fyndin.

23.15 Grey's Anatomy-Sagan til þessa

00.00 Bones (5:13)

00.45 Mannamál

01.30 Movern Callar

03.05 In Enemy Hands

04.40 Monk (3:16)

05.20 Curb Your Enthusiasm (5:10)

05.50 Fréttir

06.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVI

SPORT

besta sætið

08.00 Spænski boltinn

09.40 Augusta Masters 2008

13.50 Meistaradeild Evrópu (Chelsea - Liverpool)

15.30 Meistaradeildin (Meistaramörk)

15.50 Gillette World Sport

16.20 Fréttabáttur Meistaradeildar Evrópu

16.50 Spænski boltinn Bein útsending frá leik Barcelona og Valencia í spænska boltanum.

► **19.00 PGA Tour 2008** Bein útsending frá lokadegi Wachovia-meistaramótisins sem er hluti af PGA-mótaröðinni. Til leiks mæta margir af bestu kyflingum heims og þar á meðal Vijay Singh, Phil Mickelson og Trevor Immelman.

22.00 F1. Við endamarkið Fjallað verður um atburði helgarinnar og gestir í myndveri ræða málin. Farið verður yfir helstu mál liðandi keppni og þau krufin til mergjar.

22.40 Spænski boltinn Útsending frá leik Real Madrid og Osasuna í spænska boltanum. Leikurinn er í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport 3 kl. 18.55.

SPORT 2

enski boltinn

08.15 Reading - Tottenham

10.00 PL Classic Matches Bestu leikir úrvalsdeildarinnar Svipmyndir frá leik Crystal Palace og Blacburn leiktíðna 1992-1993.

13.30PL Classic Matches (Bestu leikir úrvalsdeildarinnar) Svipmyndir frá leik Manchester United og Sheffield Wednesday leiktíðna 1992-1993.

11.0 04 4 2

► **12.20 Enska úrvalsdeildin** Bein útsending frá leik Arsenal og Everton í ensku úrvalsdeildinni.

14.35 Enska úrvalsdeildin Bein útsending frá leik Liverpool og Man. City í ensku úrvalsdeildinni.

16.40 Man. Utd. - West Ham

18.25 Bolton - Sunderland

20.10 4 4 2

21.30 Arsenal - Everton

23.15 Liverpool - Man. City

SKJÁREINN

08.05 Óstöðvandi tónlist

09.00 MotoGP (e)

13.15 Professional Poker Tour (e)

14.45 Rachael Ray (e)

15.30 Rachael Ray (e)

16.15 America's Next Top Model (e)

17.05 Innlit / útlit (e)

17.55 Lipstick Jungle (e)

18.45 The Office (e)

19.10 Snocross (5:12) Íslenskir snjósléðakappar í skemmtilegri keppni þar sem ekkert er gefið eftir. Keppendur þurfa að glíma við erfiðar brautir og keppnin hefur aldrei verið eins spennandi. Kraftur, úthald og glæsileg tilþrif frá upphafi til enda.

► **19.40 Top Gear** (12:17) Félagarnir Jeremy Clarkson, Richard Hammond og James May skoða allt sem viðkemur bílum með hárbættum húmor í bland við alvarlega umfjöllun. Jeremy, James og Richard reyna komast að því hvernig fljótlegast er að ferðast um London, á hjóli, á bát eða í bíl. The Stig reynir að bæta hraðamet þáttanna á Caparo T1. Idol-dómarinn Simon Cowell prufukeyrir hagkvæma bílinn.

20.40 Psych (14:16) Shawn og Gus rannsaka morð á meðlimi í leyndilegu bræðralagi þar sem tengdapabbi Lassiters er aðalmaðurinn.

21.35 Boston Legal (14:20) Carl Sack tekur að sér mál hinnar kynóðu Andreu sem fer í mál við fyrirtæki sem glataði ösku mömmu hennar á meðan Denny Crane og Alan Shore undirbúa mál gegn bandarísku strandgæslunni.

22.30 Brotherhood (4:10) Dramatísk og spennandi þáttaröð um bræðurna Tommy og Mike Caffee. Annar er efnilegur stjórnmálamaður en hinn forhertur glæpamaður.

23.30 Cane (e)

00.20 Svalbarði (e)

01.20 Minding the Store (e)

01.45 Vörutorg

02.45 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Magasínþáttur - mannlíf og menning á Norðurlandi. Samantekt umfjallana vikunnar. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á mánudag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



Ártúnsbrekka lokuð vegna mótmæla

„Ég sá það fyrst á visir.is“

Visir.is var langfyrstur með fréttirnar um aðgerðir vörubílstjóra. Hann er öflug fréttar- og upplýsingaveita í stöðugri sókn, sem leggur metnað sinn í að flytja fréttir liðandi stundar fljótt og örugglega til notenda. Fréttir, dægurmál, umræða, blogg, sjónvarpsfréttir Stöðvar 2 og fréttatengdir þættir – allt er þetta aðgengilegt á einum stað í einfaldri umgjörð og með skýrri framsetningu. Notendur vita að hverju þeir ganga þegar þeir heimsækja vísi.

visir.is

...ég sá það á visir.is



Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 21.15

10.5: Apocalypse
– Framhaldsmynd
mánaðarins, fyrri hluti

Hörkuspennandi stórslysa- mynd í tveimur hlutum. Griðarlega harður jarðskjálfti skekur vesturströnd Bandaríkjanna og veldur miklu tjóni. Jarðskjálftafræðingurinn Samantha Hill áttar sig á mikilli hættu þegar keðjuverkanir frá jarðskjálftanum ógna tveimur stærstu kjarnorkuverum landsins og milljónir manna gætu verið í lífshættu. Seinni hlutinn verður sýndur annað kvöld.



▶ VIÐ MÆLUM MED

Ciudad Real - Kiel
Sjónvarpið kl. 16.50

Úrslitaviðureign spænska liðsins Ciudad Real, sem Ólafur Stefánsson leikur með, og þýska liðsins Kiel. Hér mætast tvö bestu lið heims í einum stærsta handboltaleik ársins. Sunnudaginn 11. maí verður bein útsending frá síðari leik liðanna á heimavelli Kiel-liðsins.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.30 Árla dags	16.00 Síðdegisfréttir
06.40 Veðurfregni	16.08 Veðurfregni
08.00 Morgunfréttir	16.10 Úr tónlistarlífinu: Tónsnillingar morgundagsins
08.05 Morgunandakt	17.30 Úr gullkistunni
08.15 Tónlist á sunnudagsmorgni	18.00 Kvöldfréttir
09.03 Lárétt eða lóðrétt	18.26 Seiður og hélog
10.05 Veðurfregni	18.52 Dánarfregni og augýsingar
10.15 Í öðrum heimum - vísindaskáldskapur kvenna 1	19.00 Útúr nóttinni... og inni daginn
1.00 Guðsþjónusta í Hallgrímskirkju	20.00 Leynifélagið
12.00 Hádegisútlit	20.30 Brot af eilífðinni
12.20 Hádegisfréttir	21.10 Orð skulu standa
12.45 Veðurfregni	22.07 Veðurfregni
13.00 Listin og landafræðin	22.12 Orð kvöldsins
14.00 Hvað er að heyra?	22.15 Til allra átta
15.00 Útvarpsleikhúsið: Týnd tónlist um Ragnheiði og Daða	23.00 Andrárfurur
	00.07 Næturtónar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útlit Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útlit Latibær / Fjölskyldu útlit FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útlit Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

EXTRA

15.00 Hollyoaks Hágæða bresk unglingsápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester. Sérían er ein sú vinsælasta á Englandi þar sem hún hefur verið sýnd óslitið síðan 1995. 2006.

15.25 Hollyoaks

15.50 Hollyoaks

16.15 Hollyoaks

16.40 Hollyoaks

17.05 The Class (4:19)

19.00 Wildfire (6:13)

19.45 Extreme: Life Through a Lens

(13:13) Hér eru sagðar sögur stjarnanna í Hollywood í gegnum myndir sem hafa birst í stærstu fjölmiðlum og hafa haft áhrif á líf þeirra og feril.

20.30 Special Unit 2 (19:19)

21.15 X-Files (21:24)

22.00 Falcon Beach

22.45 American Dad (10:23)

23.10 Sjáðu

23.35 Skífulistinn

00.25 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV

ALLRA ALLRA... SÍÐASTI
DAGURINN Í DAG
SUNNUDAG :))

ERUM Í SUMARSKAPI

Opið í dag
13-17

ALLT AÐ

80%

AFSLÁTTUR

SETJUM INN NÝJAR VÖRUR Í DAG!

BARNAFATNAÐUR

ÓTRÚLEGT VERÐ Í DAG



EKKI MISSA
AF ÞESSU!

galleri húsið

Laugavegi 91

CENTRUM gs skór gallerisautján

BBC PRIME

9.00 Top Gear Xtra 10.00 The Weakest Link 11.00 Royal Opera House: The Nutcracker 13.00 Popcorn 14.00 Perfect Day: The Wedding 15.40 Perfect Day: The Millennium 17.20 Perfect Day: The Funeral 20.40 Top Gear Xtra 21.40 Top Gear Xtra 22.40 Top Gear Xtra 23.40 Royal Opera House: The Nutcracker 1.40 Sherlock Holmes & The Case of the Silk Stocking

DR 1

10.00 DR Update - nyheder og vejr 10.10 Boxen 10.25 OBS 10.30 SPAM 2008 11.00 SKUM TV 11.15 Flemmings Helte De Luxe 11.35 Family Guy 12.00 Gudstjeneste i DR Kirken 12.45 OBS 12.55 Venner på eventyr 13.25 Karate Kid 15.30 Sigurds Bjørnetime 16.00 Tæt på Dyrene 16.30 TV Avisen med Sport og Vejret 17.10 Landsbyhospitalet 18.00 Kongemordet 19.00 21 Søndag 19.40 SportNyt med SAS liga 19.50 JFK 22.50 Höök

NK1

9.15 VM ishockey 2008: Slovakia-Norge 11.50 Dávgi - Urfolksmagasín 12.10 Kingdóm 12.55 Motorsport: STCC 13.45 Med dans í bagasjen 14.15 Cullbergballetten 40 ár 15.00 Adresse Beograd 15.30 Apen himmel 16.00 Skrimmel Skrammel 16.30 Newton 17.00 Söndagsrevyen 17.45 Sportsrevyen 18.05 Fantastiske reiser 18.55 Philadelphia 21.00 Kveldsnytt 21.20 Rally: Rally Sorland 21.50 Lys vaken 23.10 Uka med Jon Stewart 23.35 Norsk på norsk jukeboks

SVT 1

9.00 Ví í femman 9.30 Niklas mat 10.00 Mitt í naturen 10.30 Debat 11.30 Juanes: en musikalísk resa 12.25 Arméns döttur 13.25 I love språk 14.25 Världen 15.25 Kulturfolkets historia 15.55 Anslagstavlan 16.00 Bolibörn 16.30 Infor Eurovision Song Contest 17.30 Rapport 18.00 Andra Avenyn 18.30 Sportspeglin 19.15 Agenda 20.10 Dysseleksi - blind, blást og bortgjord 20.40 Resan till Mars 21.10 Rapport 21.20 Barnmorskorna 21.50 Kobra 22.20 Svindlarna

HVAD SEGIR MAMMA?



„Hann er búinn að vera syngjandi og leikandi síðan hann gat talað og labbað. Hann kunnir öll ævintýrin utanbókar og fór í karakter. Hann er ofsalega ljúfur þessi elska og má ekkert aumt sjá. Hefur alltaf verið þannig.“

Guðbjörg Stefánsdóttir er móðir Eypórs Inga Gunnlaugssonar, sigurvegara í Bandinu hans Bubba.

HIN HLÍÐIN ÁRNI BEINTEINN ÁRNASON, LEIKSTJÓRI MEÐ MEIRU

Auga fyrir auga fékk rífandi undirtektir

Hvað er að fréttu? Allt glimrandi gott. Ég frumsýndi Auga fyrir auga á fimmtudaginn, troðfyllti sal 1 í Háskólabíói tvisvar sinnum og fékk rífandi góðar undirtektir.

Augnáttur: Annað er blátt og hitt er grænt.

Starf: Öll möguleg, ég hef prófað ýmislegt. Og er í skóla.

Fjölskylduhagir: Ég á ekki kærustu í augnablikinu, en á frábæra mömmu og góða fjölskyldu.

Hvaðan ertu? Ég er borgarbarn, fæddur og uppalinn í Reykjavík.

Ertu hjátrúarfullur? Já, ég myndi segja það. Ef það er eitthvað merki-legt að gerast er ég hjátrúarfullur, en ekki hversdagslega. Ef svartur köttur hlypi fyrir mig á frumsýningardegri myndi ég bílast.

Uppáhaldssjónvarpsþátturinn: Klárlega Næturvaktin, eigum við að ræða það eitthvað?

Uppáhaldsmatur: Grjónagratúrinn hans pabba.

Fallegasti staðurinn: Ég á mér engan uppáhaldsstað.

iPod eða geislaspilari: Ég er geislaspilaramaður. Ég hlusta bara á eina plötu í einu, á hverjum degi, stanslaust, þangað til ég kann hana utan að. Þá er geislaspilari betri.

Hvað er skemmtilegast? Að gera aðra glaða.

Hvað er leiðinlegast? Að valda öðrum vonbrigðum.

Helsti veikleiki: Hvað ég á erfitt með að segja nei við fólk.

Helsti kostur: Ég læt aðra dæma um það.

Helsta afrek: Þessa dagana er það líklega frumsýningin.

Mestu vonbrigðin: Þegar ég fattaði hvað tíminn líður hratt.

Hver er draumurinn? Að lifa lífinu hamingjusamur, sama hvað ég tek mér fyrir hendur.

Hver er fyndnastur/fyndnust? Úfff, Pétur Jóhann og Sveppi eru fyndnustu menn sem ég hef hitt.

Hvað fer mest í taugarnar á þér? Þegar fólk heldur einhverju fram, en ég veit betur.

Hvað er mikilvægast? Að vera góð manneskja.



Skiptar skoðanir á diskó- og pönksöngleik

Ástin er diskó, lífið er pönk, söngleikur Hallgríms Helgasonar, var frumsýndur í Þjóðleikhúsinu á fimmtudaginn. Þar er unglingsheimur Reykjavíkur í kringum 1980 sýndur í skoplegu ljósi með söng og dans og diskó- og pönklögum. Í salnum mátti sjá gamla pönkara og „diskara“. Hvernig leist þeim á?

„Við hjónin skemmtum okkur bæði mjög vel,“ segir Unnur Steinsson. „Ég var mikið í Hollywood, tók þátt í fegurðarsamkeppnum og sýndi tiskuföt og því endurupplíði ég ákveðið tímabil í lífi mínu í gegnum verkið. Ég held að fólk á mínu reki og yngra muni flykkjast á sýninguna, enda er tónlistin flott og krakkarnir sem leika flottir. Maður á að fara á þessa sýningu með það í huga að maður sé að fara að skemmta sér.“

Unnur er enn á diskólínunni í lífinu: „Pönkið kom og fór en diskóið lifið,“ segir hún. „Það má alltaf hafa gaman af diskóinu og þetta er ennþá aðal- danstónlistin. Pönk hlustaði ég hins vegar ekkert á fyrr en Bubbi startaði Egóinu.“

Skáldkonan Didda var í pönkbandinu Englaryk og samdi texta fyrir Vonbrigði, meðal annars

FLOTT TÓN- LIST, FLOTTIR KRAKKAR Unnur Steinsson skemmti sér vel.



HANGIÐ Í KLISJUNUM Didda var ekki yfir sig hrifin.

hið sígilda „Ó Reykjavík“. Hún deilir ekki skoðunum Unnar á söngleiknum. „Mér fannst þetta bara lélegt,“ segir hún. „Ég hefði valið öðruvísi í hlutverkin, til dæmis fengið Friðrik Ómar í staðinn fyrir Sveppa sem diskókóng. Sveppi er álika sexí og búálfur. Ég hefði skemmt mér betur ef leikararnir hefðu verið frá þessu tímabili og verið að leika niður fyrir sig í aldri. Mér fannst vanta mikið upp á skilning á attitjúdi pönkara. Það vantaði allt innsæi og virðingu fyrir þessari tónlist, enda sýningin unnin af mönnum sem fengu inngöngu í hvorugan hópinn. Þetta var allt voðalega einfaldað og bara hangið í klisjunum.“

Didda segist aldrei hafa verið almennilega á móti diskóinu. „Knock on Wood með Amy Stewart er til dæmis alveg frábært. En pönkið gaf manni brú inn í það að skoða fleira en bara það sem var spilað í útvarpinu.“



SIGMAR VILHJÁLMSOON Markaðsstjóri hins nýja símafyrirtækis segir það raunverulega ætla að lækka símreikningana.

SIGMAR VILHJÁLMSOON: ÆTLAR AÐ LÆKKA SÍMREIKNINGANA

Hive og Sko verða Tal

Síma- og netfyrirtækin HIVE og Sko hafa sameinast og samkvæmt heimildum Fréttablaðsins verður tilkynnt um nýtt nafn á fyrirtækinu um helgina. Nýja fyrirtækið mun bera hið gamalkunna nafn Tal. Sigmar Vilhjálmsson, sem margir þekkja betur sem Simma í Idol, er markaðsstjóri hins nýja fyrirtækis og hann segir aðspurður Tal vera hið besta nafn en neitar að staðfesta þetta. Til standi að halda fund með starfsmönnum, garðveislu hjá forstjóra fyrirtækisins, Hermann Jónassyni, seinna í dag og þar verði tilkynnt um fyrirhugaðar breytingar. Sigmar segir hins vegar ekkert launungarmál að hið nýja símafyrirtæki ætli að bjóða notendum þrjátíu prósentum lægra verð en nú tókast á heimasínum, gsm-sínum og adsl-tengingu.

„Við getum það því við erum með

minni yfirbyggingu, við skilgreinum okkur ekki sem tæknifyrirtæki heldur markaðs- og þjónustufyrirtæki. Kostnaður við framþróun á tæknilegum lausnum er mikill hjá þeim fyrirtækjum sem við stefnum nú ótraud í samkeppni við: Símann og Vodafone, en við ætlum að sleppa slíku og leggja áherslu á lægri símreikninga,“ segir Sigmar sem var staddur í Flórída þegar Fréttablaðið náði af honum tali. Hann bendir á að HIVE/Sko sé samkvæmt reikisamningum að keyra á sama dreifikerfi og Símann og Vodafone þannig að um sömu gæði sambands verði að ræða.

Teymi á 51 prósentu hlut í HIVE/Sko og Sigmar segir rétt að fyrirtækið sé að vissu leyti í samkeppni við sjálf sig á markaði en Teymi á einnig ráðandi hlut í Vodafone. „Við lítum þannig á að ekkert sé að því

að vera í harðri samkeppni við Vodafone, ekki frekar en að 24 stundir séu í samkeppni við Moggann eða Bónus við Hagkaup.“

Erfitt hefur reynst nýjum fyrirtækjum að hasla sér völl á þessum markaði en þar nýtur Símann ráðandi stöðu sinnar. Erfitt virðist vera að fá fólk til að færa sig milli fyrirtækja þrátt fyrir ýmis boð um lægri reikninga. Sigmar segir þetta rétt. „En við erum að tala um raunverulega lækkuð símreikninga. Og þegar sími og net eru orðin eitthvað sem menn komast vart af án og orðinn hlutfallslega hár útgjaldaliður hveirar fjölskyldu hljóta menn að fara að skoða betur reikningana. Og komast að raun um að ekki er svo mikið mál að færa sig á milli ef svo ber undir.“

jakob@frettabladid.is



Leynist þessi blaðakerra heima hjá þér?

Við erum að leita að blaðakerrum sem hugsanlega hafa ekki ratað aftur heim til sín eftir að blaðberastarfi lýkur.

Ef kerra eins og þessi á myndinni leynist heima hjá þér, láttu okkur þá vita og við komum og sækjum hana. Í þakklætisskyni fyrir tilkynninguna munum við færa þér frímiða í bíó.

Hafðu strax samband við dreifingardeild Fréttablaðsins í síma: 585 8300 / 585 8330 eða sendu tölvupóst á dreifing@posthusid.is

póst húsið

Pósthúsið ehf – Suðurhrauni 1 – 210 Garðabær – www.posthusid.is


Nýtt myndband frá Garðari

Nýtt myndband tenórsins Garðars Thors Cortes við lagið When You Say You Love Me er komið á netið og er hægt að nálgast það bæði á Myspace-síðu hans og á Youtube.com. Lagið verður að finna á væntanlegri plötu Garðars Thors sem heitir einmitt When You Say You Love Me og kemur út 23. júní.

Myndbandið er tekið upp að öllu leyti á Englandi og sýnir Garðar við upptökur á laginu ásamt sinfóníuhljómsveit, auk þess sem skyggst er á bak við tjöldin á tónleikaferðalagi hans.

Garðar hefur verið duglegur að undanförunni við að kynna plötuna og fram undan hjá honum eru viðtöl við hin ýmsu dagblöð, þar á meðal Sunday Times og Surrey Live Magazine. Einnig mun hann flytja nýja lagið sitt í þættinum This Morning á sjónvarpsstöðinni ITV1 22. maí næstkomandi.

GARÐAR THOR CORTES Garðar Thor sendir frá sér sína aðra sólóplötu í næsta mánuði.





LAGERSÖLUNNI LÝKUR Í DAG

Í LAGERHÚSNÆÐINU HOLTAGÖRÐUM (SJÁ KORT)

VERÐHRUN KOMIÐ OG PRÚTTIÐ

BORÐSTOFUBORÐ FRÁ KR. 10 ÞÚS
BORÐSTOFUSTÓLAR FRÁ KR. 3 ÞÚS
SÓFAR FRÁ KR. 20 ÞÚS

60-90%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VÖRUM
Á LAGERSÖLUNNI

ÓPIÐ: SUNNUDAG 12-18

TEKK
COMPANY

Sími 564 4400 | Fax 564 4435 | TEKK@TEKK.IS



BAKPANKAR
Práins
Bertelssonar

Einkunnir í tossabekk

Mráðherra að vinna sér inn virðingu hjá þjóð sinni fyrir vinnu-semi, hugmyndaauðgi, mann-gæsku, verklagni, heidarleika og fleiri kosti er það fræðandi hjá fyrirtæki eins og Capacent að birta vorprófseinkunnir úr Skóla lífsins fyrir þá sem nú stjórna landinu, um sama leyti og próf-lestrarhrina brestur á hjá skóla-fólki. Capacent notast við gamla góða einkunnaskalann frá 0-10 og gefur einkunn fyrir þá ánægju sem ríkir með störf ráðherranna:

NEÐSTUR í bekknum er Árni Mathiesen fjármálaráðherra sem fær 0,8 í einkunn. Aðeins 8% kjósenda eru ánægð með störf hans og segir það sína sögu um námsgáfur og vinnuaðferðir. Björn Bjarnason dómsmálaráðherra er litlu betur staddur en fjármálaráðherrann og fær 1,5 í einkunn. Forsætisráðherrann, Geir H. Haarde, er líka langt frá því að standast prófið með 3,5 í einkunn. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra er næst því að ná prófi, en hún fær 4,6 í einkunn og vantar bara 0,4 til að skriða í lágmarks-einkunn.

HIN iðjusama Jóhanna Sigurðardóttir er ljósið í bekknum og fær 6,0 í einkunn. Hinn ungi viðskiptaráðherra Björgvin G. Sigurðsson slefar í 4,0; hann fær 0,5 meira en forsætisráðherrann en vantar samt 1 heilan upp á að ná lágmarkseinkunn. Kristján Möller er í hópi verstu tossana með 2,2, fær þó 3 kommu meira en dr. Óssur Skarphéðinsson sem rekur lest þeirra Samfylkingarnema sem komast á blað með 1,8 í einkunn.

ÞAÐ skal tekið fram að Ríkisútvarpið birti ekki einkunnir allra ráðherranna og hlífði aðstandendum þeirra sem engum tókum hafa náð á störfum sínum við því að birta einkunnir þeirra, þar á meðal eru: Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra, og eins og búast mátti við Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra og einhver Þórunn Sveinbjarnardóttir sem mun vera umhverfisráðherra. Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra var líka í þessum einkunnalausna hópi sem virðist þurfa á sérkennslu að halda.

EF þetta væru börnin manns væri ástæða til að hafa verulegar áhyggjur af framtíðinni. En þetta er bara starfslíðið sem við höfum valið til að stjórna landinu okkar í augnablikinu.



Flug
+ bíll

Evrópa á þínum vegum

Express ferðir bjóða flug og bíl frá Hertz á frábærum tilboðskjörum, verð frá **39.900 kr.*** Um er ræða flug til Frankfurt Hahn, Eindhoven, Basel og Parísar og í boði að fljúga til eins þessara áfangastaða og heim frá öðrum. Ferðatímabilið er 15. maí til 15. júní.

Evrópa hefur upp á margt að bjóða, við mælum sérstaklega með þessum leiðum:



Rómantíska leiðin

- **Flogið til Frankfurt Hahn**
- **Wurzburg**
Heimabær Konráðs Röntgens. Hér er tilvalið að dreyfa á Franken-vínunum.
- **Rothenburg ob der Tauber**
Borgin þar sem Pýrnirós svaf í heila öld.
- **Augsburg**
Borg Ágústínusar keisara, einnig merkar minjar um Hansakaupmenn.
- **Neuschwanstein**
Einn þekktasti kastali heims.
- **Füssen**
Útsýni yfir þýsku Alpna.
- **Kempten**
Forn rómversk borg, einstakt verðlag.
- **Lindau**
Yndislegur bær við Bodenvatn.
- **Bern**
Höfuðborg Sviss, frábær dýragarður og afþreying fyrir alla fjölskylduna.
- **Flogið heim frá Basel**

Vínatan fræga

- **Flogið til Frankfurt Hahn**
Strasbourg
Dómkirkjan, sigling á Ill og Gutenberg-torgið.
- **Ribauville**
Vinsmökkun og huggulegheit.
- **Riquewihl**
Dásamlegur bær í miðaldastíl, vinstofur á hverju horni.
- **Kaysersberg**
Fæðingarhús Albert Schweizer.
- **Colmar**
Fenevjar Frakklands og heimabær Frédéric Bartholdi, hönnuðar Frelsisstyttnar í New York.
- **Freiburg**
Ein elsta borg Þýskalands og tilvalið að skella sér í Europark-skemmtigarðinn sem er skammt frá.
- **Flogið heim frá Basel**

Frakkland fyrir alla fjölskylduna

- **Flogið til Parísar**
- **Rouen**
Jóhanna af Örku var brennd á báli í hinni frægu Rúðuborg.
- **Dinkirk og Bretagne-skaginn**
Omaha-ströndin þar sem hin sögufræga innrás Bandamanna átti sér stað í seinni heimsstyrjöldinni.
- **Paimpol**
Skemmtilegur lítill bær, falleg höfn og vinsæl strönd.
- **St. Malou**
Algjör paradís, stór og heillandi höfn setur mikinn svip á bæinn.
- **Belgía**
Brugge, gamli miðbærinn er á heimsminjaskrá UNESCO.
- **Brussel**
Saga, söfn, góður matur og auðvitað ESB.
- **Flogið heim frá Eindhoven**

GÓÐAN DAG!
Í dag er sunnudagurinn 4. mars,
125. dagur ársins.

Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	4.49	13.24 21.59
Akureyri	4.20	13.09 22.01

Heimild: Almanak Háskólans



*Flug með sköttum og öðrum greiðslum. Bílaleigubíll frá Hertz, m.v. 4 í bíl í 7 daga. Ótakmarkaður akstur og kaskó. Peugeot 307, Ford Focus eða sambærilegur bíll.

Nánar á expressferdir.is eða í síma 5 900 100

Express ferðir Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express